

Norðausturvegur (85-02) í Þingeyjarsveit


Um Skjálfandafljót í Kinn

Viðaukar 1-7 og fylgiskjöl 1-2 með kynningarskýrslu

Vegagerðin
Janúar 2024

- Viðauki 1.** Náttúrustofa Norðausturlands, 2020. *Fuglalíf við nýjan Norðausturveg um Skjálfandafljót*. NNA-2008. Aðalsteinn Örn Snæpórsson og Yann Kolbeinsson. Húsavík, desember 2020.
- Viðauki 2.** Náttúrustofa Norðausturlands, 2023. *Minnisblað*. Aðalsteinn Örn Snæpórsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson. Húsavík, nóvember 2023.
- Viðauki 3.** Mannvit, 2023. *Jarðvegsnáma í Kinn við Skjálfandafljót*. Minnisblað – *Ásýndargreining*. 1681299-000-BRP-0001. 2. júní 2023.
- Viðauki 4.** Mannvit, 2023. *Landslags- og ásýndargreining, Ný veglína um Skjálfandafljót*. 1681299-000-BRP-0001. Nóvember 2023.
- Viðauki 5.** Hafrannsóknastofnun, 2023. Áhrif af endurnýjunar brúar á Skjálfandafljóti, Rangár og Öxará á botn og lífríki í vatni. Verkefni unnið fyrir Vegagerðina 2023. Guðni Guðbergsson. Reykjavík.
- Viðauki 6.** Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023. *Úttekt á gróðurfari, skriðuhættu og jarðminjum vegna fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar í Þingeyjarsveit*. Unnið fyrir Vegagerðina. Pawel Wasowicz, Skafti Brynjólfs-son, Ingvar Atli Sigurðsson og Aníta Ósk Áskelsdóttir. NÍ-23003. Akureyri, nóvember 2023.
- Viðauki 7.** Búnaðarsamband Eyjafjarðar, 2023: Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Kinn. Akureyri. Rannsóknarskýrslur 2023/6

-
- Fylgiskjal 1.** *Votlendismælingar og útreikningar*. Hönnunardeild. Vegagerðin. Akureyri desember 2023. Minnisblað, 1 bls.
- Fylgiskjal 2.** Verndargildi Landvistgerða. Náttúrufræðistofnun Íslands, nóvember 2023. Unnið fyrir Vegagerðina.

 Náttúrustofa Norðausturlands		Hafnarstétt 3 640 Húsavík Sími: 464 5100	www.nna.is nna@nna.is
Skýrsla nr. NNA-2008	Dags. Desember 2020	Dreifing: Takmörkuð í eitt ár frá útgáfu.	
Heiti skýrslu/aðal- og undirtitill: Fuglalíf við nýjan Norðausturveg um Skjálfandafljót		Upplag: Rafræn útgáfa	
		Síðufjöldi: 10	
		Fjöldi viðauka:	
Höfundar: Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Yann Kolbeinsson			
Unnið fyrir: Vegagerðina			
Samstarfsaðilar:			
<p>Samantekt:</p> <p>Vegagerðin áformar að leggja nýjan Norðausturveg um Skjálfandafljót. Nýr vegur mun víkja frá þeim sem fyrir er á tveimur svæðum. Annars vegar þar sem hann þverar Skjálfandafljót um miðjan Staðarbakka milli Torfuness og Húsabakka og hins vegar norðan við Garðsnúp í Aðaldal þar sem nýr vegur fer um hraun nokkru norðan við núverandi veg. Þá yrði gerð ný tenging við Útkinnarveg af þessum nýja vegi. Náttúrustofa Norðausturlands var fengin til að kanna fuglalíf á þessu svæði og meta áhrif nýs vegar á það.</p> <p>Nýr Norðausturvegur við Skjálfandafljót mun fara um ríkulegt og fjölbreytt fuglasvæði og hafa mikil áhrif á það. Fuglum svæðisins mun fækka vegna skerðingar búsvæða, skiptingar þeirra í minni búta (<i>e. habitat fragmentation</i>), fælingaráhrifa frá umferð og aukinna affalla vegna ákeyrslu. Svæðið er hins vegar ekki það stórt að áhrif framkvæmdarinnar hafi áhrif á stofnstærðir þeirra tegunda sem fundust á svæðinu. Framkvæmdin er þó hrein viðbót við skerðingu búsvæða fugla vegna samgöngumannvirkja á svæðinu. Mikilvægi svæðisins fyrir fugla felst fyrst og fremst í miklum þéttleika og fjölbreytni fremur en sjaldgæfum eða viðkvæmum tegundum. Kjói hefur hæstu verndarstöðu fugla á svæðinu en fyrirhugaður vegur mun raska tveimur óðulum. Ef af framkvæmdinni verður mætti draga út áhrifum með mótvægisáðgerðum sem fælu í sér endurheimt búsvæða sem hentar þeim tegundum sem fyrir áhrifum verða. Full ástæða er til að vakta áhrif vegarins á fuglalíf, ef af framkvæmdum verður.</p>			
Lykilorð: Vegagerð, fuglar, umhverfisáhrif, Þingeyjarsýslur, Norðausturland		Yfirfarið: ÞLP, SGS	

FUGLALÍF VIÐ NÝJAN NORÐAUSTURVEG UM SKJÁLFANDAFLJÓT

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Yann Kolbeinsson

Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina

NNA-2008

Húsavík, desember 2020



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Rannsóknasvæðið og aðferðir	3
Niðurstöður	6
Umræður	7
Samantekt	9
Þakkir	9
Heimildir	10

INNGANGUR

Vegagerðin óskaði eftir því að Náttúrustofa Norðausturlands kannaði fuglalíf við nýtt vegstæði Norðausturvegar, þjóðvegur 85, um Skjálfandafljót í Kinn og gæfi álit á áhrifum þessarar vegaframkvæmdar á fuglalíf. Vettvangsathuganir miðuðust við að fá góða sýn á varpfugla svæðisins, bæði mófugla á vegstæðinu en einnig vatnafugla á tjörnum og Skjálfandafljóti. Hér er greint frá niðurstöðum athugana sem fram fóru sumarið 2020.


RANNSÓKNASVÆÐIÐ OG AÐFERÐIR

Fyrirhuguð leið Norðausturvegar mun víkja frá núverandi vegstæði á tveimur svæðum (1. mynd). Annars vegar færi hún til norðausturs frá núverandi vegi, stutt norðan við Torfunes og aftur inn á hann rétt sunnan við Húsabakka. Þar færi hún um votlent sléttlendi dalbotnsins, hér eftir kallað „mýrlendið“ (2. mynd), yfir hólmann Staðarbakka (3. mynd) og Skjálfandafljót. Tveir mismunandi valkostir eru á þessu svæði sem víkja mest um 200 m frá hvor öðrum. Þá yrði gerð ný tenging við Útkinnarveg frá þessari leið um 500 m sunnan við Staðarbakka sem kæmi inn á núverandi Útkinnarveg um 400 m norðan við Staðarholt. Hins vegar norðan við Garðsnúp í Aðaldal en þar færi nýja leiðin um hraun nokkru norðar en núverandi veglína, hér eftir kallað „hraunið“ (4. mynd). Tveir mögulegir valkostir eru á leiðinni um hraunið og munar um 500 m á þeim þar sem lengst er. Þessar leiðir kæmu svo inn á núverandi veg aftur um 1,5 km norðan við Tjörn.

Fuglaathuganir miðuðust annars vegar við að kanna fuglalíf á og í næsta nágrenni þessara nýju leiða Norðausturvegar og hins vegar að kanna fuglalíf í Staðarbakka. Staðarbakki er vel gróinn hólmi í Skjálfandafljóti, rúmur 1 km² að stærð. Hann er umlukinn vatni að vor- og sumarlagi og því komast refir ekki út í hann á þeim tíma. Það myndi breytast með nýjum vegi þar sem hann kæmi til með að opna fyrir leið refa út í hólmann. Því var talið nauðsynlegt að kanna fuglalíf hans nákvæmlega.

Fuglalíf á fyrirhuguðum veglínunum var kannað með þeim hætti að athugandi gekk með veglínunni og skráði hjá sér fugla svæðisins. Talningapunktum var raðað út eftir fyrirhugaðri vegleið með 300 m millibili, alls 28 punktar. Á hverjum punkti fór fram talning á þeim fuglum sem sáust/heyrðist í á svæðinu til að fá mat á þéttleika þeirra. Á hverjum punkti dvaldi athugandi í nákvæmlega 5 mínútur við fuglaathuganirnar. Allir fuglar sem sáust innan 200 m voru skráðir, tegund og atferli greint og fjarlægð í hvern fugl mæld með fjarlægðarmæli (nákvæmni 1 m). Fjarlægð var ekki mæld í fugla sem flugu hjá og nýttu svæðið ekki að öðru leyti. Talningar fóru fram þann 8. júní 2020 á milli kl. 6:30 og 10:00. Niðurstöður talninganna voru færðar inn í tölfræðiforritið Distance til að reikna út þéttleika fuglanna (Thomas o.fl. 2010). Reiknaður var þéttleiki fyrir þær tegundir sem höfðu að minnsta kosti 10 fjarlægðarmælingar að baki sér.


Staðarbakki var allur myndaður úr lofti með flygildi þann 28. maí 2020 til að hægt væri að meta stærð gæsavarps í honum ef slíkt væri til staðar. Við vettvangsathuganir í Staðarbakka dagana 8. og 12. júní 2020 kom þó í ljós að þar var ekki mikið gæsavarp. Því var ekki farið í þá tímafreku vinnu að greina gæsahreiður af loftmyndum. Þrír menn gengu í hvort skipti með um það bil 40 m millibili reglulega fram og til baka yfir Staðarbakka. Allir fuglar sem sáust voru taldir og hreiður hnitsett. Aðeins voru taldir þeir hrossagaukar sem fældir voru upp en ekki fuglar á söngflugi, því erfitt var að greina hvort óðalið var innan eða utan Staðarbakka. Fuglar á Skjálfandafljóti í kring um Staðarbakka voru einnig taldir.



1. mynd. Nýir veglínukostir Norðausturvegar við Skjálfafljót, ásamt tengingu við Útkinnarveg. Rauðar dopper eru talningapunktur. Kortið byggir á grunni Landmælinga Íslands



2. mynd. Dæmi um búsvæði í mýrlendinu. Þar skiptast á misblaut svæði, tjarnir og skurðir með vatni í.



3. mynd. Dæmi um búsvæði í Staðarhólma. Meiri hluti hólms er vaxinn lágvöxnum kvistgróðri, aðallega loðvíði og fjalldrapa en víða hærrí birkitré.



4. mynd. Dæmi um búsvæði í hrauninu. Kvistmói, víða með birkikjarri og gróft hraun inn á milli.

NIÐURSTÖÐUR

Við fuglaathuganir sáust alls 27 tegundir (1. tafla). Þar á meðal var kjói, sem flokkaður er sem tegund í hættu (EN) og kría sem flokkuð er í nokkurri hættu (VU) á valista fugla frá 2018 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020a). Þrjár tegundir, rjúpa, stelkur og silfurmafur, eru flokkaðar í yfirvofandi hættu á valista. Aðrar tegundir eru ekki metnar í hættu (LC) á valista eða voru ekki metnar við gerð hans vegna skorts á gögnum (DD). Níu tegundir teljast ábyrgðartegundir Íslands sem merkir að a.m.k. 20% Evrópustofns þeirra nýti Ísland til varps eða sem viðkomustað á ferðum sínum til og frá norðlægari varpstöðvum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020b). Sjö tegundir eru í viðauka II við Bernarsamninginn sem Ísland er aðili að (Stjórnarráð Íslands 2020). Það merkir að Íslandi ber að friða viðkomandi tegundir og vernda búsvæði þeirra.

Þéttleiki mófugla var 153 fuglar á km² (95% öryggismörk 99-234) og var þúfuttlingur þeirra algengastur. Nokkur munur var á svæðum en gögnin voru of lítil til að reikna þéttleika eftir svæðum. Í mýrlendinu sáust fleiri fuglar á talningapunkti en í hrauninu og þar voru jaðrakan og spói algengustu vaðfuglategundirnar. Í hrauninu voru heiðlóa og hrossagaukur algengustu vaðfuglarnir. Á báðum svæðum voru þúfuttlingar og skógarprestir mjög algengir. Mikið var af vatnafuglum í mýrlendinu, meðal annars tvær rauðhöfðaendur með unga og urtandarkolla sem sýndi ungaatferli. Erfitt er að fá nákvæma heildartölu á vatnafugla á þessu svæði vegna þess hve landið er flatt og gróið runnagróðri. Þeir vatnafuglar sem sáust við fuglaathuganir benda til að varp anda og grágæsa í mýrlendinu skipti tugum para. Nokkrir kjóar sáust við fæðuöflun og á tveimur stöðum voru pör með atferli sem benti

eindregið til varps. Bæði þessi pör voru í mýrlendinu nærri Skjálfandafljóti, annað við fyrirhugaðan Norðausturveg en hitt við fyrirhugaða tengingu við Útkinnarveg.

Í Staðarbakka voru þúfuttlingur, hrossagaukur og skógarþröstur algengastir og fjöldi rjúpna kom á óvart. Aðeins fundust 4 grágæsahreiður sem bendir ekki til mikils varps. Öll hreiðrin voru með eggjum en á þessum tíma ætti meirihluti grágæsa að vera búinn að unga út. Útleidd hreiður finnast mun síður við göngu þar sem mikið er um runna og aðra góða hreiðurstaði. Þar sem aðeins var að meðaltali 40 m á milli manna við göngu um Staðarbakka er þó ljóst að þau geta ekki hafa verið mörg. Grágæsavarp í Staðarbakka er því talið geta skipt fáeinum tugum hreiðra, í hæsta lagi 50. Sama má segja um endur. Aðeins fundust hreiður rauðhöfðaanda en líklegt er að þar verpi fleiri tegundir og samanlagt varp gæti skipt fáum tugum hreiðra. Fáeinir kríur sáust og voru þær allar á flugi yfir Skjálfandafljóti og ekkert sem benti til varps þeirra.

1. tafla. Fuglar sem sáust við fuglaathuganir vegna nýs Norðausturvegar um Skjálfandafljót dagana 8. og 12. júní 2020 og verndarstaða þeirra. Gefinn er þéttleiki mófugla (fuglar/km²) ásamt 95% öryggismörkum á talningapunktum á veglínukostum. Þar sem færri en 10 fuglar á talningapunktum er gefinn heildarfjöldi. Heildarfjöldi andfugla sem sáust við punkttalningar á veglínunum er einnig tilgreindur. Í Staðarbakka er heildarfjöldi fugla tilgreindur. Í töflunni eru eftirfarandi tákn notuð; p = par, s = karlfugl, k = kvenfugl, f = fullorðinn fugl og u = ungi.

	Válisti	Ábyrgðar- tegund	Bernar- samningur	Veglínur	Staðarbakki
Rjúpa – <i>Lagopus muta</i>	NT			1	8 s, 1 k
Grágæs - <i>Anser anser</i>	LC			fáir tugir	67 f, 3 u, 4 h
Heiðagæs - <i>Anser brachyrhynchus</i>	LC	x			18 f, flugu í gegn
Álft - <i>Cygnus cygnus</i>	LC		x		2 p, 1 h
Rauðhöfðaönd - <i>Mareca penelope</i>	LC			10 s, 3 k + 2 k/18u	7 s, 4 k + k/1 u, 4 h
Stökkönd - <i>Anas platyrhynchos</i>	LC			1 p	2 s
Urtönd - <i>Anas crecca</i>	LC			3 s og æst k	1 s
Skúfönd - <i>Aythya fuligula</i>	LC				1 p
Straumönd - <i>Histrionicus histrionicus</i>	LC	x	x		1 p
Toppönd - <i>Mergus serrator</i>	LC				1 p, 1 s
Heiðlóa - <i>Pluvialis apricaria</i>	LC	x	x	23 (13-42)	12 (1 h)
Sandlóa - <i>Charadrius hiaticula</i>	LC	x			1
Spói - <i>Numenius phaeopus</i>	LC	x		11 (6-18)	8
Jaðrakan - <i>Limosa limosa</i>	LC	x		17 (8-36)	8 (1 h)
Lóuþræll - <i>Calidris alpina</i>	LC	x	x	1	1
Hrossagaukur - <i>Gallinago gallinago</i>	LC			22 (13-38)	71
Óðinshani - <i>Phalaropus lobatus</i>	DD		x	7	7
Stelkur - <i>Tringa totanus</i>	NT	x		3,2 (1,5-7)	3
Silfurmafur - <i>Larus argentatus</i>	NT				2 flugu í gegn
Sílamáfur - <i>Larus fuscus</i>	DD				2 flugu í gegn nokkrar
Kríá - <i>Sterna paradisaea</i>	VU	x	x		
Kjóí - <i>Stercorarius parasiticus</i>	EN			3,3 (1,3-8,5)	
Lómur - <i>Gavia stellata</i>	LC		x	1	2
Skógarþröstur - <i>Turdus iliacus</i>	LC			24 (15-41)	43 (1 h)
Steindepill - <i>Oenanthe oenanthe</i>	LC			heyrt	
Þúfuttlingur - <i>Anthus pratensis</i>	LC			61 (41-90)	72
Auðnutittlingur – <i>Acanthis flammea</i>	LC			heyrt	

UMRÆÐUR

Margar rannsóknir hafa farið fram erlendis á áhrifum vega á fuglalíf (sjá Fahrig og Rytwinski 2009, Kociolek o.fl. 2011) og ein hér á landi (Böðvar Þórisson o.fl. 2019). Niðurstaða íslensku rannsóknarinnar sýndi að þéttleiki fugla var minnstur næst vegum og jókst marktækt upp að 400 m fjarlægð. Fjær var ekki skoðað. Einnig kom í ljós að áhrifin á þéttleika fugla voru meiri þar sem umferðarþungi var mikill. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir (Benítez-Lopez o.fl. 2010) þar sem ástæðan er ýmist talin

sú að fuglar forðist vegi eða afföll valdi þéttleikamuninum. Þrátt fyrir aukin áhrif með meiri umferðapunga er talið heppilegra að hafa fáa umferðapunga vegi en marga smærri til að bera sömu umferð (Husby 2017).

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvort vegir geti haft áhrif á stofna fugla sýna að áhrifin eru mjög misjöfn eftir tegundum og geta verið jákvæð eða neikvæð (Fahrig og Rytwinski 2009). Erlendis hefur verið sýnt fram á neikvæð áhrif vega á stofna jaðrakans, stelks, þúfutittlings og steindepils (Reijnen o.fl. 1996, Peris og Pescador 2004). Þetta eru allt algengar mófuglategundir hérlendis en hafa ber í huga að aðstæður geta verið mjög misjafnar milli landa.

Nýr Norðausturvegur um Skjálfandafljót er ekki það langur vegakafli (um 10 km) að lagning hans geti haft mælanleg áhrif á stofna fugla á lands- eða héraðsvísu. Hann er hins vegar partur af stærri heild vegakerfis í landinu sem gæti haft áhrif á stofna á landsvísu. Fyrir alla framtíðaruppbyggingu vegakerfis er mikilvægt að eyða óvissu um heildaráhrif en til þess skortir rannsóknir.

Þessi nýi vegur er hrein viðbót við það vegakerfi sem fyrir er á svæðinu þar sem ekki er gert ráð fyrir að fjarlægja þá vegi sem fyrir eru. Þó áhrif þeirra vega á fuglalíf muni minnka vegna minni umferðar þá munu þau ekki hverfa og þeir halda áfram að taka pláss og slíta í sundur búsvæði fugla. Það svæði sem nýr Norðausturvegur mun fara um er yfir meðallagi ríkt af fuglum, bæði tegundum og einstaklingum. Meðalfjöldi fugla á talningapunkti er aðeins hærri en mælist í mófuglavöktun Náttúrustofu Norðausturlands í Þingeyjarsýslum þó svæðin í þeirri vöktun hafi verið valin að miklu leyti m.t.t. fuglalífs (Yann Kolbeinsson o.fl. 2018). Ef gert er ráð fyrir að um 50 m breitt belti verði óbyggilegt fuglum tapast 0,5 km² af búsvæðum. Það merkir að 77 mófuglar tapi búsvæðum sínum við fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir. Til viðbótar þessu má gera ráð fyrir fækkun fugla vegna fælingar sem mögulega hefur meiri áhrif miðað við íslenskar rannsóknir á áhrifum vegaumferðar á fuglalíf. Þá gæti vegagerð breytt vatnsbúskap mýrlendisins með framræslu. Það hefði bæði áhrif á mófuglana og fáa tugi anda sem eru í mýrlendinu.

Kjóí hefur hærri verndarstöðu á valista en aðrar tegundir sem sáust, skráður sem tegund í hættu (VU). Fækkun hans á landsvísu er talin fyrst og fremst tilkomin vegna fæðuskorts (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020a). Óvíst er hve mikil áhrif nýr vegur muni hafa á kjóa en tveir varpstaðir voru mjög nærri veglínu. Auk þess sáust kjóar í ætisleit þannig að þeir nýta svæðið ekki eingöngu sem varpstað heldur einnig til fæðuöflunar. Reiknuð stofnstærð kjóa á Íslandi er 11.000 pör (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2017) og því er um mjög lítinn hluta hans að ræða. Full ástæða er þó til að fylgjast með áhrifum vegarins, ef af framkvæmdum verður, á kjóa vegna hárrar verndarstöðu hans og óvissu um áhrif.

Kríá er skráð sem tegund í nokkurri hættu á valista auk þess að vera ábyrgðartegund Íslands og í viðauka II Bernarsamningsins. Ekkert kríuvarp fannst á svæðinu en þeir fuglar sem sáust voru líklega á ferðalagi milli fæðu- og varpstöðva. Nýr Norðausturvegur um Skjálfandafljót er talinn hafa óveruleg áhrif á kríu þar sem mikilvægi svæðisins fyrir tegundina er talið lítið.

Ísland hefur margar ábyrgðartegundir, sérstaklega í hópi vaðfugla. Stafar það af stórum stofnun þessara tegunda hér á landi. Auk þess falla nokkrar þeirra undir Bernarsamninginn. Þessi framkvæmd mun ekki hafa áhrif á svo stóra stofna en rétt að minna á samlegðaráhrif og háan þéttleika svæðisins. Full ástæða er til að fylgjast með áhrifum vegarins, ef af framkvæmdum verður, á vaðfugla vegna þess hversu mikilvægu búsvæði væri raskað.

Straumönd er ábyrgðartegund Íslands auk þess að vera forgangstegund Bernarsamningsins. Hún er ekki á valista en talningar í Þingeyjarsýslum benda til fækkunar síðustu ár (Yann Kolbeinsson o.fl. 2018). Aðeins eitt par sást og ekki hægt að útiloka varp. Þá er líklegt að straumendur fljúgi eftir ánni til og frá varpstöðvum ofar á vatnasviði Skjálfandafljóts (Aðalsteinn Örn Snæþórsson o.fl. 2014 og 2016). Að öllum líkindum munu straumendur fljúga undir nýja brú ef af framkvæmdum verður. Nýr vegur er ekki talinn spilla hugsanlegum fæðu- eða varpstöðvum straumandar. Framkvæmdin er því ekki talin hafa áhrif á straumönd.

Álft og lómur eru bæði forgangstegundir Bernarsamningsins. Stofnar þeirra beggja eru stórir og hafa farið stækkandi undanfarin ár (Hall o.fl. 2016, Yann Kolbeinsson o.fl. 2018). Fyrirhuguð vegagerð er ekki talin hafa áhrif á fæðu- eða varpstöðvar þessara tegunda.

Ný brú með meiri umferðarhraða en núverandi brú gæti skapað aukna hættu á árekstrum bíla og vatnafugla sem fljúga upp og niður eftir ánni. Rannsóknir á slíkum áhrifum hafa ekki verið gerðar hér á landi en mismunandi tegundir fljúga gjarnan í mismikilli hæð. Óvissa ríkir því um áhrif þessa á vatnafugla.

Að lokum má geta þess að Staðarbakki er eyja umflotin jökulvatni yfir vor og sumartímenn þegar mest er í Skjálfandafljóti. Slíkar eyjur eru oft vinsælar sem varpstaðir fugla, sérstaklega vatnafugla eins og fram kom í þessari athugun. Vegtenging við Staðarbakka mun auðvelda tófum að komast út í Staðarbakka, sem gæti haft áhrif á varp fugla þar. Rannsóknin sýndi þó fram á að fuglalíf í Staðarbakka virðist ekki ríkulegra en í næsta nágrenni í mýrlendinu, nema þá helst hvað hrossagauk varðar.

SAMANTEKT

Nýr Norðausturvegur við Skjálfandafljót mun fara um ríkulegt og fjölbreytt fuglasvæði og hafa mikil áhrif á það. Fuglum svæðisins mun fækka vegna skerðingar búsvæða, skiptingar þeirra í minni búta (*e. habitat fragmentation*), fælingaráhrifa frá umferð og aukinna affalla vegna ákeyrslu. Svæðið er hins vegar ekki það stórt að áhrif framkvæmdarinnar geti haft áhrif á stofnstærðir þeirra tegunda sem fundust á svæðinu. Framkvæmdin er þó hrein viðbót við skerðingu búsvæða fugla vegna samgöngumannvirkja á svæðinu. Mikilvægi svæðisins fyrir fugla felast fyrst og fremst í miklum þéttleika og fjölbreytni fremur en sjaldgæfum eða viðkvæmum tegundum. Kjói hefur hæstu verndarstöðu fugla á svæðinu en fyrirhugaður vegur mun raska tveimur óðulum. Ef af framkvæmdinni verður mætti draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum sem fælu í sér endurheimt búsvæða sem hentar þeim tegundum sem fyrir áhrifum verða. Full ástæða er til að vakta áhrif vegarins á fuglalíf, ef af framkvæmdum verður.

ÞAKKIR

Snæþór Aðalsteinsson aðstoðaði við vettvangsvinnu. Þorkell Lindberg Þórarinsson las yfir handrit.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Yann Kolbeinsson, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2014. *Fuglalíf á áhrifasvæði Sprengisandslínu og Sprengisandsleiðar*. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1405.
- Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2016. *Endur á vatnasviði Svartár og Suðurár í Bárðardal*. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1605.
- Benítez-López, A., R. Alkemade & P.A. Verweij 2010. *The impacts of roads and other infrastructure on mammal and bird populations: A meta-analysis*. *Biological Conservation* 143: 1307-1316.
- Böðvar Þórisson, Aldís E. Pálsdóttir og Tómas G. Gunnarsson 2019. Áhrif umferðar á fuglalíf. Styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Háskóli Íslands.
- Fahrig, L. & T. Rytwinski 2009. *Effects of Roads on Animal Abundance: an Empirical Review and Synthesis*. *Ecology and Society* 14(2): 21
- Hall, C., O. Corwe, G. McElwaine, Ó. Einarsson, N. Calbrade & E. Rees 2016. *Population size and breeding success of the Icelandic Whooper Swan Cygnus cygnus: results of the 2015 international census*. *Wildfowl* 66: 75-97.
- Husby, M. 2017. *Traffic influence on roadside bird abundance and behaviour*. *Acta Ornithologica* 52(1): 93-103.
- Kociolek A.V., A.P. Clevenger, C.C. St. Clair & D.S. Proppe 2011. *Effects of Road Network on Bird Populations*. *Conservation Biology* 25(2): 241-249.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. Rafræn útgáfa leiðrétt í nóvember 2017. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2020a. *Válisti fugla*. Skoðað á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 9. des 2020. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2020b. *Forgangstegundir fugla*. Skoðað á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands 9. des 2020. <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>.
- Peris, S.J. & M. Pescador 2004. *Effects of traffic noise on passerine populations in Mediterranean wooded pastures*. *Applied Acoustics* 65: 357-366.
- Reijnen, R., R. Foppen & H. Meeuwssen 1996. *The effects of traffic on the density of breeding birds in Dutch agricultural grassland*. *Biological Conservation* 75: 255-260.
- Stjórnarráð Íslands 2020. Alþjóðlegir umhverfissamningar – Bernarsamningur. Skoðað á vef Stjórnarráðs Íslands 16.12.2020. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2002/12/27/Althjodlegir-umhverfissamningar-Bernarsamningur/>.
- Thomas, L., S.T. Buckland, E.A. Rexstad, J. L. Laake, S. Strindberg, S. L. Hedley, J. R.B. Bishop, T. A. Marques & K. P. Burnham. 2010. Distance software: design and analysis of distance sampling surveys for estimating population size. *Journal of Applied Ecology* 47: 5-14. DOI: 10.1111/j.1365-2664.2009.01737.x.
- Yann Kolbeinsson, Árni Einarsson, Arnþór Garðarsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2019. Ástand fuglastofna í Þingeyjarsýslum árið 2018. Unnið fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1902.




Minnisblað

Dagsetning: 6. nóvember 2023
Viðtakandi: Sóley Jónasdóttir, Vegagerðinni
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Porkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands.

Efni: Norðausturvegur (82-02) um Skjálfandafljót í Kinn, nýtt vegstæði

Inngangur

Árið 2020 kannaði Náttúrustofa Norðausturlands fuglalíf við fyrirhugað nýtt vegstæði þjóðveggar 85 um Skjálfandafljót í Kinn (Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Yann Kolbeinsson 2020). Nýja vegstæðið átti að víkja frá núverandi vegstæði á tveimur svæðum, milli Torfuness og Húsabakka og norðan Garðsnúps (1. mynd). Á hvoru svæði voru tveir valkostir til skoðunar. Nú hefur verið ákveðið að setja nýtt vegstæði inn á nýtt aðalskipulag Þingeyjarsveitar og óskaði Vegagerðin eftir því að Náttúrustofa Norðausturlands greindi frá mögulegum umhverfisáhrifum þess á fuglalíf, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna árið 2020.



1. mynd. Fyrirhugað nýtt vegstæði Norðausturvegar um Skjálfandafljót í Kinn.



Umræða

Nýja vegstæðið er frábrugðið þeim valkostum sem skoðaðir voru árið 2020 á þann hátt að búsvæðaskerðing verður minni. Annars vegar er ekki gert ráð fyrir veltengingu við Útkinnarveg um svokallað „mýrlendi“ í botni dalsins (sjá 1. mynd). Þar með verður veglagning um mýrlendið styttri. Hins vegar er nýja vegstæðið norðan Garðsnúps mun styttra en í fyrri valkostum og fylgir að miklu leyti núverandi vegi.

Athugun Náttúrustofunnar árið 2020 leiddi í ljós að svæðið væri tegundaríkt og þéttleiki fugla hár. Sérstaklega átti þetta við um mýrlendið og Staðarbakka, þar sem auk mófuglanna er talsvert um vatnafugla í varpi. Margar ábyrgðartegundir fundust á svæðinu en viðkvæmasta tegundin út frá valista var kjói. Niðurstaðan var að vegna smæðar svæðisins gæti veglagning um það ekki haft merkjanleg áhrif á stofna þeirra fuglategunda sem fundust, hvorki á héraðs- eða landsvísu. Hins vegar væri um að ræða hreina viðbót við skerðingu búsvæða vegna samgöngumannvirkja á svæðinu, svo uppsöfnuð áhrif aukast.

Þar sem nýja vegstæðið mun skerða minna svæði en það sem skoðað var árið 2020 má gera ráð fyrir eitthvað minni áhrifum. Til að mynda verður aðeins annað kjóaóðalið af þeim tveimur sem fundust árið 2020 í hættu en ekki bæði. Að öðru leyti mun niðurstaðan frá 2020 í meginatriðum standa þó eitthvað færri fuglar verði fyrir áhrifum. Framkvæmdin mun skerða ríkulegt votlendisbúsvæði fugla og slíta það í tvennt. Umferð mun fara um svæði sem áður hefur notið að mestu friðunar fyrir henni. Aðgangur refa út í Staðarbakka mun batna með veltengingunni. Áhrifanna mun gæta vel út fyrir hið eiginlega vegstæði, bæði vegna áhrifa á vatnsbúskap mýrlendisins og fælingaráhrifa umferðarinnar. Vegna smæðar svæðisins verða áhrifin þó einungis staðbundin en varanleg og að einhverju marki óafturkræf.

Niðurstaða

Miðað við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (2005) fær fyrirhuguð framkvæmd vægiseinkunnina **talsverð neikvæð** áhrif á fuglalíf. Sem mótvægisáðgerð má endurheimta framræst votlendi í nágrenninu og draga þannig úr heildarskerðingu ríkulegs láglandisvotlendis í þessum landshluta.

Heimildir

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Yann Kolbeinsson 2020. *Fuglalíf við nýjan Norðausturveg um Skjálfafljótið*. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2008.

Skipulagsstofnun 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisþátta*. Hlaðið niður af :

https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatt_a_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf



MANNVIT



JARÐVEGSNÁMA Í KINN VIÐ SKJÁLFAFLJÓT

MINNISBLAÐ – ÁSÝNDAGREINING
2.JÚNÍ. 2023

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Aðferðafræði	1
2.1 Aðferðafræði landslagsgeiningar	3
2.2 Aðferðafræði ásýndargreiningar	5
3. Framkvæmdarsvæðið	6
3.1 Afmörkun athugunarsvæðis	6
3.2 Núverandi ástand	7
3.2.2 Jarðfræði	7
3.2.3 Gróðurfar	7
3.2.4 Vatnafar	8
3.2.5 Landnotkun og menningarlandslag	8
3.2.6 Landform/línur og sjónrænar afmarkanir	9
3.2.7 Sjónrænn fjölbreytileiki	9
4. Landslagsgreining	10
4.1 Landslagsheildir	10
4.1.1 Landslagsheild 1: Fjalllendi	11
4.1.2 Landslagsheild 2: Mósaík og landbúnaðarland	12
4.1.3 Landslagsheild 3: Kinnarfell og votlendi	13
5. Ásýndargreining	14
5.1 Myndræn framsetning ásýndargreiningar	14
5.2 Sýnileiki í landslagi	15
5.3 Útsýnisstaðir og ásýndarmyndir	15
5.4 Áhrif framkvæmdar á ásýnd – Niðurstöður	1
5.5 Mótvægisaðgerðir	3

1. Inngangur

Unnið er að undirbúningi jarðvegsnámu í Kinnarfelli sem mun veita jarðefni fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu nýrra brúar yfir Skjálfafljót og vega um Norðausturveg: Kaldakinn (85). Náman er áætluð 7.600 m² að stærð og staðsett í Kinnarfellshlíðinni.

Að beiðni Vegagerðarinnar vann Mannvit eftirfarandi minnisblað sem hluta af ásýndargreiningu fyrir uppbyggingu brúa og vega um Skjálfafljót og Norðausturveg. Gerð er grein fyrir landslagi og ásýnd lands innan áhrifasvæðis framkvæmdar og lagt mat á þau áhrif sem framkvæmdin kann að hafa á landslag og ásýnd. Að vinnunni kom hópur sérfræðinga innan Mannvits með reynslu af landslagsgreiningu og matsvinnu. Vinnan byggði á öflun heimilda, náttúrufarsgagna og annarra landfræðilegra upplýsinga, vettvangsferð og skoðun ljósmynda, loftmynda og korta af framkvæmdasvæðinu. Út frá upplýsingum um grunnástand svæðisins var landslagið og ásýnd þess greint og gefið gildi eftir ákveðinni aðferðafræði sem að lokum var notað til að meta möguleg áhrif framkvæmdar á þessa umhverfisþætti.

2. Aðferðafræði

Skilgreining landslags

Með landslagsgreiningu er lagt mat á sérstöðu, eiginleika og gildi nærliggjandi landslags til að geta metið hversu mikil áhrif framkvæmd getur haft á landslag og ásýnd. Sem bakgrunn við gerð landslagsgreiningar er stuðst við þær skilgreiningar sem gerðar hafa verið á landslagi. Í Evrópska landslagssáttmálanum, sem samþykktur var af Evrópuráðinu árið 2000 og Íslendingum árið 2012, er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur ásýnd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta. (Landslag getur breyst með tíma eftir því sem áhrif náttúrunnar og mannsins breytast. Landslag myndar því ákveðna heild þar sem hvoru tveggja áhrifa mannsins og náttúrunnar gætir, en ekki sitt í hvoru lagi).¹

Í núverandi skipulagslögum er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegs og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.²

Þessar tvær skilgreiningar sýna að hægt er að skilgreina hugtakið á mismunandi hátt eftir þjóðum, tungumálum og menningu. Aðkoma og áhrif mannsins hafa haft mikil áhrif á landslagið og í landslaginu mætast náttúra og menning og eru þessir þættir oft óaðskiljanlegir. Upplifun okkar á landslagi er misjöfn og upplifun er ekki alltaf tengd hinu sjónræna, heldur einnig minningum, lykt, tilfinningum og áferð.

¹ Council of Europe, 2000

² Skipulagslög nr. 123/2010

Viðmið við greiningu landslags

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við greiningu landslags og mat á áhrifum á landslag og ásýnd lands má m.a. finna í stefnumótun stjórnvalda, lögum og reglugerðum. Þar er hægt að finna ákvæði varðandi landslag og einnig hægt að fá vísbendingar um m.a. hvers konar landslag er skilgreint með sérstöðu og nýtur verndar. Stefnur, lög og reglugerðir sem horft er til í þessu samhengi eru:

- Lög um náttúrvernd nr. 60/2013
- Náttúruminjaskrá
- Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Aðferðir við greiningu landslags og ásýndar

Aðferðafræðin sem hér er notuð við mat á áhrifum framkvæmdar á landslag og ásýnd þess er mótuð af verkfræðistofunni Mannvit hf. og hefur verið notuð á Íslandi frá árinu 2010 við landslagsgreiningu og mati á áhrifum framkvæmda á landslag. Aðferðafræðin byggir að stórum hluta á aðferðum Land Use Consultants (LUC) frá Bretlandi, aðferð sem kallast Landscape Character Assessment eða LCA-aðferðin³ og leiðbeiningum The Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment⁴. Þessum aðferðum hefur verið beitt jafnt á skipulagsstigi framkvæmda sem og við mat á umhverfisáhrifum.

Í aðferðafræðinni er gerður greinarmunur á milli landslagsáhrifa og ásýndaráhrifa og fjallað um þessi áhrif á aðskilinn hátt. Aðferðafræðin snýst því um mat framkvæmdar á:

- Landslag sem auðlind (byggt á opinberum lagalegum forsendum um landslag, feegurð landslags eða öðrum gæðum sem byggjast á skynjun og gerð landslags)
- Útsýni og sjónræna þætti tengda upplifun fólks (sem verða vegna breytinga á ásýnd landslags)

Þessari aðferð verður beitt hér þar sem í fyrsta lagi verður gerð landslagsgreining með mati áhrifa framkvæmdar á landslag og í öðru lagi verður gerð ásýndargreining og mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdar. Þessir tveir greiningarþættir tengjast alltaf að einhverju leyti og verður því umræðan um áhrif framkvæmdar stundum lituð af báðum þáttum.

³ Swanwick, C. og Land Use Consultants, 2002

⁴ Landscape Institute og Institute of Environmental Management & Assessment, 2013

2.1 Aðferðafræði landslagsgeiningar

Landslagsgreining snýst um að varpa ljósi á helstu landslagseinkenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, meta gildi landslags og viðkvæmni þess fyrir breytingum. Í framhaldi af því er metið hversu mikil áhrif fyrirhuguð framkvæmd geti haft á gæði landslags. Yfirlit yfir vinnuferli aðferðarinnar sem notuð er við landslagsgreiningu má sjá í flæðiriti hér til hliðar (mynd 1).

Gagnasöfnun


Í upphafi vinnu er svæði sem taka á til athugunar afmarkað og gögnum safnað um grunnástand þess. Gögnin snúa að upplýsingum um þá umhverfisþætti og landslagseinkenni sem móta landið og liggja til grundvallar við flokkun lands í landslagsheildir og við matsvinnuna sjálfa:

- Jarðfræði/jarðvegur
- Gróðurfar
- Vatnafar
- Landnotkun - menningarlandslag og byggðamynstur
- Landform/línur og sjónrænar afmarkanir
- Sjónrænn fjölbreytileiki

Hverjum umhverfisþætti fyrir sig er lýst í stuttu máli til að varpa ljósi á mikilvæga þætti sem taka þarf tillit til við mat á áhrifum á landslag og ásýnd þess. Gerð var sérstök greining á sjónrænum fjölbreytileika fyrir hverja landslagsheild (sjá Viðauka A).

Til viðbótar við framangreind gögn var farin vettvangsferð, myndir teknar. Öll gögn og upplýsingar sem tengjast landssvæðinu gefa skýrari mynd af grunnástandi svæðisins og geta því nýst við matsvinnuna. Eftirfarandi spurningar voru hafðar til viðmiðunar á vettvangi:

- Hver eru helstu sjónlínur svæðisins?
- Hver eru helstu kennileiti?
- Hverjar eru helstu menningarminjar?



Mynd 1. Aðferðafræði landslagsgreiningar

Flokkun í landslagsheildir

Allt athugunarsvæðið er flokkað í landslagsheildir. Til að ákvarða flokkun lands í landslagsheildir eru umhverfisþættir, sem tilteknir eru hér að ofan, bornir saman og lagðir yfir hvern annan í landupplýsingagrunni. Landslagsheildir eru þannig afmarkaðar út frá sjónrænum rýmismyndunum með hjálp grunnkorta. Flokkunin byggist á einkennum landslagsins en ekki gildum þess eða verðmætum.

Þegar lokið er við tillögur að skiptingu svæða í landslagsheildir er flokkunin yfirfarin á vettvangi. Í vettvangsferð eru tillögur að skiptingum yfir farnar og þeim breytt ef þurfa þykir. Þegar farið er um athugunarsvæðið má ef til vill greina að mismunandi landslagsheildir hafi svipuð einkenni, s.s. í gróðurfari, landformum og landslagi. Þessi einkenni þurfa ekki alltaf að þekja alla heildina. Reynt er að ná utan um þessi einkenni og greina þau. Eftir að flokkun landslagsheilda hefur verið staðfest er hverri heild lýst fyrir sig. Í lýsingu kemur fram hvaða þættir eru áberandi fyrir hverja heild og hvort einhverjir þættir gefa henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum.

Gildismat og viðkvæmni landslagsheilda

Eftir að hverri landslagsheild hefur verið lýst er viðkvæmni landslagsins fyrir breytingum metin út frá gildi og næmni svæðisins.

Gildi hvernar landslagsheildar er metið út frá eftirtöldum þáttum:

- Útivist (er heild nýtt til útivistar eða annarrar afþreyingar?)
- Vernd (eru verndarsvæði innan heildarinnar?)
- Sjónrænn fjölbreytileiki (fær heildin hátt gildi fyrir sjónrænan fjölbreytileika?)

Þættir sem teknir voru inn í gildismatið voru valdir af þeim sem framkvæmdu landslagsgreininguna og við valið var tekið mið af eðli og einkennum svæðisins. Við gildismat er landslagsheildunum gefið hátt, miðlungs eða lágt gildi.

Næmni landslagsheildar er metin út frá ýmsum þáttum, svo sem skala, sérkenni landslags, margbreytileika í landslagi, búsetumynstri og áhrifum mannsins, sjóndeildarhring og sjónarmiði skynjunar. Nánar um mat á gildi og næmni landslags má sjá í Viðauka B.

Út frá gildi og næmni er viðkvæmni landslagsheildanna síðan metin á skalanum lítil viðkvæmni, miðlungs viðkvæmni eða mikil viðkvæmni.

Áhrifamat: Umfang, einkenni og vægi áhrifa

Mat á áhrifum framkvæmdar á landslag skiptist í mat á umfangi áhrifa og vægi áhrifa.

Umfang áhrifa er fengið með því að meta stærð og skala beinna áhrifa framkvæmdar á landslagsheild, landfræðilegu umfangi, varanleika áhrifa og hvort áhrif vegna framkvæmdar séu afturkræf.

Í lokin er einkennum áhrifa á landslagsheild lýst og vægi áhrifa metið með því að vega saman hversu viðkvæm landslagsheildin er fyrir breytingum (viðkvæmni landslagsheildar) og umfang áhrifa. Vægi áhrifanna er metið sem óveruleg, lítil, miðlungs eða mikil í samræmi við vægiseinkunn í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa⁵. Út frá niðurstöðu greiningar á landslagsheildum og umfangi og vægi áhrifa framkvæmdar á landslag verður þörfin á mótvægisáðgerðum metin til að draga úr eða bæta fyrir áhrif ef þau verða talin veruleg

⁵ Skipulagsstofnun, 2005

2.2 Aðferðafræði ásýndargreiningar

Líkt og við mat á áhrifum á landslag byggist aðferðafræði við mat á sjónrænum áhrifum á að greina viðkvæmni viðtaka (fólks) sjónrænna áhrifa og umfang og vægi áhrifa á sýnileika.

Við mat á **næmni** sjónrænna viðtaka er eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Er fólk til staðar sem er háð upplifun af útsýni eða landslagi í óbreyttri mynd?
- Er óbreytt útsýni frá viðkomandi stað hluti af landslagsgæðum?

Næmni sjónrænna viðtaka ræðst einnig af fjarlægð eða hversu nálægt framkvæmdunum sá er sem horfir.

Við mat á **gildi** landslags út frá sjónrænum eiginleikum er miðað við eftirfarandi:

- Er land sem breytist vegna framkvæmda mikilvægt vegna ásýndar eða sjónrænnar upplifunar?
- Eru sérstakar kvaðir í skipulagi sem eiga við um ákveðna útsýnisstaði?
- Eru gildi fyrir hendi sem snerta útsýni staðarbúa eða annarra notenda á svæðinu?

Viðkvæmni viðtaka sjónrænna áhrifa byggir á mati á bæði næmni útsýnis og gildi. Viðkvæmni viðtaka er skilgreint sem mikil viðkvæmni, miðlungs viðkvæmni og lítil viðkvæmni.

Til stuðnings við matið er útbúið sýnileikakort (Zone of Theoretical Visibility – ZTV kort) og ásýndarmyndir. Sýnileikakort er gert í ArcGIS hugbúnaði þar sem sýnileiki er reiknaður í þrívíðu umhverfi. Kortið sýnir hvaðan og hversu mikið fyrirhugaður vegur mun sjást eftir að framkvæmdum er lokið.

Einnig eru útbúnar svokallaðar ásýndarmyndir sem sýna landslag og fyrirhugaða framkvæmd frá ákveðnu sjónarhorni. Sjónarhorn fyrir ásýndarmyndir er valið út frá niðurstöðum sýnileikagreiningar og landslagsgreiningar og er það sjónarhorn sem talið er mikilvægt eða viðkvæmt út frá ásýndarbreytingum. Þá er tekin mynd sem sýnir landslag fyrir framkvæmdir og síðan er útbúið sama sjónarhorn í tölvulíkani þar sem bætt er við fyrirhuguðum vegi og sýnir landslag eftir framkvæmdir. Notast er við hönnunargögn frá Vegagerðinni og hæðargögn frá Loftmyndum við ásýndargreininguna.

Að lokum er vægi sjónrænna áhrifa metið út frá áætlaðri viðkvæmni viðtaka og umfangi áhrifa á völdum útsýnisstöðum.

Við mat á **umfangi** sjónrænna áhrifa er miðað við eftirfarandi þætti:

- Stærð/Skali - Hversu mikið breytir framkvæmd sjónrænum þáttum í landslagi?
Hversu mikið skerðist tiltekið útsýni?
- Landfræðilegt umfang – Frá hversu stóru svæði er fyrirhuguð framkvæmd sjáanleg?
- Varanleiki – Í hversu langan tíma er áhrifa að gæta á sjónræna þætti/útsýni?
- Afturkræfni – Munu breytingar á útsýni eða sjónrænum eiginleikum vera varanlegar?

Eftirfarandi atriði eru notuð sem almenn viðmið við mat á sjónrænum áhrifum verkefnisins og sem vægiseinkunn byggir á:

- Eru viðkvæmir útsýnisstaðir innan viðkomandi landslagsheildar þar sem framkvæmdin sést?
- Hefur framkvæmdin áhrif á einkenni ásýndar eða viðkvæmra útsýnisstaða?


- Skerðir framkvæmdin útsýni þar sem ásýnd landslags er mikilvægur hluti af upplifun fólks?

Vægi sjónrænna áhrifa eru metin sem óveruleg, lítil, miðlungs eða mikil í samræmi við vægiseinkunn í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa⁶.

Út frá niðurstöðu greiningar á sýnileika og umfangi og vægi áhrifa framkvæmdar á ásýnd verður þörfin á mótvægisáðgerðum metin til að draga úr eða bæta fyrir áhrif ef þau verða talin veruleg.

3. Framkvæmdarsvæðið

3.1 Afmörkun athugunarsvæðis



Mynd 2: Jarðvegsnáman er staðsett í Kinnarfelli við Skjálfafljót.

Afmörkun athugunarsvæðis miðast við nærumhverfi jarðvegsnámunnar. Athugunarsvæði ræðst einkum að náttúrulegum þáttum í landslaginu og nær yfir það svæði sem gæti orðið fyrir sjónrænum áhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Athugunarsvæðið er staðsett í Kinnarfelli í námunda við Ljósveitingabúð, sem og bæinn Hólsgærði, Hnjúk og Hrafnstaði. Vegurinn sem er meðfram fellinu er Þjóðvegur 85,

⁶ Skipulagsstofnun, 2005

⁷Veðurstofa Íslands. 2013

Norðausturvegur og er það eini vegurinn um nær svæðið að heimreiðum undanskildum. Vestan megin við fellið er Rangá en austan megin er Skjálfafljót sem og Fellsskógur.


3.2 Núverandi ástand

Kinnafell er staðsett um 30 km frá Húsavík og á svæði Köldukinnar í Þingeyjarsveit. Jarðvegsnáman er staðsett í norður hlíð Kinnarfells. Hæsta punktur er Ytrihjúkur, um 237 m h.y.s. Náman sjálf er staðsett í 50-63 m h.y.s. í hlíð fellsins. Að svæðinu liggur torfær slóð. Svæðið í námunda námunnar einkennist af dal á milli Kinnarfjalls og Kinnarfells. Þar á milli er ræktunarland og liggur Rangá um það svæði ástamt þjóðvegi 85, Norðausturvegur.

3.2.2 Jarðfræði

Fellið einkennist af hraun- og setlögum frá fyrri hluta Ísaldar og er þar af leiðandi þéttur jarðvegur sem illa hleypir vatni í gegnum sig. Hlíð fellsins er vel gróin þó að á stöku stað séu melar en það gefur til kynna að þar séu jökulruðningshryggir fyrrum jökuls Ísaldar skeiðs⁷.

3.2.3 Gróðurfar



Mynd 3. Vistgerðarkort (Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).

Nær svæði námunnar einkennist af fjölbreyttum vistlendis gerðum. Helst ber að nefna grassvæði, votlendi, mólendi og mela. Fyrirhuguð staðsetning jarðvegsnámunnar einkennist helst af mólendi, mela- og grassvæði.


3.2.4 Vatnafar

Töluvert er um yfirborðsvatn í nærumhverfi athugunarsvæðis jarðvegsnámunnar.

Skjálfandafliót er austan megin við Kinnarfell og Rangá vestan megin. Eins og kemur fram í jarðfræðikafli hér að framan er jarðvegur þéttur á fellinu sjálfu og því liggur vatnafar ofar í jarðlögum.

3.2.5 Landnotkun og menningarlandslag

Landnotkun tekur til notkunar mannsins á landinu og er skilgreind í skipulagsáætlunum. Landnotkun er sú starfsemi sem fer fram í landslaginu og setur sinn svip og einkenni á landslagið. Þetta á til að mynda við um atvinnurekstur, búsetumynstur, samgöngur, afþreyingu og aðra landnýtingu. Hafa þarf í huga að landnotkun þarf ekki að hafa neikvæð áhrif á landslagið. Ákveðin landnotkun getur gefið landslaginu aukið gildi félagslega og umhverfislega. Ákveðin landnotkun getur haft jákvæð áhrif á upplifun mannsins á umhverfinu og á það til að mynda við uppbyggingu útivistarsvæða og endurheimt skóg- og votlenda.



Mynd 4: Samgöngur, byggð og menningarlandslag

Samgöngur, byggð og önnur landnotkun

Um svæðið liggur þjóðvegur 85, Norðausturvegur sem þjónar þeirri byggð sem er á svæðinu og tengist þjóðvegi 1. Félagsheimilið Ljósvetningabúð, bæirnir Hrafnstaðir, Hólsgerði og Hnjúkur eru í næsta nágrenni. Megin landnotkun svæðisins er ræktunarland og skógrækt.

Útivist og ferðamennska

Um 22.000 m² birkiskógur er útivistarsvæði sem er í austur hlíð Fellsskógs sem og útivistarsvæði við Rangá og Skjálfafljót.

Verndarsvæði og minjar

Nokkrar minjar eru á svæðinu milli Fellssels og Þingey og eru sunnan við jarðvegsnámuna.

Engin verndarsvæði eru í námunda við jarðvegsnámuna. Bárðardalshraun liggur austan megin við Kinnarfell.

3.2.6 Landform/línur og sjónrænar afmarkanir

Athugunarsvæðið einkennist einna helst af Kinnarfjalli og Kinnarfelli. Þegar farið er eftir þjóðveginum er einna helst landbúnaðarland sem er einkennandi landslagseinkenni. Þegar komið er að enda Kinnarfells tekur við víðátta um votlendi og ræktunartún sem mynda fleka í landslagið. Víðsýni er töluvert þegar komið er norður fyrir Kinnafell. Skurðir og skógrækt í fjallshlíð Kinnarfjalls marka línur í landslagið og skipta því upp í fláka.

3.2.7 Sjónrænn fjölbreytileiki

Sem hluti af landslagsgreiningunni var sjónrænn fjölbreytileiki í landslagi metinn innan hverrar landslagsheildar. Sjónrænn fjölbreytileiki var metinn út frá eftirfarandi þáttum og vægi þeirra:

- Víðsýni
- Breytileiki í hæð
- Form og línur
- Áferð
- Gróðurþekja
- Litauðgi
- Blettastærð
- Birtingaform vatns

Útbúinn var athugunarlisti þar sem ofangreindir þættir voru metnir á kerfisbundinn hátt og gefin einkunn eftir vægi hvers þáttar í landslaginu. Einkunnin sem fæst út úr matinu gefur til kynna hversu mikill fjölbreytileikinn er á viðkomandi svæði og meiri fjölbreytileiki gefur landslaginu innan viðkomandi landslagsheildar aukið vægi inn í gildismatið.

Innbílastur við gerð athugunarlistans og þeirra aðferða sem notaðar voru við greininguna var fenginn frá íslenska landslagverkefninu⁷. Annað er staðfært og aðlagð þessu verkefni og sett saman af þeim sem komu að greiningunni og matinu innan Mannvits. Athugunarlistann og greininguna sem gerð var á sjónrænum fjölbreytileika má finna í Viðauka A.

⁷ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl., 2010

4. Landslagsgreining

4.1 Landslagsheildir

Hugtakið landslagsheild hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun með eftirfarandi hætti:

Landslagsheild er landslag sem fólk upplifir að sé afmarkað af náttúrulegum (t.d. fjallahringur, fjörður) og/eða menningarlegum þáttum.

Flokkun í landslagsheildir er gerð út frá sjónrænum rýmismyndunum og með hjálp grunnkorta yfir umhverfispætti. Í hverri landslagsheild eru ákveðnir ráðandi þættir sem móta stærð og lögun heildarinnar. Samspil ákveðinna þátta er einnig mikilvægt, t.d. ræður berggrunnur miklu um hvaða gróður þrífst á viðkomandi svæði. Skörp skil á t.d. gróðri geta einnig greint á milli landslagsheilda. Afmörkun hvernar heildar ræðst að miklu leyti af landformum, þ.e.a.s. þeirri umgjörð sem lokar á frekari sýn áhorfandans. Þetta geta til að mynda verið fjallgarðar, hólur eða hryggir. Við landslags- og ásýndargreiningu var notast við landfræðilegar upplýsingar og ritaðar heimildir eftir því sem kostur var. Eftirfarandi landfræðilegu gögn voru nýtt við vinnuna:


Tafla 1. Landfræðileg gögn.

Gögn/Þekjur	Eigandi
Mannvirki, samgöngur, yfirborð, vatnafar	Landmælingar Íslands
Hæðalíkan	Loftmyndir ehf.
Vistlendi	Náttúrufræðistofnun Íslands
Staðsetning jarðvegsnámu	Vegagerðin
Loftmyndir	Loftmyndir ehf.

Mörk landslagsheilda eru í fæstum tilfellum mjög skörp eða greinileg. Engu að síður eru mörk landslagsheilda sem greind eru í þessu verkefni táknuð með flákum á korti (mynd 4). Hverri landslagsheild er gefið nafn til aðgreiningar sem dregið er af lýsandi eiginleikum innan heildarinnar. Gerð verður grein fyrir hverri landslagsheild með stuttri lýsingu og yfirferð á helstu einkennum. Í lýsingu kemur fram hvaða þættir eru áberandi fyrir hverja heild og hvort einhverjir þættir gefa henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum. Fyrir hverja heild er sjónrænn fjölbreytileiki metinn ásamt næmni og gildi hennar og þar með einnig viðkvæmni fyrir breytingum. Að lokum er umfang breytinga innan hvernar heildar greint og síðan lagt mat á einkenni og vægi áhrifa framkvæmdar.

Athugunarsvæðið var flokkað í þrjár landslagsheildir út frá einkennandi þáttum og eru þær eftirfarandi:

- 1 Fjallendi
- 2 Mósaík og framræst landbúnaðarland
- 3 Kinnarfell og votlendi



Mynd 5: Landslagsheildir á athugunarsvæði við námu í Kinnarfelli.

4.1.1 Landslagsheild 1: Fjallendi

Landslagsheildin nær yfir fjallshlíðar Staðarfjalls, Hrafnstaðarfjalls og Þröskuld. Landslagsheildin einkennist af melum, sandlendi, skriðum og klettum. Aðrir þættir eru mó- og graslendi auk melar og einkennandi votlendisvæðum. Einnig má sjá afmarkaða skógrækt sem myndar beinar línur í fjallshlíðina.

Landslagsheildin einkennist af giljum, lækjum og grónum fjallshlíðum. Blettastærðir eru stórar og nokkuð einsleitir.

Helstu einkenni landslagsheildar:

- Melar
- Votlendi
- Gil og árfarvegir
- Skýrar afmarkanir í landslagi

Viðkvæmni:

Víðsýni er nokkuð innan heildarinnar en þó ekki þar sem önnur fjöll eru í svipaðri hæð og þessi. Aftur á móti er þónokkuð um hækkun þar sem landslagsheildin er fjallshlíð. Form og línur eru ráðandi í heildinni vegna gilja og árfarvega. Einnig er skógrækt í hlíðinni sem mynda kassalaga form en að megninu til er um að ræða náttúrulegar línur. Gróðurþekja einkennist af mólendi, melum og graslendi og er því litauðgi landslagsheildarinnar nokkuð. Töluvert er um hreyfingu og árfarvegi að ræða vegna votlendisbletta á svæðinu og árfarvegi. Nánar er farið í skilgreiningar viðkvæmni landslags í viðauka B.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildar talin **lítil**.

Umfang áhrifa:

Framkvæmdirnar eru ekki innan landslagsheildarinnar. Aftur á móti er jarðvegsnáman í fjallshlíð beint á móti þessari landslagsheild.

Umfang áhrifa er því talið **lítið**.

Einkenni og vægi áhrifa:

Landslagsheildin einkennist af óbyggðu landi, gönguleiðum og ám. Landslagið er fjölbreytt að því leyti að melar, gróið land og ár skarta brattar brekkur. Þar sem að jarðvegsnáman liggur á frekar flötu svæði fellshlíðarinnar í Kinnarfelli sker framkvæmd jarðvegsnámunnar sig ekki í núverandi landslagi.

Að því gefnu að landslagsheildin sé talin lítið viðkvæm og umfang áhrifa lítið, auk þess sem nýjar vegtengingar eru ekki taldar breyta einkennum lands að neinu ráði, eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslagsheild talin **lítil**.

4.1.2 Landslagsheild 2: Mósaík og landbúnaðarland

Landslagsheildin nær meðfram rótum fjallshlíðarinnar að Norðausturveg (85). Helstu einkenni landslagsheildarinnar eru framræst landbúnaðarland, árfarvegir sem liggja niður af fjöllumunum. Einnig rennur á meðfram ræktunartúnum og sveitarbæjum. Innan landslagsheildarinnar er menningarlandslag eða þar sem félagsheimilið stendur, Ljósveitingabúð. Landslagsheildin er skilgreind sem mósaík þar sem að ýmsa landslagsþætti er að finna innan hennar.

Helstu einkenni landslagsheildar:

- Sléttlendi
- Landbúnaðarland
- Menningarlandslag
- Árfarvegir

Viðkvæmni:

Víðsýni er ekki mikil vegna fella og fjalla í nærumhverfinu, einkennist það einnig að litlum breytileika í hæð. Engu að síður eru innan landslagsheildarinnar sveitabæir og túnræktun. Áin Rangá rennur um svæðið og gefa þessir eiginleikar heildinni fjölbreytt form, línur og áferð. Gróðurþekja er fremur einsleit þar sem megnið af henni er ræktunartún og eru því blettastærðir sem einkennast af stærðum túna. Það sem gefur mestan fjölbreytileika er áin og hennar farvegur sem gefur yfirliti heildarinnar mikla hreyfingu.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildar talin **lítil**.

Umfang áhrifa:

Framkvæmdir eiga sér ekki stað innan landslagsheildarinnar. Ásýnd að jarðvegsnámunni er samt frá bæjum í kring. Skiptir máli að mótvægisáhrif skili sér í ásýnd fyrir íbúa svæðisins.

Umfang áhrifa er því talið **lítið**.

Einkenni og vægi áhrifa:

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki innan landslagsheildarinnar. Landslagsheildin er talin lítið viðkvæm og ásýnd jarðvegsnámunna ekki talin meiriháttar. Ef tekið er inn í matið mótvægisáðgerðir er metið að áhrif fyrirhugaðra breytinga á landslagsheild verði **lítil**.

4.1.3 Landslagsheild 3: Kinnarfell og votlendi

Landslagsheildin nær meðfram Norðausturvegi yfir norðurenda Kinnarfells og að Skjálfafljóti. Landslagsheildin einkennist af jarðvegsnámunni í norðvestur hlíð Kinnarfells. Önnur einkenni eru Fellsskógur og votlendi að norðaustri sem einnig hefur víðáttu fram eftir Skjálfafljóti. Innan heildarinnar í norðausturhlíð Kinnarfells er Fellsskógur sem síðan liggur að Skjálfafljóti. Þegar norðar er komið og fram hjá Kinnarfelli tekur við víðáttu og votlendissvæði. Framkvæmd jarðvegsnámunnar er innan þessarar landslagsheildar. Náman er staðsett að megninu á jafnsléttu í hlíð Kinnarfells.

Viðkvæmni:

Nokkuð er um útivistarmöguleika innan landslagsheildarinnar, þar sem Fellsskógur og Skjálfafljót eru innan heildarinnar. Að skóginum og meðfram fyrirhugaðri jarðvegsnámu er slóði sem tengir skógarsvæðið og svæðið við Skjálfafljót saman við Norðausturveg... Að mestu er sama yfirborð slóðans og næsta nágrenis eða gras og mólendi. En yfirsýn yfir nokkuð fjölbreytt vistlendi er sjáanlegt þegar upp á fellid er komið en á hæsta punkti er Kinnarfell 337 m.y.s. Við norður hluta fellsins er stórt og mikið votlendi sem liggur við hlið Skjálfafljóts Form og línur eru nokkrar en ekki það sem einkennir heildina. Gróðurþekja er nokkuð fjölbreytt, allt frá melum, mólendi, skógarsvæði og allstóru votlendissvæði. Þar af leiðandi eru blettastærðir nokkuð áberandi þar sem gróðureiningarnar eru andstæður. Hreyfing er nokkur þar sem að Skjálfafljót og votlendissvæði eru.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildar talin **miðlungs**.

Umfang áhrifa:

Framkvæmdin mun að öllu vera innan þessarar landslagsheildar. Ekki er talið að jarðvegsnáman hafi áhrif á aðgengi að útivistarmöguleikum en að einhverju leyti verða sjónræn áhrif þegar staðið er uppi á fellinu.

Umfang breytinga á landslag heildarinnar er talið **miðlungs**.

Einkenni og vægi áhrifa:

Bein áhrif framkvæmdarinnar er innan þessarar landslagsheildar. Að því gefnu að landslagsheildin sé talin miðlungs viðkvæm, að umfang breytinga innan landslagsheildar séu

taldar **miðlungs**. Þó svo að framkvæmdin muni ekki skerða gæði eða gildi landslagsins er metið að áhrif fyrirhugaðra breytinga á landslagsheild verði **miðlungs**.

Tafla 2: Landfræðileg gögn

Landslagsheild	Áhrifamat
Fjalllendi (1)	Framkvæmdin fer ekki inn á landslagsheildina en sýnileiki jarðvegsnámunnar er frá tiltekinni landslagsheild. Áhrifin eru því talin lítill áhrif .
Mósaík og framræst landbúnaðarland (2)	Landslagsheildin einkennist að íbúum og landbúnaðarlandi. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki innan heildarinnar en sýnileg. Því eru áhrifin talin lítill áhrif .
Fellslendi og votlendi (3)	Framkvæmd er alfarið innan landslagsheildar. Áhrif eru nokkur þar sem jarðvegsnáman sést frá þessari staðsetningu. Því eru áhrifin talin hafa miðlungs áhrif .

5. Ásýndargreining

Jarðvegsnáman mun breyta ásýnd fellshlíðarinnar og hér á eftir verður fjallað um ásýnd lands og lagt mat á þau áhrif sem breytingarnar kunna að hafa á sjónræna þætti landslags.

5.1 Myndræn framsetning ásýndargreiningar

Myndir segja meira en mörg orð er oft sagt þegar framsetning gagna er gerð með myndrænum hætti frekar en að nota texta. Þetta er rétt upp að vissu marki.

Mat á sjónrænum áhrifum er alltaf háð ákveðnum takmörkunum. Mismunandi aðstæður eins og dagsbirta, árstíðir og samspil ljóss við mismunandi veðurfarsaðstæður geta haft áhrif á upplifun fólks og sýnileika.

Myndræn framsetning er afar mikilvæg við mat á umhverfisáhrifum og gott tæki til að hjálpa til við ákvarðanatöku en getur aldrei sagt alla söguna. Ekki er hægt að heimfæra upplifun fólks á framkvæmd yfir á myndir, kort eða aðra myndræna framsetningu. Framsetning gagna eins og ásýndarmynda og korta sem hér er notast við eru því fyrst og fremst til að gefa dæmi um hvernig fyrirhuguð framkvæmd getur litið út við tiltekna aðstæður. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessum takmörkunum áður en lengra er haldið. Helstu takmarkanir eru eftirfarandi:

- Myndræn framsetning getur aldrei nákvæmlega endurspeglad mismunandi birtuskilyrði, veður eða árstíðir.
- Ljósmyndir af fyrirhuguðum mannvirkjum eru ætlaðar til að gefa ákveðna upplifun en geta aldrei gefið 100% rétta mynd af veruleikanum.
- Staðsetning myndatökustaða gefur einungis hugmynd um útlit frá þeim stað en ekki öllu svæðinu.

Hér eru einnig takmarkanir eins og áður hafa verið nefndar, vegna mismunandi veður- og birtuskilyrða þegar ljósmyndin er tekin. Ásýndarmyndir geta því aldrei sagt alla söguna en gefa ákveðna hugmynd af hugsanlegu útliti framkvæmdar.

5.2 Sýnileiki í landslagi


Sýnileiki í landslagi ræðst af mörgum þáttum. Til að eitthvað sé sýnilegt þá þarf það að fanga athygli okkar. Líklegasta skýringin á því að eitthvað er okkur ekki sýnilegt er að það er eitthvað annað sem fangar augað. Önnur ástæða er fjarlægð, að það sem horft er á er svo langt frá að augað getur ekki skynjað það. Það hve vel við skynjum ákveðið fyrirbæri í landslaginu er þó einstaklingsbundið og stjórnað af okkar eigin hagsmunum og tilfinningu, sem þýðir að það sem ein manneskja getur greint og séð þarf ekki að vera eitthvað sem er sýnilegt fyrir aðra.

Þeir hópar fólks sem hafa útsýni yfir eða sjá eitthvað í landslaginu eru sjónrænir viðtakar. Sjónrænir viðtakar eru hópar fólks sem geta orðið fyrir áhrifum vegna breytinga á útsýni eða sjónrænum eiginleikum. Mat á sjónrænum áhrifum byggist fyrst og fremst á að meta hvar og hvernig breytingar birtast í landslaginu og hvernig áhrif vegurinn mun hafa á viðkomandi ásýnd eða útsýni og upplifun fólks.

Landslagið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er opið og víðsýnt er í góðu veðri þegar komið er fram fyrir fellid. Landið einkennist af fjöllum og fellum, ám og ræktunarlandi. Á athugunarsvæðinu er almennt lítið um háan gróður eða byggingar sem skyggja á útsýni og einkenni landslags. Landnotkun og landform gera það að verkum að ný jarðvegsnáma verður sýnileg frá ýmsum stöðum.

5.3 Útsýnisstaðir og ásýndarmyndir

Sú staðsetning sem viðkvæmest er fyrir ásýnd á jarðvegsnámunu er Ljósvefningabúð og Hrafnstaðir þar sem húsið er staðsett í nálægð og í sjónlínu við námuna. Einnig er naman sýnileg þegar farið er suður eftir Norðausturvegi (85).



Mynd 6: Myndatökustaðir, Myndir teknar að jarðvegsnámu.

Fyrir:



Mynd 7: Ásýndamyndatökustaður 1; Ljósvefningabúð

Eftir:



Mynd 8: Ásýndamyndatökustaður 1; Ljósvefningabúð

Fyrir:



Mynd 9: Ásýndartökustaður 2; Hrafnsmúli, vestan Rangár

Eftir:



Mynd 10: Ásýndartökustaður 3: Hrafnstaðir, vestan Rangár

Fyrir:



Mynd 11: Norðausturvegur milli Hólsgerði og Hrafnstaðarveggar. Mynd tekin úr lofti

Eftir:



Mynd 12: Norðausturvegur milli Hólsgerði og Hrafnstaðarvegur. Mynd tekin úr lofti

5.4 Áhrif framkvæmdar á ásýnd – Niðurstöður

Tafla 3: Samantekt áhrifa framkvæmdar á ásýnd landslags frá völdum útsýnisstöðum.

Sjónarhorn 1: Horft frá Ljósvefningabúð	
Horft í átt	Suðaustur
Fjarlægð að framkvæmd	U.þ.b. 450 metrar
Lýsing á staðsetningu ljósmyndastaðar, líklegum sjónrænum viðtökum og núverandi ásýnd	Ljósmyndastaðurinn er frá bílplani við Ljósvefningabúð, Ný jarðvegsnáma er mjög sýnileg frá þessari staðsetningu og töluvert áberandi í landslaginu.
Viðkvæmni útsýnis	Jarðvegsnáman er sýnileg frá þessum ásýndarstað. Í næsta nágrenni eru Hrafnstaðir.
Umfang breytinga á ásýnd	Ný jarðvegsnáma verður sýnileg frá þessari staðsetningu og verður breyting á ásýnd lands við tilkomu hennar.
Vægi áhrifa á ásýnd	Ásýnd jarðvegsnámannar verður sýnileg frá þessari staðsetningu. Hins vegar munu mótvægisáðgerðir minnka ásýnd námunnar töluvert.

Tafla 4: Landfræðileg gögn

Sjónarhorn 2: Horft frá Hrafnstöðum	
Horft í átt	Suður
Fjarlægð að framkvæmd	U.þ.b. 700 metrar
Lýsing á staðsetningu ljósmyndastaðar, líklegum sjónrænum viðtökum og núverandi ásýnd	Ljósmyndastaðurinn er frá afleggjara að Hrafnstöðum. Ný jarðvegsnáma er sýnileg frá þessari staðsetningu og er áberandi í landslaginu.
Viðkvæmni útsýnis	Eins og kom fram í landslagsgreiningunni hefur landbúnaðarsvæðið mesta gildi einkum vegna þess að í þessari landslagsheild eru íbúar staðsettir á
Umfang breytinga á ásýnd	Ný jarðvegsnáma verður sýnileg frá þessari staðsetningu og verður breyting á ásýnd lands við tilkomu hennar.
Vægi áhrifa á ásýnd	Sjónræn áhrif á þessum stað verða nokkur þar sem ný jarðvegsnáma verður áberandi í umhverfinu. Hins vegar munu mótvægisáðgerðir minnka ásýnd námunnar töluvert.

Tafla 5: Landfræðileg gögn


Sjónarhorn 2: Horft frá Norðausturvegi	
Horft í átt	Suður eftir vegi 85 í lofti
Fjarlægð að framkvæmd	U.þ.b. 750 metrar
Lýsing á staðsetningu ljósmyndastaðar, líklegum sjónrænum viðtökum og núverandi ásjón	Ljósmyndastaðurinn er frá Norðausturvegi (85) á gatnamótum Hólsgerðis í átt til suðurs. Ný jarðvegsnáma er mjög sýnileg frá þessari staðsetningu og töluvert áberandi í landslaginu.
Viðkvæmni útsýnis	Eins og kom fram í landslagsgreiningunni hefur landbúnaðarsvæðið mesta gildi einkum vegna þess að í þessari landslagsheild eru íbúar svæðisins á bæjum eins og Hrafnstaðir, Hnjúkar og Hólsgerði.
Umfang breytinga á ásjón	Ný jarðvegsnáma verður sýnileg frá þessari staðsetningu og verður breyting á ásjón lands við tilkomu hennar töluverð.
Vægi áhrifa á ásjón	Sjónræn áhrif á þessum stað verða nokkur þar sem ný jarðvegsnáma verður áberandi í umhverfinu. Hins vegar munu mótvægisáðgerðir minnka ásjón námunnar töluvert. Aftur á móti þarf frekari mótvægisáðgerðir á þessum stað þar sem jarðvegsnáman er mest sýnileg frá þessum stað.

Ný jarðvegsnáma í Kinn mun hafa áhrif á landslags og ásjón. Á meðan efnistöku stendur og þangað til að jaðrar námunnar gróa eftir að búið er að loka námunni eru helstu ásjónar breytingar hjá Ljósveitingabúð, Hrafnstöðum og á Norðausturvegi þegar ferðast er suður eftir honum. Ef horft er til mótvægisáðgerða þá mildast umhverfisáhrif jarðvegsnáunnar til muna.

5.5 Mót vægis aðgerðir

Til að minnka sjónræn áhrif námunnar er lagt til að mjög lágreist mön, staðsett norðan megin í fellinu, móts við slóðann/aðkomu veginum og aflíðandi með suðausturhlíð fellsins samhliða möninni verði reist. Lagt er til að planta staðargróðri í og við mönina sem er kjarr. Kjarr tegundir sem henta á svæðið er birki, gul- og loðvíðir. Við þá framkvæmd ætti ásýnd frá vegi og nærliggjandi svæðum að minnka.

Einnig er lagt til að yfirborð, efsta lag fyrirhugaðrar jarðvegsnámu verður nýtt til að græða upp fláa meðfram aðkomu vegar og önnur sár sem myndast við framkvæmdina.



Mynd 13 : Mót vægis aðgerðir , mön og gróðursetning staðargróðurs.

Viðauki A

Til að meta sjónrænan fjölbreytileika í landslagi var útbúinn sérstakur athugunarlisti fyrir verkefnið. Innblástur við gerð athugunarlistans og þeirra aðferða sem notaðar voru við greininguna var fenginn frá íslenska landslagverkefninu⁸. Annað er staðfært og aðlagð þessu verkefni af þeim sem komu að greiningunni og matinu innan Mannvits. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri greiningu sem fram fór, hvaða viðmið voru notuð og þeirri niðurstöðu sem var fengin. Hver skilgreind landslagsheild var greind fyrir sig.

Eftirfarandi sjónrænu þættir voru skoðaðir til að leggja mat á sjónrænan fjölbreytileika í landslagi:

- **Viðsýni** er metin út frá því hversu fjarlægur sjóndeildarhringurinn er innan landslagsheildar og gefur til kynna dýpt landslags.
- **Breytileiki í hæð** er metinn á nokkuð stórum skala þar sem að hæsta einkunn fæst ef breytileikinn innan athugunarsvæðis fer yfir 1000 metra í hæðamismun.
- **Form og línur** er greindar út frá breytileika og endurtekningu forma og lína í landslaginu. Há einkunn fæst ef form og línur eru áberandi og er þá horft eftir beinum línunum, ávölum línunum og formum, hvössum formum, bugðum og svigðum.
- **Áferð** á við sýnilegt yfirborð landslags og er metin á skalanum frá hrjúfu/úfnu yfir í ávalt/slétt. Hærri einkunn fæst ef áferðin er metin hrjúfari/úfnari. Ef landslagið skiptist mikið á að vera úfið og slétt getur fjölbreytileikinn einnig talist mikill.
- **Gróðurþekja og fjölbreytni gróðurs** er metinn sem sinn hvor þátturinn og mikið vægi fæst ef gróðurþekja er mikil og ef fjölbreytni gróðurs er mikil.
- **Litauði** er metin út frá sýnilegum fjölbreytileika lita á skalanum lítill fjölbreytileiki yfir í mikinn fjölbreytileika.
- **Blettastærð** segir til um hvort mynstur og sjónrænar heildir séu stórar eða litlar. Ef blettastærð er smágerð fæst há einkunn og ef blettastærð er gróf fæst lág einkunn.
- **Hreyfing** er metin út frá hvort upplifun af landslaginu er róleg og ekkert að gerast eða á hreyfingu og mikið að gerast.
- **Vatn** er metið eftir því hversu mikill fjölbreytileiki er í birtingarformi þess í landslaginu miðað við aðrar landslagsheildir. Fleiri birtingarform gefa meiri fjölbreytileika og þar með meira vægi. Mismunandi birtingarform vatns getur verið t.d. fossar og flúðir, ár, lækir, vötn og tjarnir, sjór, jöklar, ís og votlendi.

Ofangreindum þáttum var gefinn einkunn á bilinu 1 og upp í 5 (sjá athugunarlista síðar í kaflanum). Samanlagður stigafjöldi fyrir alla sjónrænu þættina gaf til kynna fjölbreytileikann fyrir viðkomandi landslagsheild á eftirfarandi hátt:

- 0 - 14 = Mjög lítill fjölbreytileiki
- 15 - 24 = Lítill fjölbreytileiki
- 25 - 34 = Miðlungs fjölbreytileiki
- 35 - 50 = Mikill fjölbreytileiki

Niðurstaðan er síðan notuð inn í gildismatið fyrir hverja landslagsheild þar sem að mjög lítill og lítill fjölbreytileiki er ekki talinn auka gildi viðkomandi landslagsheildar en miðlungs og mikill fjölbreytileiki gefur aukið gildi.

⁸ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl., 2010

Tafla 6: Gildismat landslagsheilda

Landslagsheild: 1

	5	4	3	2	1
VÍÐSÝNI	>40 km	31-40	21-30 km	X	0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ	>1000m	600-1000 m	X	300-600 m	0-100M
FORM OG LÍNUR	Mjög mikið	Mikið	Meðal	Lítið	Mjög lítið
ÁFERÐ	X	Nokkuð hrjuf	Meðal	Nokkuð slétt	Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA	76-100%	50-75%	26-50%	X	1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	X
LITAAUDGI	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill	X
BLETTASTÆRÐ	Smágerð	Lítill	Meðal	Mikil	X
HREYFING	Mjög mikil	Mikil	X	Meðal	Lítill
BIRTINGAFORM VATNS	Mjög mörg	Nokkuð mörg	X	Meðal	Nokkuð fá
Samtals:	5	4	9	4	3

Heildarstigafjöldi: 25 = Lítill fjölbreytileiki

Landslagsheild: 2

	5	4	3	2	1
VÍÐSÝNI	>40 km	31-40	21-30 km	X	0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ	>1000m	600-1000 m	300-600 m		X
FORM OG LÍNUR	Mjög mikið	Mikið	Meðal	X	Lítið
ÁFERÐ	Hrjuf/úfin	Nokkuð hrjuf	X	Meðal	Nokkuð slétt
GRÓÐURÞEKJA	76-100%	50-75%	X	26-50%	6-25%
FJÖLBR.GRÓÐUR	Mjög mikil	Mikil	Meðal	X	Lítill
LITAAUDGI	Mjög mikil	Mikil	Meðal	X	Lítill
BLETTASTÆRÐ	Smágerð	X	Lítill	Meðal	Mikil
HREYFING	Mjög mikil	Mikil	Meðal	X	Lítill
BIRTINGAFORM VATNS	Mjög mörg	Nokkuð mörg	X	Meðal	Nokkuð fá
Samtals:		4	9	10	1

Heildarstigafjöldi: 24 = lítill fjölbreytileiki

Landslagsheild: 3

	5	4	3	2	1
VÍÐSÝNI	>40 km	31-40	21-30 km	X	0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ	>1000m	600-1000 m	300-600 m		X
FORM OG LÍNUR	Mjög mikið	Mikið	X	Meðal	Lítið
ÁFERÐ	Hrjuf/úfin	Nokkuð hrjuf	X	Meðal	Nokkuð slétt
GRÓÐURÞEKJA	76-100%	X	50-75%	26-50%	6-25%
FJÖLBR.GRÓÐUR	X	Mjög mikil	Mikil	Meðal	Lítill
LITAAUDGI	Mjög mikil	X	Mikil	Meðal	Lítill
BLETTASTÆRÐ	Smágerð	Lítill	Meðal	Meðal	Mikil
HREYFING	Mjög mikil	Mikil	Meðal	X	Lítill
BIRTINGAFORM VATNS	Mjög mörg	x	Nokkuð mörg	Meðal	Nokkuð fá
Samtals:	5	12	6	4	2

Heildarstigafjöldi: 29 = miðlungs fjölbreytileiki

Viðauki B

Viðkvæmni landslags er fengið með því að meta gildi þess annars vegar og næmni fyrir breytingum hins vegar. Hér á eftir verður gert grein fyrir þeim þáttum sem stýra mati á gildi og næmni landslags í þessu verkefni og þeim niðurstöðum sem gefa til kynna hversu viðkvæmt landslagið er fyrir breytingum.

Gildi landslagsheilda

Eins og fram kemur í kafla 2.1 er gildi hvorrar landslagsheildar metið út frá eftirfarandi þáttum:

- **Útivist** – er heild nýtt til útivistar eða annarrar afþreyingar?
- **Vernd** – eru verndarsvæði innan heildarinnar?
- **Sjónrænn fjölbreytileiki** – fær heildin hátt gildi fyrir sjónrænan fjölbreytileika?

Gildi landslags er metið út frá sérstöðu þess. Sérstaða getur verið í mismunandi mælikvarða, þ.e.a.s. ákveðnar gerðir landslags geta haft sérstakt gildi á landsvísu og/eða á svæðis- og staðarvísu. Landslag getur haft gildi sökum þess hversu sjaldgæft það er í náttúru lands eða menningu, eða á einhvern hátt táknrænt fyrir fólk.

Sé landslag nýtt til útivistar á einn eða annan hátt er það talið hækka gildi þess. Upplýsingar um þá staði þar sem fólk stundar útivist voru fengnar úr gildandi skipulagsáætlunum og í samtölum við staðarbúa.

Vernd landsvæða sem skilgreind er í samþykktum áætlunum, lögum og reglugerðum gefur landslagi aukið gildi. Vernd getur þó verið af ýmsum toga, verið skilgreind af mismunandi aðilum og haft mismunandi vægi í gildismati. Í þessu verkefni voru svæði sem njóta einhvers konar verndar talin auka gildi viðkomandi landslagsheildar og ekki gerður greinarmunur milli hvers eðlis verndin er.

Ef landslag er talið hafa mikinn sjónrænan fjölbreytileika eykur það gildi þess. Nánar um hvernig sjónrænn fjölbreytileiki er metinn má sjá í Viðauka A.

Í töflu 7 má sjá samantekt niðurstöðu á gildismati landslagsheilda út frá fyrrgreindum þáttum.

Tafla 7: Gildismat landslagsheilda

Landslagsheild	Útivist	Vernd	Sjónrænn	Samanlag
Fjallendi og víðerni (1)	-	-	●	● ●
Mósaík, framræst landbúnaðarland(2)	●	-	●	●
Fellslendi og votlendi (3)	●	●	● ●	● ● ●

Næmni landslagsheilda

Næmni landslags segir til um hversu næmt landslagið er fyrir breytingum af völdum framkvæmdar. Ef landslag en næmt er lítið rými til breytinga án þess að einkenni landslags breytist á afgerandi hátt. Þættir í landslagi sem taldir voru stýra næmni þess eru:

- **Skali** – Ef skali landslags er stór munu breytingar í landslagi mögulega verða hlutfallslega litlar og næmnin fyrir breytingum því verða minni.
- **Sérkenni landslags** – Sterk form og einkenni landslags gefa landslaginu gildi og geta verið mikils metin, þetta getur átt við landslagsform eða kennileiti.
- **Margbreytileiki í landslagi** – Mikill margbreytileiki í landslagi getur gefið minna rými til breytinga. Einsleitt landslag eða einfalt og reglulegt yfirborð getur gefið meira rými fyrir breytingar¹.
- **Búsetumynstur og áhrif mannsins** – Þar sem land er raskað fyrir eða ef breytingar eru í takt við fyrri notkun mannsins á landinu munu breytingar á landslagi mögulega ekki hafa mikið að segja og næmnin í takt við það.
- **Sjóndeildarhringur** – Ef breytingar munu sjást og vera hluti af mikilvægu útsýni frá viðkvæmum útsýnisstöðum eykur það næmni.
- **Sjónarmið skynjunar** – Aukin næmni fyrir breytingum í landslagi verður ef framkvæmd er fjarri öðrum sýnilegum eða heyranlegum ummerkjum mannlegra athafna.

Í töflu 8 má sjá samantekt niðurstöðu á mati á næmni hvernar landslagsheildar á athugunarsvæðinu

Tafla 8: Gildismat landslagsheilda

Landslagsheild	Mat á næmni
Fjallendi (1)	Lítill
Mósaík, framræst landbúnaðarland(2)	Lítill
Fellslendi og votlendi (3)	Miðlungs

Heimildir

Council of Europe (2000). *European Landscape Convention, Florence, 20.X.2000*. Strasbourg: Council of Europe.

Mannvit og Hornsteinar (2011). *Aðalskipulag Þingeyjarsveit 2010-2022*. Þingeyjasveit.

Landscape Institute og Institute of Environmental Management & Assessment (2013). *Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment* (3. útg.). Abingdon: Routledge.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsstofnun (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Swanwick, C. og Land Use Consultants (2002). *Landscape Character Assessment – Guidance for England and Scotland*. Cheltenham/Edinburgh: The Countryside Agency/Scottish Natural Heritage.

Veðurstofa Íslands. 2013. Minnisblað, Skriðuföllin í Kaldakinn, vorið 2013. Dagsett 11.10.2013.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. (2010). *Íslenskt landslag – Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Reykjavík: Háskóli Íslands.



MANNVIT



LANDSLAGS OG ÁSÝNDARGREINING

NÝ VEGLÍNA UM SKJÁLFANDAFLJÓT

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Aðferðafræði	1
2.1 Aðferðafræði landslagsgreiningar	3
2.2 Aðferðafræði ásýndargreiningar	5
3. Framkvæmdarsvæðið	6
3.1 Afmörkun athugunarsvæðis	6
3.2 Núverandi ástand	7
3.2.1 Jarðfræði	7
3.2.2 Gróðurfar	7
3.2.3 Vatnafar	9
3.2.4 Landnotkun og menningarlandslag	9
Samgöngur, byggð og önnur landnotkun	9
Útivist og ferðamennska	9
3.2.5 Landform/línur og sjónrænar afmarkanir	10
3.2.6 Sjónrænn fjölbreytileiki	11
4. Landslagsgreining	12
4.1 Landslagsheildir	12
4.1.1 Landslagsheild 1:	14
4.1.2 Landslagsheild 2:	18
4.1.3 Landslagsheild 3:	24
4.1.4 Landslagsheild 4:	26
4.1.5 Landslagsheild 5:	30
4.1.6 Landslagsheild 6:	32
4.2 Áhrif framkvæmdar á landslagsheildir – Niðurstöður	33
4.3 Mótvægisaðgerðir	34
5. Ásýndargreining	35
5.1 Myndræn framsetning ásýndargreiningar	35
5.2 Sýnileiki í landslagi	35
5.3 Útsýnisstaðir og ásýndarmyndir	36
5.4 Áhrif framkvæmdar á ásýnd – Niðurstöður	43
Heimildir	46
Viðauki A	A-1
Viðauki B	B-1

1. Inngangur

Vegagerðin undirbýr fyrirhugaða samgöngubót sem felst í byggingu nýrra brúa og vega um Skjálfandafljót í Kinn í Þingeyjasveit. Framkvæmdin er um 9,3 km löng og liggur um Norðausturveg (85) yfir meðal annars lönd Ófeigsstaða, Rangár, Engihlíðar og Hjarðarbóls. Vegurinn mun þvera Skjálfandafljót á tveimur stöðum. Framkvæmdin hefst á móts við Háls og fylgir núverandi vegi að Ófeigsstöðum, afvega liggur ný veglína um Ófeigsstaði og Rangá og tekur nokkrum hækkunum frá fyrri veglínu yfir Skjálfandafljót. Mætir aftur núverandi vegi norðan megin við Skjálfandafljót móts við Húsabakka. Vegamótin Aðalvegur (845) og Norðausturvegur (85) verða aflögð sem hluti af nýrri veglínu og tekur ný veglína sveig um land Tjarnar og sameinast eldri veglínu Norðausturvegar til Húsavíkur norðan Skjálfandafljóts. Einungis er um eina veglínu að ræða.

Að beiðni Vegagerðarinnar vann Mannvit eftirfarandi greinargerð sem hluta af könnun á matsskyldu verkefnisins. Gerð er grein fyrir landslagi og ásýnd lands innan áhrifasvæðis framkvæmdar og lagt mat á þau áhrif sem framkvæmdin kann að hafa á landslag og ásýnd. Að vinnunni kom hópur sérfræðinga innan Mannvits með reynslu af landslagsgreiningu og matsvinnu. Vinnan byggði á öflun heimilda, náttúrufarsgagna og annarra landfræðilegra upplýsinga, vettvangsferð og skoðun ljósmynda, loftmynda og korta af framkvæmdasvæðinu. Út frá upplýsingum um grunnástand svæðisins var landslag og ásýnd þess greint og gildi þess metið út frá ákveðinni aðferðafræði, sem að lokum var notað til að meta möguleg áhrif framkvæmdar á þessa umhverfispætti.

2. Aðferðafræði

Skilgreining landslags

Með landslagsgreiningu er lagt mat á sérstöðu, eiginleika og gildi nærliggjandi landslags til að geta metið hversu mikil áhrif framkvæmd getur haft á landslag og ásýnd. Sem bakgrunn við gerð landslagsgreiningar er stuðst við þær skilgreiningar sem gerðar hafa verið á landslagi. Í Evrópska landslagssáttmálanum, sem samþykktur var af Evrópuráðinu árið 2000 og Íslendingum árið 2012, er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur ásýnd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta. (Landslag getur breyst með tíma eftir því sem áhrif náttúrunnar og mannsins breytast. Landslag myndar því ákveðna heild þar sem hvoru tveggja áhrifa mannsins og náttúrunnar gætir, en ekki sitt í hvoru lagi).¹

Í núverandi skipulagslögum er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegs og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.²

Þessar tvær skilgreiningar sýna að hægt er að skilgreina hugtakið á mismunandi hátt eftir þjóðum, tungumálum og menningu. Aðkoma og áhrif mannsins hafa haft mikil áhrif á landslagið og í landslaginu mætast náttúra og menning og eru þessir þættir oft óaðskiljanlegir. Upplifun okkar á

¹ Council of Europe, 2000

² Skipulagslög nr. 123/2010

landslagi er misjöfn og upplifun er ekki alltaf tengd hinu sjónræna, heldur einnig minningum, lykt, tilfinningum og áferð.

Viðmið við greiningu landslags

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við greiningu landslags og mat á áhrifum á landslag og ásýnd lands má m.a. finna í stefnumótun stjórnvalda, lögum og reglugerðum. Þar er hægt að finna ákvæði varðandi landslag og einnig hægt að fá vísbindingar um m.a. hvers konar landslag er skilgreint með sérstöðu og nýtur verndar. Stefnum, lög og reglugerðir sem horft er til í þessu samhengi eru:

- Lög um náttúrvernd nr. 60/2013
- Náttúruminjaskrá
- Aðalskipulag Þingeyjarsveit 2010-2022

Aðferðir við greiningu landslags og ásýndar

Aðferðafræðin sem hér er notuð við mat á áhrifum framkvæmdar á landslag og ásýnd þess er mótuð af verkfræðistofunni Mannvit hf. og hefur verið notuð á Íslandi frá árinu 2010 við landslagsgreiningu og mat á áhrifum framkvæmda á landslag. Aðferðafræðin byggir að stórum hluta á aðferðum Land Use Consultants (LUC) frá Bretlandi, aðferð sem kallast Landscape Character Assessment eða LCA-aðferðin³ ásamt leiðbeiningum The Landscape Institute og Institute of Environmental Management and Assessment⁴. Þessum aðferðum hefur verið beitt jafnt á skipulagsstigi framkvæmda sem og við mat á umhverfisáhrifum.

Í aðferðafræðinni er gerður greinarmunur á milli landslagsáhrifa og ásýndaráhrifa og fjallað um þessi áhrif á aðskilinn hátt. Aðferðafræðin snýst því um mat framkvæmdar á:

- Landslag sem auðlind (byggt á opinberum lagalegum forsendum um landslag, fegurð landslags eða öðrum gæðum sem byggjast á skynjun og gerð landslags)
- Útsýni og sjónræna þætti tengda upplifun fólks (sem verða vegna breytinga á ásýnd landslags)

Þessari aðferð verður beitt hér þar sem í fyrsta lagi verður gerð landslagsgreining með mati áhrifa framkvæmdar á landslag og í öðru lagi verður gerð ásýndargreining og mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdar. Þessir tveir greiningarþættir tengjast alltaf að einhverju leyti og verður því umræðan um áhrif framkvæmdar stundum lituð af báðum þáttum.

³ Swanwick, C. og Land Use Consultants, 2002

⁴ Landscape Institute og Institute of Environmental Management & Assessment, 2013

2.1 Aðferðafræði landslagsgreiningar

Landslagsgreining snýst um að varpa ljósi á helstu landslagseinkenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, meta gildi landslags og viðkvæmni þess fyrir breytingum. Í framhaldi af því er metið hversu mikil áhrif fyrirhuguð framkvæmd geti haft á gæði landslags. Yfirlit yfir vinnuferli aðferðarinnar sem notuð er við landslagsgreiningu má sjá í flæðiriti hér til hliðar (mynd 1).

Í upphafi vinnu er svæði sem taka á til athugunar afmarkað og gögnum safnað um grunnástand þess. Gögnin snúa að upplýsingum um þá umhverfisþætti og landslagseinkenni sem móta landið og liggja til grundvallar við flokkun lands í landslagsheildir og við matsvinnuna sjálfa:

- Jarðfræði/jarðvegur
- Gróðurfar
- Vatnafar
- Landnotkun - menningarlandslag og byggðamynstur
- Landform/línur og sjónrænar afmarkanir
- Sjónrænn fjölbreytileiki


Hverjum umhverfisþætti fyrir sig er lýst í stuttu máli til að varpa ljósi á mikilvæga þætti sem taka þarf tillit til við mat á áhrifum á landslag og ásýnd þess. Gerð var sérstök greining á sjónrænum fjölbreytileika fyrir hverja landslagsheild (sjá Viðauka A).

Til viðbótar við framangreind gögn var farin vettvangsferð haustið 2022, umhverfið kannað og myndir teknar. Öll gögn og upplýsingar sem tengjast landssvæðinu gefa skýrari mynd af grunnástandi svæðisins og geta því nýst við matsvinnuna.

Flokkun landslagshelda

Allt athugunarsvæðið er flokkað í landslagsheldir. Til að ákvarða flokkun lands í landslagsheldir eru umhverfisþættir, sem tilteknir eru hér að ofan, bornir saman og lagðir yfir hvern annan í landupplýsingagrunni. Landslagsheldir eru þannig afmarkaðar út frá sjónrænum rýmismyndunum með hjálp grunnkorta. Flokkunin byggist á einkennum landslagsins en ekki gildum þess eða verðmætum.

Þegar lokið er við tillögur að skiptingu svæða í landslagsheldir er flokkunin yfirfarin á vettvangi. Í vettvangsferð eru tillögur að skiptingum yfirfarnar og þeim breytt ef þurfa þykir. Þegar farið er um athugunarsvæðið má ef til vill greina að mismunandi landslagsheldir hafi svipuð einkenni, s.s. í



gróðurfari, landformum og landslagi. Þessi einkenni þurfa ekki alltaf að þekja alla heildina. Reynt er að ná utan um þessi einkenni og greina þau. Eftir að flokkun landslagsheilda hefur verið staðfest er hverri heild lýst fyrir sig. Í lýsingu kemur fram hvaða þættir eru áberandi fyrir hverja heild og hvort einhverjir þættir gefa henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum.

Gildi og viðkvæmni landslagsheilda

Eftir að hverri landslagsheild hefur verið lýst er viðkvæmni landslagsins fyrir breytingum metin út frá gildi og næmni svæðisins.

Gildi hvernar landslagsheildar er metið út frá eftirtöldum þáttum:

- Útivist (er heild nýtt til útivistar eða annarrar afþreyingar?)
- Vernd (eru verndarsvæði innan heildarinnar?)
- Sjónrænn fjölbreytileiki (fær heildin hátt gildi fyrir sjónrænan fjölbreytileika?)

Þættir sem teknir voru inn í gildismatið voru valdir af þeim sem framkvæmdu landslagsgreininguna og við valið var tekið mið af eðli og einkennum svæðisins. Við gildismat er landslagsheildunum gefið hátt, miðlungs eða lágt gildi.

Næmni landslagsheildar er metin út frá ýmsum þáttum, svo sem skala, sérkenni landslags, margbreytileika í landslagi, búsetumynstri og áhrifum mannsins, sjóndeildarhring og sjónarmiði skynjunar. Nánar um mat á gildi og næmni landslags má sjá í Viðauka B.

Út frá gildi og næmni er viðkvæmni landslagsheildanna síðan metin á skalanum lítil viðkvæmni, miðlungs viðkvæmni eða mikil viðkvæmni.

Áhrifamat: Umfang, einkenni og vægi áhrifa

Mat á áhrifum framkvæmdar á landslag skiptist í mat á umfangi áhrifa og vægi áhrifa.

Umfang áhrifa er fengið með því að meta stærð og skala beinna áhrifa framkvæmdar á landslagsheild, landfræðilegu umfangi, varanleika áhrifa og hvort áhrif vegna framkvæmdar séu afturkræf.

Í lokin er einkennum áhrifa á landslagsheild lýst og vægi áhrifa metið með því að vega saman hversu viðkvæm landslagsheildin er fyrir breytingum (viðkvæmni landslagsheildar) og umfangi áhrifa. Vægi áhrifanna er metið sem óveruleg, lítil, miðlungs eða mikil í samræmi við vægiseinkunn í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa⁵. Út frá niðurstöðu greiningar á landslagsheildum og umfangi og vægi áhrifa framkvæmdar á landslag verður þörfin á mótvægisáðgerðum metin til að draga úr eða bæta fyrir áhrif ef þau verða talin veruleg.

⁵ Skipulagsstofnun, 2005

2.2 Aðferðafræði ásýndargreiningar

Líkt og við mat á áhrifum á landslag byggist aðferðafræði við mat á sjónrænum áhrifum á að greina viðkvæmni viðtaka (fólks) sjónrænna áhrifa og umfang og vægi áhrifa á sýnileika.

Við mat á **næmni** sjónrænna viðtaka er eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Er fólk til staðar sem er háð upplifun af útsýni eða landslagi í óbreyttri mynd?
- Er óbreytt útsýni frá viðkomandi stað hluti af landslagsgæðum?

Næmni sjónrænna viðtaka ræðst einnig af fjarlægð eða hversu nálægt framkvæmdunum sá er sem horfir.

Við mat á **gildi** landslags út frá sjónrænum eiginleikum er miðað við eftirfarandi:

- Er land sem breytist vegna framkvæmda mikilvægt vegna ásýndar eða sjónrænnar upplifunar?
- Eru sérstakar kvaðir í skipulagi sem eiga við um ákveðna útsýnisstaði?
- Eru gildi fyrir hendi sem snerta útsýni staðarbúa eða annarra notenda á svæðinu?

Viðkvæmni viðtaka sjónrænna áhrifa byggir á mati á bæði næmni útsýnis og gildi. Viðkvæmni viðtaka er skilgreint sem mikil viðkvæmni, miðlungs viðkvæmni og lítil viðkvæmni.

Til stuðnings við matið er útbúið sýnileikakort (Zone of Theoretical Visibility – ZTV kort) og ásýndarmyndir. Sýnileikakort er gert í ArcGIS hugbúnaði þar sem sýnileiki er reiknaður í þrívíðu umhverfi. Kortið sýnir hvaðan og hversu mikið fyrirhugaður vegur mun sjást eftir að framkvæmdum er lokið.

Einnig eru útbúnar svokallaðar ásýndarmyndir sem sýna landslag og fyrirhugaða framkvæmd frá ákveðnu sjónarhorni. Sjónarhorn fyrir ásýndarmyndir er valið út frá niðurstöðum sýnileikagreiningar og landslagsgreiningar og er það sjónarhorn sem talið er mikilvægt eða viðkvæmt út frá ásýndarbreytingum. Þá er tekin mynd sem sýnir landslag fyrir framkvæmdir og síðan er útbúið sama sjónarhorn í tölvulíkani þar sem bætt er við fyrirhuguðum vegi og sýnir landslag eftir framkvæmdir. Notast er við hönnunargögn frá Vegagerðinni og hæðargögn frá Loftmyndum við ásýndargreininguna.

Að lokum er vægi sjónrænna áhrifa metið út frá áætlaðri viðkvæmni viðtaka og umfangi áhrifa á völdum útsýnistöðum.

Við mat á **umfangi** sjónrænna áhrifa er miðað við eftirfarandi þætti:

- Stærð/Skali - Hversu mikið breytir framkvæmd sjónrænum þáttum í landslagi?
Hversu mikið skerðist tiltekið útsýni?
- Landfræðilegt umfang – Frá hversu stóru svæði er fyrirhuguð framkvæmd sjáanleg?
- Varanleiki – Í hversu langan tíma er áhrifa að gæta á sjónræna þætti/útsýni?
- Afturkræfni – Munu breytingar á útsýni eða sjónrænum eiginleikum vera varanlegar?

Eftirfarandi atriði eru notuð sem almenn viðmið við mat á sjónrænum áhrifum verkefnisins og sem vægiseinkunn byggir á:

- Eru viðkvæmir útsýnisstaðir innan viðkomandi landslagsheildar þar sem framkvæmdin sést?
- Hefur framkvæmdin áhrif á einkenni ásýndar eða viðkvæmra útsýnisstaða?
- Skerðir framkvæmdin útsýni þar sem ásýnd landslags er mikilvægur hluti af upplifun fólks?

Vægi sjónrænna áhrifa eru metin sem óveruleg, lítil, miðlungs eða mikil í samræmi við vægiseinkunn í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa⁶.


Út frá niðurstöðu greiningar á sýnileika og umfangi og vægi áhrifa framkvæmdar á ásynd verður þörfin á mótvægisáðgerðum metin til að draga úr eða bæta fyrir áhrif ef þau verða talin veruleg.

3. Framkvæmdarsvæðið

3.1 Afmörkun athugunarsvæðis

Afmörkun athugunarsvæðis miðast að mestu við landsvæðið í allt að 6 km fjarlægð frá framkvæmdarsvæði (sjá mynd 2). Afmörkun athugunarsvæðisins ræðst af náttúrlægum þáttum í landslaginu og nær yfir það svæði sem talið er geta orðið fyrir beinum áhrifum sem og sjónrænum áhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Til suðurs nær athugunarsvæðið að Vestmannsvatni, til vesturs að hlíðum Staðarfjalls í Köldukinn og til austurs að hlíðum Hvammsheiðar. Til norðurs nær svæðið að Sandi í Út-kinn.



Mynd 2. Athugunarsvæðið og staðsetning á Íslandi

⁶ Skipulagsstofnun, 2005

3.2 Núverandi ástand



Mynd 3. Horft yfir framkvæmdarsvæði Skjálfandafljóts

Svæðið er staðsett um 17 km sunnan Húsavíkur og í um 5 km fjarlægð frá Húsavíkurlflugvelli. Ný veglína liggur um Norðausturveg sem er staðsettur í Köldukinn og liggur í gegn um


Aðaldalshraun. Staðarfjall og Fljótsheiði afmarka landsvæðið sem liggur nær Húsavík. Helstu einkenni svæðisins er fljótið sem flæðir um svæðið, víðátta til norðurs og fjöll sem umlykja dalinn til austurs og vesturs.

3.2.1 Jarðfræði


Stór hluti svæðisins er basískt og ísúr hraun, forsögulegt og myndast eftir ísöld og er eldra en 1100 ára. Greina má setlög frá nútíma, basískt og ísúr hraun frá Plíósen 2,6-5,3 milljónir ára. Það hraun sem runnið hefur um svæðið má nefna Laxárhraun yngra um 2200 ára gamalt. Kinnarhraun er um 9500 ára.

3.2.2 Gróðurfar

Ný veglína liggur að hluta til í sama vegstæði og núverandi Norðausturvegur (85). Þar sem ný veglína og brýr fara yfir ný landsvæði einkennast gróðursvæði helst af mólendi og graslendi sem bæði hefur miðlungs verndargildi. Nokkuð er um votlendis fláka í nánasta umhverfi við veglínu. Votlendi er alltaf með hátt verndargildi. Algengustu vistgerðirnar á svæðinu eru víðikjarrlendi (mjög hátt verndargildi), gulstararflóavist (mjög hátt verndargildi), snarrótarvist (hátt verndargildi), fléttumóavist (miðlungs verndargildi), lynghraunavist (miðlungs verndargildi), starmóavist (miðlungs verndargildi) og flagmóavist (lágt verndargildi) (Náttúrufræðistofnun Íslands, 20.10.2023).



Mynd 4. Vistgerðir innan athugasvæðis



Mynd 5. Vistlendi innan athugasvæðis

3.2.3 Vatnafar


Skjálfandafljót er ráðandi og áberandi þáttur í vatnafari svæðisins.

Innan athugunarsvæðis eru nokkrar ár sem renna í Skjálfandafljót eru það m.a. Rangá, Skálaá og Torfá. Norðan við Húsavíkflugvöll þverar núverandi Norðausturvegur Laxá sem síðan rennur út í sjó.

3.2.4 Landnotkun og menningarlandslag

Landnotkun tekur til notkunar mannsins á landinu. Landnotkun er sú starfsemi sem fer fram í landslaginu og setur sinn svip og einkenni á landslagið. Á landsvæðinu sem er til skoðunar má greina atvinnurekstur, mismunandi búsetumynstur, samgöngur, afþreyingu og aðra landnýtingu.

Samgöngur, byggð og önnur landnotkun




Mynd 6. Núverandi vegir og viðkomustaðir

Fyrirhuguð samgöngubót liggur að miklu leyti um núverandi veglínu Norðausturvegs (85). Ný veglína mun far yfir landbúnaðarland, óraskaða náttúru, gervígísgsvæði og að auki verða reistar brýr sem þvera Skjálfandafljót. Engin mannvirki, áningarstaði eða merka staðir eru staðsettir þar sem ný veglína fer um fyrir utan mikilvægt fuglasvæði á Skjálfandafljóti.

Útivist og ferðamennska

Samkvæmt Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er nokkuð um göngu- og reiðleiðir innan athugunarsvæðis, t.d. göngu- og reiðleið um Gönguskarð sem liggur frá Hálsi í Kinn og gegnum fjallgarðinn vestur í Fnjóskadal, og reiðleiðir um Fljótsheiði og bæinn Torfunes. Nokkuð er um fisk veiði í Skjálfandafljóti.

Verndarsvæði



Mynd 7. Verndarsvæði

Nokkuð er um náttúruleg einkenni landsins sem taka þarf tillit til við skipulagningu og endurnýjun veglínu. Þau náttúrufyrirbæri sem huga þarf að er gervigigasvæði á vegamótum Aðaldalsvegur og Norðausturvegur. Fjölbreytt og mikið fuglalíf er á Sand-Sílalæk-Skjálfafljót skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, sérstaklega fyrir grágæs á fjaðrafellstíma (Náttúrufræðistofnun Íslands, 20.10.2023). Nokkuð er um örnefni og fossa á svæðinu sem og hellasvæði sem ekki verður fyrir áhrifum framkvæmdarinnar.

Óbyggt viðerni er skilgreint í meira en 5 km fjarlægð frá framkvæmd og verður því ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmdar.

3.2.5 Landform/línur og sjónrænar afmarkanir

Athugunarsvæðið einkennist af flötum dalsbotni inn af firði sem greinist í minni dali með lágum aflíðandi fellum og hryggjum. Dalurinn afmarkast víðast hvar af hærri og brattari fjallshlíðum. Nærri sjó er landið víðáttumikið og mikil opnun er á útsýni út á fjörðinn til norðurs (Skjálfafljót). Innar í landinu er láglandið meira umlykjandi af fjöllum en sjónlínur liggja aðallega eftir dölum sem liggja í norður-suður áttir.

Yfirborð einkennist aðallega af vatnsföllum, ræktunarlandi og hraunbreiðum. Ræktunarland með túnum, skurðum og búfjárgirðingum mynda skarpar línur á yfirborði. Skjálfafljót setur sterkan svip á landið og myndar fjölbreytt og áberandi form og línur í landslaginu sem stöðugt breytast eftir því sem vatnsmagn og árfarvegurinn breytist.

3.2.6 Sjónrænn fjölbreytileiki

Sem hluti af landslagsgreiningu var sjónrænn fjölbreytileiki í landslagi metinn innan hversrar landslagsheildar. Sjónrænn fjölbreytileiki var metinn úr frá eftirfarandi þáttum og vægi þeirra:

- Vísýni
- Breytileiki í hæð
- Form og línur
- Áferð
- Gróðurþekja
- Litauðgi
- Blettastærð
- Birtingaform vatns

Útbúinn var athugunarlisti þar sem ofangreindir þættir voru metnir á kerfisbundinn hátt og gefin einkunn eftir vægi hvers þáttar í landslaginu. Einkunnin sem fæst út úr matinu gefur til kynna hversu mikill fjölbreytileikinn er á viðkomandi svæði og meiri fjölbreytileiki gefur landslaginu innan viðkomandi landslagsheildar aukið vægi inn í gildismatið.

Innblástur við gerð athugunarlistans og þeirra aðferða sem notaðar voru við greininguna var fenginn frá íslenska landslagverkefninu⁷. Annað er staðfært og aðlagð þessu verkefni og sett saman af þeim sem komu að greiningunni og matinu innan Mannvits. Athugunarlistann og greininguna sem gerð var á sjónrænum fjölbreytileika má finna í Viðauka A.

⁷ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl., 2010

4. Landslagsgreining

4.1 Landslagsheildir

Hugtakið landslagsheild hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun með eftirfarandi hætti:

Landslagsheild er landslag sem fólk upplifir að sé afmarkað af náttúrulegum (t.d. fjallahringur, fjörður) og/eða menningarlegum þáttum.

Flokkun í landslagsheildir er gerð út frá sjónrænum rýmismyndunum og með hjálp grunnkorta yfir umhverfisþætti. Í hverri landslagsheild eru ákveðnir ráðandi þættir sem móta stærð og lögun heildarinnar. Samspil ákveðinna þátta er einnig mikilvægt, t.d. ræður berggrunnur miklu um hvaða gróður þrífst á viðkomandi svæði. Skörp skil á t.d. gróðri geta einnig greint á milli landslagsheilda. Afmörkun hvernar heildar ræðst að miklu leyti af landformum, þ.e.a.s. þeirri umgjörð sem lokar á frekari sýn áhorfandans. Þetta geta til að mynda verið fjallgarðar, hólur eða hryggir. Við landslags- og ásýndargreiningu var notast við landfræðilegar upplýsingar og ritaðar heimildir eftir því sem kostur var. Eftirfarandi landfræðilegu gögn voru nýtt við vinnuna:


Tafla 1. Landfræðileg gögn

Gögn/Þekjur	Eigandi
Mannvirki, samgöngur, yfirborð, vatnafar	Landmælingar Íslands
Hæðalíkan	Loftmyndir ehf.
Vistgerðir	Náttúrufræðistofnun Íslands
Veglína og brú	Vegagerðin
Loftmyndir	Loftmyndir ehf.

Mörk landslagsheilda eru í fæstum tilfellum mjög skörp eða greinileg. Engu að síður eru mörk landslagsheilda sem greind eru í þessu verkefni táknuð með línu á korti (mynd 8). Hverri landslagsheild er gefið nafn til aðgreiningar sem dregið er af lýsandi eiginleikum innan heildarinnar. Gerð verður grein fyrir hverri landslagsheild með stuttri lýsingu og yfirferð á helstu einkennum. Í lýsingu kemur fram hvaða þættir eru áberandi fyrir hverja heild og hvort einhverjir þættir gefa henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum. Fyrir hverja heild er sjónrænn fjölbreytileiki metinn ásamt næmni og gildi hennar og þar með einnig viðkvæmni fyrir breytingum. Að lokum er umfang breytinga innan hvernar heildar greint og síðan lagt mat á einkenni og vægi áhrifa framkvæmdar.

Athugunarsvæðið var flokkað í sex landslagsheildir út frá einkennandi þáttum og eru þær eftirfarandi:

- 1 Skjálfandafljót
- 2 Landbúnaðarland
- 3 Fljótshéiði og Aðaldalur
- 4 Aðaldalshraun
- 5 Kaldakinn
- 6 Hvammsheiði




Mynd 8. Athugunarsvæði og Landslagsheildir

4.1.1 Landslagsheild 1: Skjálfandafljót

Skjálfandafljót er tilkomumikið jökulfljót og einkennist landslagsheildin helst af fjölbreyttri birtingarmynd þess auk þeirra lækja og áa sem renna í fljótið. Innan heildarinnar er fjölbreytt fuglalíf, verndarsvæði fugla og fiskveiði þegar aðstæður leyfa. Meðfram fljótinu er töluvert af bæjum með tilheyrandi landbúnaðarlandi.

Skjálfandafljót breiðir úr sér yfir stórt landsvæði en vatnavextir geta orðið talsverðir í leysingum. Meðfram fljótinu eru bæði eyrar og votlendi áberandi en samkvæmt verndarákvæðum hafa stærri votlendissvæði hátt verndargildi. Algeng votlendisvistgerð innan heildarinnar er brókflóavist sem hefur mjög hátt verndargildi samkvæmt

Náttúrufræðisstofnun Íslands og vistgerð sem þarfnast verndar (Náttúrufræðisstofnun Íslands, 20.10.2023).



Mynd 9. Landslagsheild 1 - Skjálfandafljót

Helstu einkenni landslagsheildar:

- Fjölbreytt fuglalíf og verndarsvæði fugla
- Víðfeðmt fljót á flatlendi
- Víðsýni
- Eyjar og votlendi
- Ræktunartún



Mynd 10. Horft yfir Skjálfandaflojt og til norðurs

Viðkvæmni:

Víðátta er einkennandi fyrir heildina, fjölbreytt birtingarmynd vatns, híbýli fólks og bújarðir á bökkum fljótsins. Innan heildarinnar er mikilvægt landsvæði fyrir fugla, votlendissvæði og fiskveiði er stunduð á ákveðnum tímum ársins. Sjónrænn fjölbreytileiki er metinn miðlungs vegna fjallasýnar, víðáttunnar og margbreytileika fljótsins sem kvíslast um eyrar og votlendi. Gildi heildarinnar er metið hátt.

Umhverfi heildarinnar er fjölbreytt, gróðurþekja er nokkuð margbreytileg, nálægð íbúa er nokkur og útivist er stunduð innan heildarinnar. Næmni landslagsins fyrir breytingum er metið miðlungs.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildar talin **miðlungs**.

Umfang áhrifa:

Bein áhrif verða á landslagsheildina þar sem fyrirhugaður vegur og brýr liggja á stað þar sem enginn vegur liggur í dag. Nýr vegur sker í sundur svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fyrir fugla og einnig landbúnaðarland.

Umfang áhrifa innan landslagheildarinnar er talið **miðlungs**.

Einkenni og vægi áhrifa

Ný veglína mun þvera ræktunarlönd sem liggja að Skjálfandaflojti. Mikilvægt er að brúin verði löguð vel að landi og skerði ekki upplifunargildi þeirra sem búa í námunda við svæðið og notendur þess. Að teknu tilliti til að landslagsheildin sé talin **miðlungs** viðkvæm og að umfang áhrifa innan landslagsheildar sé talið **miðlungs** er metið að áhrif fyrirhugaðra breytinga á landslagsheild verði **miðlungs**.



Mynd 11. Núverandi landslag og mannvirki. Séð yfir Skjálfandafljót til norðvesturs. Mynd til upplýsinga, ekki til mats á áhrifum.



Mynd 12. Mynd sýnir mögulega ásjúnd lands eftir framkvæmdir. Ekki er um endanlega verkhönnun að ræða. Mynd er til upplýsinga, ekki til mats á áhrifum.




Mynd 17. Núverandi ásjnd. Séð yfir Skjálfandaflljót til norðausturs. Norðausturvegur sést liggja fyrir fjallið Garðsnúp.



Mynd 18. Mynd sýnir mögulega ásýnd lands eftir framkvæmdir. Ekki er um endanlega verkhönnun að ræða. Mynd er til upplýsinga, ekki til mats á áhrifum.


4.1.2 Landslagsheild 2: Landbúnaðarland

Landslagsheildin einkennist af landbúnaði með tilheyrandi býlum og ræktunartúnum en einnig frístundahúsum og útivist af ýmsu tagi er stunduð innan heildarinnar. Manngerðar línur, eins og vegir og skurðir á milli túna, eru áberandi í landslaginu. Svæðið er vel gróið og mikið flatlendi og víðátta er við Skjálfandaflljót. Óskertur sjóndeildarhringur er út fjörðinn til norðurs.



Helstu einkenni landslagsheildar

- Landbúnaðarland
- Víðátta
- Fjölbreytileiki
- Flatlendi við Skjálfandaflljót
- Manngerðar línur



Mynd 14. Sjónarhorn til suðurs að framkvæmdarsvæði

Viðkvæmni

Landslagsheildin einkennist af landbúnaðarlandi, ræktunartúnum sem liggja upp að Skjálfandafhljóti, flatlendi og víðsýni. Innan heildarinnar er stórt votlendissvæði sem er samkvæmt Náttúrufræðisstofnun Íslands vistgerð sem þarfnast verndar. Fyrirhuguð veglína færast nær núverandi byggð, vegurinn verður beinni og umferð verður greiðari. Gildi heildarinnar metið miðlungs.

Fyrirhuguð veglína liggur í gegnum ræktunarsvæði sem einnig gæti talist útivistarsvæði, sjónrænn fjölbreytileiki er metinn miðlungs en nokkuð er um íbúa og ferðamenn sem búa og dvelja innan landslagsheildarinnar. Áhrif mannsins eru áberandi í landslaginu, eins og mannvirki, vegir, skurðir og ræktunartún. Næmni heildarinnar er metin miðlungs.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildar talin **miðlungs**.

Umfang áhrifa

Bein áhrif verða innan landslagsheildar vegna framkvæmdar. Nýr vegur þverar ræktunartún og færast nær núverandi byggð. Nefna má að veltengingar verða aflagðar og vegkerfið einfaldað. Ný veglína mun falla vel að umhverfinu þar sem núverandi landslag hefur manngert yfirbragð og skurðir mynda samskonar línur í núverandi umhverfi.

Umfang áhrifa innan landslagsheildarinnar er talið **miðlungs**.

Einkenni og vægi áhrifa

Ný veglína mun þvera landbúnaðarland og færast nær núverandi byggð.

Mikilvægt er að veglínan falli vel að umhverfinu og hafi sem minnstu áhrif á íbúa og þeirra sem þar dvelja.

Að teknu tilliti til að landslagsheildin sé talin **miðlungs** viðkvæm og að umfang áhrifa innan landslagsheildar sé talið **miðlungs** er metið að áhrif fyrirhugaðra breytinga á landslagsheild verði **miðlungs**.



Mynd 15. Núverandi veglína í landslagi. Horft í norðausturátt eftir Norðausturvegi sem tekur hægri beygju við bæinn Ófeigsstaði. Mynd er til upplýsinga og ekki notuð til mats á áhrifum.




Mynd 16. Mynd sýnir möguleg áhrif á landslag og ásýnd. Ekki er um endanlega verkhönnun að ræða. Mynd er til upplýsinga og er ekki notuð til mats á áhrifum.

4.1.3 Landslagsheild 3:

Fljótshéiði og Aðaldalur

Landslagsheildin nær yfir lágan fjallgarð Fljótshéiðarinnar og flatlandan Aðaldalinn sem liggur austan megin við Fljótshéiði. Helstu einkenni Aðaldals eru Laxá og landbúnaðarland sem fléttast saman við hraun og gervígga. Við rætur Fljótshéiðar að vestanverðu liggur bæði núverandi og fyrirhuguð veglína.



Helstu einkenni landslagsheildar

- Landbúnaðarland
- Laxá
- Fjallgarður

Viðkvæmni

Framkvæmd er að litlu leyti staðsett innan landslagsheildar eða aðeins í norðvestur jaðri hennar. Allstórt gervígígasvæði er innan heildarinnar sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Núverandi landnotkun, þ.e. landbúnaðarland, vegir og mannvirki, dreifist inn á milli gervígíga og yfir hraun og telst þetta svæði því nokkuð raskað. Á svæðinu er lynghraunavist sem hefur miðlungs verndargildi samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands, 20.10.2023). Sjónrænn fjölbreytileiki er metinn miðlungs. Gildi heildarinnar er metið miðlungs og næmni er metin lítil.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildar talin **miðlungs**.

Umfang áhrifa

Við framkvæmd verða einu breytingarnar á gatnamótum Aðaldalsvegur og Norðausturvegur við bæinn Tjörn en þau gatnamót verða aflögð eftir framkvæmd og koma þessir vegir til með að tengjast með nýrri bogadreginni veglínu fyrir utan landslagsheild. Með þessari breytingu mun umferð um Norðausturveg færast fjær hóbýlum fólks. Ný veglína liggur innan gervígígasvæðis en mun ekki raska því svæði meira en hefur verið gert í dag.

Umfang breytinga á landslagsheild er talið **lítið**.


Einkenni og vægi áhrifa

Flæði þeirra sem ferðast um svæðið mun verða greiðara, nýr vegur færast fjær hóbýlum en liggur um gervígígasvæði. Að því gefnu að landslagheildin sé talin **miðlungs** viðkvæm, að umfang breytinga innan landslagsheildarinnar séu taldar **litlar** og að framkvæmdin muni ekki skerða gæði eða gildi landslagsins er metið að áhrif fyrirhugaðra breytinga á landslagsheildina verði **lítil**.

4.1.4 Landslagsheild 4:

Aðaldalshraun

Helstu einkenni heildarinnar er víðátta og óskertur sjóndeildarhringur til norðurs. Hraun þekur stóran hluta yfirborðs innan heildarinnar og er það ýmist vaxið mosa eða kjarri. Þessi landslagsheild einkennist helst af lynchraunavist sem telst hafa miðlungs verndargildi en einnig er birkiskógsvæði sem flokkast undir kjarrskógavist (Náttúrufræðistofnun Íslands, 20.10.2023). Núverandi Norðausturvegur liggur alfarið yfir hraunbreiðuna innan heildarinnar og að hluta yfir gígsvæði sem staðsett er við vegamót Norðausturvegar og Aðaldalsvegar, en þar eru gervíggar sem njóta verndar (Náttúrufræðistofnun Íslands, Ísor, 2013).



Mynd 20. Landslagsheild 4 - Aðaldalshraun

Helstu einkenni landslagsheildar

- Víðátta
- Kjarrlendi
- Hraun
- Gervíggar

Viðkvæmni

Fyrirhuguð veglína er áætluð að mestu í núverandi veglínu. Vegamótin Norðausturvegs og Aðaldalsvegs breytist veglínan og færast fjær híbýlum Aðaldals en eins og núverandi veglína þá liggur tilvonandi veglína líka yfir gervígígasvæði. Gildi heildarinnar er metið miðlungs.

Gervígígasvæðið sem fyrirhuguð veglína mun þvera er nú þegar raskað af núverandi veglínu og túnrækt og gróður er nokkuð einsleitur. Næmni er metin lítil.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildarinnar talin **lítil**.

Umfang áhrifa

Ný veglína mun ekki hafa mikil áhrif á yfirbragð og flæði svæðisins þar sem að veglínan liggur að mestu um núverandi veglínu.

Umfang áhrifa á landslagsheild er talið **lítið**.

Einkenni og vægi áhrifa

Fyrirhuguð framkvæmd er staðsett að mestu í núverandi veglínu, sá vegkafla sem er fyrir utan núverandi veglínu fer yfir gervígígasvæði, þó það svæði sé raskað fellur það undir sérstakan verndunarflokk. Að því gefnu að landslagsheildin sé talin **lítið** viðkvæm, að umfang breytinga innan landslagsheildarinnar sé talið **litlar** og að framkvæmd muni ekki skerða gæði eða gildi landslagsins er metið að áhrif fyrirhugaðra breytinga á landslagsheildina verði **lítil**



Mynd 21. Horft eftir Aðaldalshrauni




Mynd 22. Núverandi veglína í landslagi. Norðausturvegur og Aðaldalsvegur. Bærinn Tjörn við gatnamótin til hægri á mynd. Mynd er til upplýsinga og er ekki notuð til mats á áhrifum.



Mynd 23. Mynd sýnir mögulega ásjnd af fyrirhugaðri framkvæmd. Ekki er um endanlega verkhönnun að ræða. Mynd er til upplýsinga og er ekki notuð til mats á áhrifum.

4.1.5 Landslagsheild 5: Kaldakinn

Landslagsheildin nær yfir aflíðandi fjallshlíðar Köldukinnar frá hábungum fjalla niður í dalsbotn eða að flatlendi við Skjálfandafljót. Helstu einkenni landslagsheildarinnar er víðsýni yfir dal og Skjálfandafljót. Ár og árfarvegir eru áberandi í fjallshlíðum sem enda ýmist í Rangá eða í Skjálfandafljóti. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki innan landslagsheildar en er sýnileg þar sem hún liggur á flatlendinu við Skjálfandafljót.



Helstu einkenni landslagsheildar

- Grónar fjallshlíðar
- Víðsýni
- Víðátta
- Strjálgróið land

Viðkvæmni

Framkvæmdin er ekki innan landslagsheildarinnar en útsýni er yfir núverandi og fyrirhugaða veglínu. Landslagsheild er talin hafa miðlungs sjórænan fjölbreytileika. Gildi landslagsheildarinnar er talið lítið.

Nokkur fjölbreytileiki gróðurs er innan heildarinnar og göngu- og reiðleið liggur yfir fjallgarðinn. Fyrirhuguð framkvæmd mun ekki hafa áhrif á landslagsheildina. Næmni landslagsheildarinnar metin lítil.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildarinnar talin **lítil**.

Umfang áhrifa

Fyrirhuguð framkvæmd mun sjást frá landslagsheild en sjónræn áhrif verða lítil vegna fjarlægðar. Þar sem fyrirhuguð veglína mun mæta núverandi vegi mun ekkert umfram rask verða á umhverfi. Umfang áhrifa talið **lítið**.

Einkenni og vægi áhrifa

Engin bein áhrif verða á landslagsheildina fyrir utan sjónræn áhrif. Að því gefnu að landslagsheildin sé talin **lítið** viðkvæm, að umfang breytinga innan landslagsheildarinnar séu taldar **litlar** og að framkvæmdin muni ekki skerða gæði eða gildi landslagsins er metið að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslagsheild verði **lítil**.




Mynd 25. Horft að Köldukinn

4.1.6 Landslagsheild 6:

Hvamssheiði

Helstu einkenni eru lágrest fell með landbúnaðarlöndum við rætur þess. Helstu vistgerðir eru Fjalldrapamóavist, Grasengjavist og votlendi.



Mynd 26. Landslagsheild 6 - Hvamssheiði

Helstu einkenni landslagsheildar

- Breytileiki í hæð
- Landbúnaður
- Fjölbreytt landslag

Viðkvæmni

Umhverfið einkennist af fjölbreyttri gróðurþekju og breytileika í landslagi. Útivist er stunduð á svæðinu en einnig er það í tengslum við landbúnaðinn. Sjónrænn fjölbreytileiki er metinn miðlungs er þá gróðurþekja, form og línur sem og birtingaform vatns sem einkennir svæðið. Gildi landslagsheildarinnar er metið miðlungs.

Fyrirhuguð framkvæmd mun ekki hafa áhrif á útivistarmöguleika né upplifun umfram þau áhrif sem núverandi vegur hefur í dag. Næmni landslagsheildarinnar er metið lítið.

Út frá mati á gildi og næmni svæðisins er viðkvæmni landslagsheildarinnar talin **lítil**.

Umfang áhrifa

Framkvæmd liggur utan landslagsheildar og sá hluti framkvæmdar sem liggur næst landslagsheild er mjög umfangslítill og mun ekki hafa nein sjónræn áhrif.

Umfang áhrifa á landslag heildarinnar er talið **lítið**.

Einkenni og vægi áhrifa

Áhrif á landslagsheildina verða engin þar sem sá hluti framkvæmdar sem liggur næst landslagsheild er mjög umfangslítill og verður vart merkjanlegur frá landslagsheild. Að teknu tilliti til að landslagsheildin sé talin **lítið** viðkvæm og að umfang breytinga innan landslagsheildarinnar sé talið **lítið**, er metið að áhrif framkvæmdar á landslagsheildina séu **lítil**.

4.2 Áhrif framkvæmdar á landslagsheildir – Niðurstöður

Landslagið umhverfis fyrirhugaða framkvæmd er á heildina lítið nokkuð fjölbreytt enda frekar stórt landsvæði sem tekið er fyrir. Landsvæðið þar sem fyrirhuguð samgöngubót mun vera er að mestu flatt, einkennist af víðsýni og stórum blettastærðum, Skjálfandafljóti, en að hluta ósnortinni náttúru. Landslagsheildirnar sem greindar voru eru nokkuð ólíkar hverri annarri og framkvæmdin mun þar af leiðandi hafa mismikil áhrif eftir landslagsheildum.

Tafla 2. Samantekt áhrifa framkvæmdar á landslagsheildir

Landslagsheild	Áhrifamat
Skjálfandafljót (1)	Híbýli fólks, útivistarsvæði, ræktunarlönd og mikilvæg landsvæði fyrir fugla verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Landslagið er víðáttumikið og nokkuð um manngerðar línur í landslaginu eins og skurði sem draga úr áhrifum vegna nýs vegar og brúa vegna sömu stefnu í landslaginu. Miðlungs áhrif.
Landbúnaðarland (2)	Innan landslagsheildar mun framkvæmd fela í sér lagningu nýrrar veglínu og nýrra vegtenginga. Umferð færir þar með nær hóbýlum fólks en umferðarflæði um svæðið verður einnig betra þar sem ný veglína breytir um stefnu samanborið við þá gömlu. Mikið er um manngerðar línur í landslaginu eins og skurði og vegi. Miðlungs áhrif.
Fljótsheiði og Aðaldalur (3)	Framkvæmd liggur að mjög litlu leyti innan landslagsheildar en breytt veglína mun gera það að verkum að umferð færir fjær hóbýlum fólks og umferð verður greiðari. Gervígásvæði sem liggur innan heildarinnar og nýtur sérstakrar verndar verður ekki fyrir áhrifum. Lítill áhrif.
Aðaldalshraun (4)	Framkvæmd innan landslagsheildar felur í sér breytta veglínu á mjög litlum kafla við gatnamót Norðausturvegar og Aðaldalsvegar ásamt nýrri

Landslagsheild	Áhrifamat
	vegtenginu að Aðaldalsvegi. Nýr vegkaflí mun liggja um gervígígasvæði sem nýtur sérstakrar verndar en vegagerðin mun hafa lítil áhrif þar sem því tiltekna svæði hefur verið raskað með túnrækt. Lítill áhrif
Kaldakinn (5)	Framkvæmdin er ekki innan landslagsheildar en er sýnileg frá landslagsheild. Áhrif framkvæmdar á sjónræna upplifun verður hins vegar mjög lítil vegna fjarlægðar og eðli framkvæmdar, þ.e. vegur sem mun liggja á flötu landi sem einkennist af manngerðum línunum. Lítill áhrif.
Hvamsheiði (6)	Framkvæmd mun ekki hafa áhrif á landslagsheildina vegna fjarlægðar heildarinnar frá framkvæmd sem liggur næst landslagsheild. Lítill áhrif.

Á heildina litið er talið að áhrif fyrirhugaðrar samgöngubótar á landslagið verði lítil til miðlungs. Mestu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar er innan heild Skjálfandafljóts (1) og Landbúnaðarlands (2). Einkum vegna þess að þar fer veglínan yfir óraskað land, verndarsvæði og útivistarsvæði. Mikilvægt er að frágangur á nýrri veglínu um landbúnaðarland og Skjálfandafljót falli sem best að umhverfinu.

4.3 Mótvegisaðgerðir

Fyrirhugað er að fjarlægja núverandi veglínu og brú sem ekki verður keyrt um eftir að ný veglína og brýr komast í notkun. Nýjar vegtengingar að afleggjurum bæja verða gerðar sem falla betur að fyrirhugaðri veglínu.

5. Ásýndargreining

Að hluta til þar sem ný veglína fer yfir óraskað land mun ásýnd lands breytast en þar sem veglínan er í núverandi vegstæði munu sjónræn áhrif ekki breytast frá því sem nú er.

5.1 Myndræn framsetning ásýndargreiningar

Myndir segja meira en mörg orð er oft sagt þegar framsetning gagna er gerð með myndrænum hætti frekar en að nota texta. Þetta er rétt upp að vissu marki.

Mat á sjónrænum áhrifum er alltaf háð ákveðnum takmörkunum. Mismunandi aðstæður eins og dagsbirta, árstíðir og samspil ljóss við mismunandi veðurfarsaðstæður geta haft áhrif á upplifun fólks og sýnileika.

Myndræn framsetning er afar mikilvæg við mat á umhverfisáhrifum og gott tæki til að hjálpa til við ákvarðanatöku en getur aldrei sagt alla söguna. Ekki er hægt að heimfæra upplifun fólks á framkvæmd yfir á myndir, kort eða aðra myndræna framsetningu. Framsetning gagna eins og ásýndarmynda og korta sem hér er notast við eru því fyrst og fremst til að gefa dæmi um hvernig fyrirhuguð framkvæmd getur litið út við tiltekna aðstæður. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessum takmörkunum áður en lengra er haldið. Helstu takmarkanir eru eftirfarandi:

- Myndræn framsetning getur aldrei nákvæmlega endurspeglad mismunandi birtuskilyrði, veður eða árstíðir.
- Ljósmyndir af fyrirhuguðum mannvirkjum eru ætlaðar til að gefa ákveðna upplifun en geta aldrei gefið 100% rétta mynd af veruleikanum.
- Staðsetning myndatökustaða gefur einungis hugmynd um útlit frá þeim stað en ekki öllu svæðinu.

Hér eru einnig takmarkanir eins og áður hafa verið nefndar, vegna mismunandi veður- og birtuskilyrða þegar ljósmyndin er tekin. Ásýndarmyndir geta því aldrei sagt alla söguna en gefa ákveðna hugmynd af hugsanlegu útliti framkvæmdar.

5.2 Sýnileiki í landslagi

Sýnileiki í landslagi ræðst af mörgum þáttum. Til að eitthvað sé sýnilegt þá þarf það að fanga athygli okkar. Líklegasta skýringin á því að eitthvað er okkur ekki sýnilegt er að það er eitthvað annað sem fangar augað. Önnur ástæða er fjarlægð, að það sem horft er á er svo langt frá að augað getur ekki skynjað það. Það hve vel við skynjum ákveðið fyrirbæri í landslaginu er þó einstaklingsbundið og stjórnast af okkar eigin hagsmunum og tilfinningu, sem þýðir að það sem ein manneskja getur greint og séð þarf ekki að vera eitthvað sem er sýnilegt fyrir aðra.

Þeir hópar fólks sem hafa útsýni yfir eða sjá eitthvað í landslaginu eru sjónrænir viðtakar. Sjónrænir viðtakar eru hópar fólks sem geta orðið fyrir áhrifum vegna breytinga á útsýni eða sjónrænum eiginleikum. Mat á sjónrænum áhrifum byggist fyrst og fremst á að meta hvar og hvernig breytingar birtast í landslaginu og hvernig áhrif vegurinn mun hafa á viðkomandi ásýnd eða útsýni og upplifun fólks.


Landslagið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er opið og víðsýnt er í góðu veðri. Landið einkennist af sléttlendi þó að landið sé víðast hvar þýft með berjalyngi og malarásam. Á athugunarsvæðinu er almennt lítið um háan gróður eða byggingar sem skyggja á útsýni og einkenni landslags, landnotkun og landform gera það að verkum að nýr vegur verður sýnilegur á nokkuð stóru landsvæði.

Við greiningu á hvort og hversu mikið fyrirhugaður vegur muni sjást í landslagi var útbúið sýnileikakort (mynd 21), sem er fræðileg greining á sýnileika unnin í hugbúnaði út frá þrívíðu landlíkani. Út frá sýnileikakortinu má sjá frá hvaða stöðum vegurinn mun vera sjáanlegur (litur = sést, enginn litur = sést ekki) en einnig má sjá að hversu miklu eða litlu leyti veglínin í heild sinni sést frá viðkomandi stað (grænn litur á litaskala = lítill hluti veglínu sést, rauður litur á litaskala = stór hluti sést).

5.3 Útsýnisstaðir og ásýndarmyndir

Helst má meta sýnileika frá hlíðum Köldukinnar og þeim híbýlum sem þar eru staðsett. Viðkvæmasti staðurinn hvað varðar ásýnd er þar sem nýr vegur fer út af núverandi veglínu og þverar landsvæði sem er í dag óraskað og mikilvægt fuglasvæði. Núverandi veglína verður að hluta fjarlægð, þ.e. á fjórum stöðum við Ófeigsstaði, afleggjari að Skriðu, nálægð við Húsabakka og Tjörn. Nýjar veltengingar koma á þessum stöðum.

Þegar sýnileikakortið (mynd 27) er skoðað sést rauðlitað svæði þar sem byggð er í Köldukinn. Gefur það til kynna mikinn sýnileika af fyrirhugaðri veglínu. Út frá greiningu er sýnileiki mikill frá bæjunum Ófeigsstöðum, Rangá, Engihlíð og Þóroddsstöðum. Önnur svæði verða fyrir minniháttar áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Er það aðallega vegna þess að nýr vegur mun liggja að miklu leyti í núverandi vegstæði. Bæirnir Garður, Jarlstaðir og Tjörn verða fyrir minni áhrifum vegna þess að framkvæmdin er að mestu í núverandi veglínu. Einnig munu vegamót Norðausturvegs (85) og Aðaldalsveg færast fjær híbýlum.




Mynd 27. Sýnileiki framkvæmdar

Ásýndarmynd/sjónarhorn 1 er tekin við sumarhús Rangár og horft til norðausturs.

Ásýndarmynd/sjónarhorn 2 er tekin við sumarhús Rangár og horft til suðausturs.

Ásýndarmynd/sjónarhorn 3 er tekin á Norðausturvegi (85) og horft í norðausturátt að gatnamótum Aðaldalsvegur.



Mynd 28. Myndatökustaðir fyrir ásýndamyndir



Mynd 29. **Sjónarhorn 1** - Núverandi áskýnd. Séð frá sumarhúsum Rangár á Rangárvegi, horft til norðausturs.



Mynd 30. Sjónarhorn 1 - Fyrirhuguð framkvæmd. Séð frá sumarhúsum Rangár á Rangárvegi, horft til norðausturs.



Mynd 31. **Sjónarhorn 2** Núverandi áskýnd. Séð frá sumarhúsum Rangár á Rangárvegi, horft til suðausturs.



Mynd 32. Sjónarhorn 2 - Fyrirhuguð framkvæmd. Séð frá sumarhúsum Rangár á Rangárvegi, horft til suðausturs.



Mynd 33. **Sjónarhorn 3** - Núverandi ásjnd. Horft frá Norðausturvegi í átt að Aðaldalsvegi til norðausturs. Aðaldalshraun í forgrunni.



Mynd 34. Sjónarhorn 3 - Fyrirhuguð framkvæmd. Horft frá Norðausturvegi í átt að Aðaldalsvegi. Aðaldalshraun í forgrunni.

5.4 Áhrif framkvæmdar á ásjúnd – Niðurstöður

Tafla 3: Samantekt áhrifa framkvæmdar á ásjúnd landslags frá völdum útsýnisstöðum

Sjónarhorn 1: Horft frá sumarhúsum Rangár, Rangárvegi	
Hnit staðsetningar	17,5464357°W 65,8481329°N
Horft í átt	Til norðausturs
Lýsing á staðsetningu ljósmyndastaðar, líklegum sjónrænum viðtökum og núverandi ásjúnd	Ljósmyndastaðurinn er skammt fyrir ofan sumarhúsabyggð við Rangá og Rangárveg. Ný mannvirki, vegur og brú sjást frá þessum stað en eru ekki mjög áberandi. Svæðið sem ekki er flokkað sem votlendi er nýtt til landbúnaðar. Veiði er stunduð í Rangá en hún rennur í Skjálfandafljót.
Viðkvæmni útsýnis	Sjónarhornið er innan landslagsheildarinnar „landbúnaðarland“ sem skv. landslagsgreiningu hefur hæst gildi af þeim landslagsheildum sem greindar voru og er það vegna nýtingar, upplifunar og útivistar. Útsýnisstaður er því talinn miðlungs viðkvæmur.
Umfang breytinga á ásjúnd	Nýr vegur og brú munu liggja í nýju vegstæði, þ.e.a.s. þar sem ekki er vegur né brú í dag. Framkvæmd fellur nokkuð vel að núverandi landi sem einkennist af manngerðum línunum, skurðum og túnum. Breytingar á ásjúnd eru því taldar litlar .
Vægi áhrifa á ásjúnd	Sjónræn áhrif á þessum stað verða litlar vegna fjarlægðar við útsýnisstað og manngerðra lína sem fyrir eru í landslaginu. Mikilvægt er þó að útfærsla nýrra mannvirkja falli sem best að landi.

Sjónarhorn 2: Horft frá sumarhúsum Rangár, Rangárvegi	
Hnit staðsetningar	17,5464357°W 65,8481329°N
Horft í átt	Til suðausturs
Lýsing á staðsetningu ljósmyndastaðar, líklegum sjónrænum viðtökum og núverandi ásjúnd	Ljósmyndastaðurinn er skammt fyrir ofan sumarhúsabyggð við Rangá og Rangárveg. Nýr vegur sést frá þessum stað og er nokkuð áberandi. Svæðið er notað undir landbúnað, það sem ekki er flokkað sem votlendi. Veiði er stunduð í Rangá en hún rennur í Skjálfandafljót.
Viðkvæmni útsýnis	Sjónarhornið er innan landslagsheildarinnar „landbúnaðarland“ sem skv. landslagsgreiningu hefur hæst gildi af þeim landslagsheildum sem greindar voru og er það vegna nýtingar, upplifunar og veiði í Rangá. Útsýnisstaður er því talinn miðlungs viðkvæmur.

Sjónarhorn 2: Horft frá sumarhúsum Rangár, Rangárvegi	
Umfang breytinga á ásjnd	Nýr vegur og brú munu liggja í nýju vegstæði, þ.e.a.s. þar sem ekki er vegur né brú í dag. Ný veglína fellur vel að landslagi en fer einnig um óraskað land. Breytingar á ásjnd eru því taldar miðlungs .
Vægi áhrifa á ásjnd	Sjónræn áhrif á þessum stað verða miðlungs þar sem nýr vegur og brú fara yfir áður náttúrulegt og óraskað. Mikilvægt er að útfærsla þessara mannvirkja falli eins vel að landi og unnt er.

Sjónarhorn 3: Horft af Norðausturvegi að Aðaldalsvegi	
Hnit staðsetningar	17,4970426°W 65,8601358°N
Horft í átt	Til norðausturs.
Lýsing á staðsetningu ljósmyndastaðar, líklegum sjónrænum viðtökum og núverandi ásjnd	Horft er af Norðausturvegi í áttina að Aðaldalsveg til norðausturs. Í fjarska lengst til vinstri í sjónarhorninu má greina bæinn Árbót. Staðurinn er á flatlendi innan um litla hóla Aðaldalshrauns. Staðurinn er í nágrenni við byggð í Aðaldal.
Viðkvæmni útsýnis	Taka skal tillit til þess að núverandi og fyrirhuguð veglína fara yfir og raska gervígígasvæði sem flokkað er með sérstaka vernd náttúruverndarlaga. Í dag er svæðið notað af þeim sem ferðast um svæðið. Útsýnisstaðurinn er því metinn miðlungs viðkvæmur.
Umfang breytinga á ásjnd	Breyting á ásjnd lands verður talsverð þar sem fyrirhugaður vegur liggur um óraskað Aðaldalshraun. Breytingar á ásjnd eru því taldar miklar .
Vægi áhrifa á ásjnd	Áhrif framkvæmdarinnar á völdum stað verður miðlungs þar sem nýr vegur verður áberandi í landinu og ný veglína þverar verndað svæði. Afar mikilvægt er að úrvinnsla nýrra mannvirkja á þessum stað sé vönduð og hún falli sem allra best að náttúru og umhverfi.

Ný veglína og brýr munu breyta ásjnd lands þar sem ný mannvirkin verða framkvæmd í óraskað landslag. Vægi áhrifanna verð þó heilt yfir lítil til miðlungs vegna þess hversu flatt landið er og framkvæmdin fellur vel að því. Einnig fellur tilvonandi samgöngubót vel að þeim náttúrulegu línunum sem eru í landslaginu nú þegar í dag sem og þeim manngerðu línunum sem eru til staðar í núverandi landslagi, eins og skurðir milli túna og draga úr upplifunaráhrifum nýrra mannvirkja. Einnig verður að taka inn í matið að ný veglína liggur í núverandi vegstæði á þremur stöðum frá sunnan megin við Skjálfafljótið til enda framkvæmdasvæðis í norðri. Vegurinn verður ekki mikið sýnilegur frá híbýlum manna nema frá bæjum í Köldukinn og þá helst þar sem vegurinn liggur sem næst byggðinni eða við

Ófeigsstaði og Rangá. Þá eru áhrifin meiri ef horft er til suðurs þar sem ný veglína þverar landbúnaðarsvæði. Fyrirhugaður vegur og brýr virðast vera vel mótaðar í landið, greiðir og auðveldar flæði um svæðið, skeringar og fyllingar virðist haldið í lágmarki og þar af leiðandi fellur framkvæmd nokkuð vel að núverandi landi.

Heimildir

Council of Europe (2000). *European Landscape Convention, Florence, 20.X.2000*. Strasbourg: Council of Europe.

Landscape Institute og Institute of Environmental Management & Assessment (2013). *Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment* (3. útg.). Abingdon: Routledge.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Mannvit og Hornsteinar (2011). *Aðalskipulag Þingeyjarsveit 2010-2022. Helstu göngu og reiðleiðir*. Þingeyjasveit.

Náttúrufræðistofnun Íslands.(20.10.2023). [Brokflóavist | Icelandic Institute of Natural History \(ni.is\)](#).

Náttúrufræðistofnun Íslands og Ísor. (2013).600 Jarðmyndun og landmótun. [LU-Flokkun \(lmi.is\)](#).

Skipulagslög nr. 123/2010

Náttúrufræðistofnun Íslands.(20.10.2023). [Lynghraunavist | Icelandic Institute of Natural History \(ni.is\)](#).

Náttúrufræðistofnun Íslands.(20.10.2023). [Kjarrskógavist | Icelandic Institute of Natural History \(ni.is\)](#).

Náttúrufræðistofnun Íslands.(20.10.2023). [Sandur–Sílalækur–Skjálfandafljót | Icelandic Institute of Natural History \(ni.is\)](#)

Skipulagsstofnun (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Swanwick, C. og Land Use Consultants (2002). *Landscape Character Assessment – Guidance for England and Scotland*. Cheltenham/Edinburgh: The Countryside Agency/Scottish Natural Heritage.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. (2010). *Íslenskt landslag – Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Viðauki A

Til að meta sjónrænan fjölbreytileika í landslagi var útbúinn sérstakur athugunarlisti fyrir verkefnið. Innblástur við gerð athugunarlistans og þeirra aðferða sem notaðar voru við greininguna var fenginn frá íslenska landslagverkefninu⁸. Annað er staðfært og aðlagð þessu verkefni af þeim sem komu að greiningunni og matinu innan Mannvits. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri greiningu sem fram fór, hvaða viðmið voru notuð og þeirri niðurstöðu sem var fengin. Hver skilgreind landslagsheild var greind fyrir sig.

Eftirfarandi sjónrænu þættir voru skoðaðir til að leggja mat á sjónrænan fjölbreytileika í landslagi:

- **Víðsýni** er metin út frá því hversu fjarlægur sjóndeildarhringurinn er innan landslagsheildar og gefur til kynna dýpt landslags.
- **Breytileiki í hæð** er metinn á nokkuð stórum skala þar sem að hæsta einkunn fæst ef breytileikinn innan athugunarsvæðis fer yfir 1000 metra í hæðamismun.
- **Form og línur** er greindar út frá breytileika og endurtekningu forma og lína í landslaginu. Há einkunn fæst ef form og línur eru áberandi og er þá horft eftir beinum línum, ávölum línum og formum, hvössum formum, bugðum og svigðum.
- **Áferð** á við sýnilegt yfirborð landslags og er metin á skalanum frá hrjúfu/úfnu yfir í ávalt/slétt. Hærrí einkunn fæst ef áferðin er metin hrjúfari/úfnari. Ef landslagið skiptist mikið á að vera úfið og slétt getur fjölbreytileikinn einnig talist mikill.
- **Gróðurþekja og fjölbreytni gróðurs** er metinn sem sinn hvor þátturinn og mikið vægi fæst ef gróðurþekja er mikil og ef fjölbreytni gróðurs er mikil.
- **Litauðgi** er metin út frá sýnilegum fjölbreytileika lita á skalanum lítill fjölbreytileiki yfir í mikinn fjölbreytileika.
- **Blettastærð** segir til um hvort mynstur og sjónrænar heildir séu stórar eða litlar. Ef blettastærð er smágerð fæst há einkunn og ef blettastærð er gróf fæst lág einkunn.
- **Hreyfing** er metin út frá hvort upplifun af landslaginu er róleg og ekkert að gerast eða á hreyfingu og mikið að gerast.
- **Vatn** er metið eftir því hversu mikill fjölbreytileiki er í birtingarformi þess í landslaginu miðað við aðrar landslagsheildir. Fleiri birtingarform gefa meiri fjölbreytileika og þar með meira vægi. Mismunandi birtingarform vatns getur verið t.d. fossar og flúðir, ár, lækir, vötn og tjarnir, sjór, jöklar, ís og votlendi.

Ofangreindum þáttum var gefinn einkunn á bilinu 1 og upp í 5 (sjá athugunarlista síðar í kaflanum). Samanlagður stigafjöldi fyrir alla sjónrænu þættina gaf til kynna fjölbreytileikann fyrir viðkomandi landslagsheild á eftirfarandi hátt:

- 0 - 14 = Mjög lítill fjölbreytileiki
- 15 - 24 = Lítill fjölbreytileiki
- 25 - 34 = Miðlungs fjölbreytileiki
- 35 - 50 = Mikill fjölbreytileiki

Niðurstaðan er síðan notuð inn í gildismatið fyrir hverja landslagsheild þar sem að mjög lítill og lítill fjölbreytileiki er ekki talinn auka gildi viðkomandi landslagsheildar en miðlungs og mikill fjölbreytileiki gefur aukið gildi.

⁸ Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl., 2010

Landslagsheld 1: Skjálfaðafjót

	5		4		3		2		1	
VÍÐSÝNI	X	>40 km		31-40		21-30 km		11-20 km		0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ		>1000m		600-1000 m		300-600 m		100-300 m	X	0-100M
FORM OG LÍNUR		Mjög mikið	X	Mikið		Meðal		Lítið		Mjög lítið
ÁFERÐ		Hrjúf/úfin		Nokkuð hrjúf	X	Meðal		Nokkuð slétt		Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA		76-100%		50-75%		26-50%	X	6-25%		1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
LITAAUÐGI		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
BLETTASTÆRÐ		Smágerð		Lítill		Meðal	X	Mikil		Gróf
HREYFING	X	Mjög mikil		Mikil		Meðal		Lítill		Mjög lítill
BIRTINGAFORM VATNS	X	Mjög mörg		Nokkuð mörg		Meðal		Nokkuð fá		Eitt eða ekkert
Samtals:	15		4		3		8		1	

Heildarstigafjöldi: 31 Miðlungs fjölbreytileiki

Landslagsheld 2: Landbúnaðarland

	5		4		3		2		1	
VÍÐSÝNI		>40 km	X	31-40		21-30 km		11-20 km		0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ		>1000m		600-1000 m	X	300-600 m		100-300 m		0-100M
FORM OG LÍNUR		Mjög mikið		Mikið	X	Meðal		Lítið		Mjög lítið
ÁFERÐ		Hrjúf/úfin		Nokkuð hrjúf	X	Meðal		Nokkuð slétt		Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA		76-100%		50-75%	X	26-50%		6-25%		1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR		Mjög mikil	X	Mikil		Meðal		Lítill		Mjög lítill
LITAAUÐGI		Mjög mikil	X	Mikil		Meðal		Lítill		Mjög lítill
BLETTASTÆRÐ		Smágerð	X	Lítill		Meðal		Mikil		Gróf
HREYFING		Mjög mikil		Mikil		Meðal		Lítill	X	Mjög lítill
BIRTINGAFORM VATNS		Mjög mörg		Nokkuð mörg		Meðal	X	Nokkuð fá		Eitt eða ekkert
Samtals:			16		12		2		1	

Heildarstigafjöldi: 31 Miðlungs fjölbreytileiki

Landslagsheld 3: Fjótshéið og Aðaldalur

	5		4		3		2		1	
VÍÐSÝNI		>40 km		31-40	X	21-30 km		11-20 km		0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ		>1000m		600-1000 m		300-600 m	X	100-300 m		0-100M
FORM OG LÍNUR		Mjög mikið		Mikið		Meðal		Lítið	X	Mjög lítið
ÁFERÐ		Hrjúf/úfin		Nokkuð hrjúf	X	Meðal		Nokkuð slétt		Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA		76-100%		50-75%	X	26-50%		6-25%		1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
LITAAUÐGI		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
BLETTASTÆRÐ		Smágerð		Lítill	X	Meðal		Mikil		Gróf
HREYFING		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
BIRTINGAFORM VATNS		Mjög mörg		Nokkuð mörg	X	Meðal		Nokkuð fá		Eitt eða ekkert
Samtals:					18		6		1	

Heildarstigafjöldi 25 Miðlungs fjölbreytileiki

Landslagsheld 4: Aðaldalshraun

	5		4		3		2		1	
VÍÐSÝNI		>40 km		31-40	X	21-30 km		11-20 km		0-10 KM
BREYTIKI Í HÆÐ		>1000m		600-1000 m		300-600 m		100-300 m	X	0-100M
FORM OG LÍNUR		Mjög mikið		Mikið		Meðal	X	Lítið		Mjög lítið
ÁFERÐ		Hrjúf/úfin	X	Nokkuð hrjúf		Meðal		Nokkuð slétt		Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA		76-100%		50-75%	X	26-50%		6-25%		1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
LITAAUÐGI		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
BLETTASTÆRÐ		Smágerð		Lítill		Meðal		Mikil	X	Gróf
HREYFING		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
BIRTINGAFORM VATNS		Mjög mörg		Nokkuð mörg		Meðal		Nokkuð fá	X	Eitt eða ekkert
Samtals:			4		9		6		3	

Heildarstigafjöldi: 22 Lítil fjölbreytileiki

Landslagsheld: 5 Kaldakinn

	5		4		3		2		1	
VÍÐSÝNI		>40 km	X	31-40		21-30 km		11-20 km		0-10 KM
BREYTLIKI Í HÆÐ		>1000m		600-1000 m	X	300-600 m		100-300 m		0-100M
FORM OG LÍNUR		Mjög mikið		Mikið	X	Meðal		Lítið		Mjög lítið
ÁFERÐ		Hrjúf/úfin		Nokkuð hrjúf	X	Meðal		Nokkuð slétt		Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA		76-100%	X	50-75%		26-50%		6-25%		1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
LITAAUÐGI		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
BLETTASTÆRÐ		Smágerð		Lítill	X	Meðal		Mikil		Gróf
HREYFING		Mjög mikil		Mikil		Meðal	X	Lítill		Mjög lítill
BIRTINGAFORM VATNS		Mjög mörg		Nokkuð mörg		Meðal	X	Nokkuð fá		Eitt eða ekkert
Samtals:			8		18		4			

Heildarstigafjöldi 30 Miðlungs fjölbreytileiki

Landslagsheld: 6 Hvammsheiði

	5		4		3		2		1	
VÍÐSÝNI		>40 km		31-40		21-30 km	X	11-20 km		0-10 KM
BREYTLIKI Í HÆÐ		>1000m		600-1000 m		300-600 m	X	100-300 m		0-100M
FORM OG LÍNUR		Mjög mikið		Mikið	X	Meðal		Lítið		Mjög lítið
ÁFERÐ		Hrjúf/úfin		Nokkuð hrjúf	X	Meðal		Nokkuð slétt		Slétt/ávöl
GRÓÐURÞEKJA		76-100%	X	50-75%		26-50%		6-25%		1-5%
FJÖLBR.GRÓÐUR		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
LITAAUÐGI		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
BLETTASTÆRÐ		Smágerð		Lítill		Meðal		Mikil	X	Gróf
HREYFING		Mjög mikil		Mikil	X	Meðal		Lítill		Mjög lítill
BIRTINGAFORM VATNS		Mjög mörg	X	Nokkuð mörg		Meðal		Nokkuð fá		Eitt eða ekkert
Samtals:			8		15		4		1	

Heildarstigafjöldi 28 Miðlungs fjölbreytileiki

Viðauki B

Viðkvæmni landslags er fengið með því að meta gildi þess annars vegar og næmni fyrir breytingum hins vegar. Hér á eftir verður gert grein fyrir þeim þáttum sem stýra mati á gildi og næmni landslags í þessu verkefni og þeim niðurstöðum sem gefa til kynna hversu viðkvæmt landslagið er fyrir breytingum.

Gildi landslagsheilda

Eins og fram kemur í kafla 2.1 er gildi hvernar landslagsheildar metið út frá eftirfarandi þáttum:

- **Útivist** – er heild nýtt til útivistar eða annarrar afþreyingar?
- **Vernd** – eru verndarsvæði innan heildarinnar?
- **Sjónrænn fjölbreytileiki** – fær heildin hátt gildi fyrir sjónrænan fjölbreytileika?

Gildi landslags er metið út frá sérstöðu þess. Sérstaða getur verið í mismunandi mælikvarða, þ.e.a.s. ákveðnar gerðir landslags geta haft sérstakt gildi á landsvísu og/eða á svæðis- og staðarvísu. Landslag getur haft gildi sökum þess hversu sjaldgæft það er í náttúru lands eða menningu, eða á einhvern hátt táknrænt fyrir fólk.

Sé landslag nýtt til útivistar á einn eða annan hátt er það talið hækka gildi þess. Upplýsingar um þá staði þar sem fólk stundar útivist voru fengnar úr gildandi skipulagsáætlunum og í samtölum við staðarbúa.

Vernd landsvæða sem skilgreind er í samþykktum áætlunum, lögum og reglugerðum gefur landslagi aukið gildi. Vernd getur þó verið af ýmsum toga, verið skilgreind af mismunandi aðilum og haft mismunandi vægi í gildismati. Í þessu verkefni voru svæði sem njóta einhvers konar verndar talin auka gildi viðkomandi landslagsheildar og ekki gerður greinarmunur milli hvers eðlis verndin er.

Ef landslag er talið hafa mikinn sjónrænan fjölbreytileika eykur það gildi þess. Nánar um hvernig sjónrænn fjölbreytileiki er metinn má sjá í Viðauka A.

Í töflu 4 má sjá samantekt niðurstöðu á gildismati landslagsheilda út frá fyrrgreindum þáttum.

Tafla 4. Gildismat landslagsheilda

Landslagsheild	Útivist	Vernd	Sjónrænn	Samanlag
Skjálfandafljót (1)	●	●	●	● ● ●
Landbúnaðarland (2)	●	-	●	● ●
Fljótshéiði og Aðaldalur (3)	●	●	●	● ● ●
Aðaldalshraun (4)	-	-	●	●
Kaldakinn (5)	●	●	●	● ● ●
Hvammsheiði (6)	●	-	●	● ●

Næmni landslagsheilda

Næmni landslags segir til um hversu næmt landslagið er fyrir breytingum af völdum framkvæmdar. Ef landslag en næmt er lítið rými til breytinga án þess að einkenni landslags breytist á afgerandi hátt. Þættir í landslagi sem taldir voru stýra næmni þess eru:

- **Skali** – Ef skali landslags er stór munu breytingar í landslagi mögulega verða hlutfallslega litlar og næmnin fyrir breytingum því verða minni.
- **Sérkenni landslags** – Sterk form og einkenni landslags gefa landslaginu gildi og geta verið mikils metin, þetta getur átt við landslagsform eða kennileiti.
- **Margbreytileiki í landslagi** – Mikill margbreytileiki í landslagi getur gefið minna rými til breytinga. Einsleitt landslag eða einfalt og reglulegt yfirborð getur gefið meira rými fyrir breytingar
- **Búsetumynstur og áhrif mannsins** – Þar sem land er raskað fyrir eða ef breytingar eru í takt við fyrri notkun mannsins á landinu munu breytingar á landslagi mögulega ekki hafa mikið að segja og næmnin í takt við það.
- **Sjóndeildarhringur** – Ef breytingar munu sjást og vera hluti af mikilvægu útsýni frá viðkvæmum útsýnisstöðum eykur það næmni.
- **Sjónarmið skynjunar** – Aukin næmni fyrir breytingum í landslagi verður ef framkvæmd er fjarri öðrum sýnilegum eða heyrnlegum ummerkjum mannlegra athafna.

Í töflu 5 má sjá samantekt niðurstöðu á mati á næmni hvernar landslagsheildar á athugunarsvæðinu.

Tafla 5. Mat á næmni landslagsheilda

Landslagsheild	Mat á næmni
Skjálfandafljót (1)	Miðlungs
Landbúnaðarland (2)	Miðlungs
Fljótsheiði og Aðaldalur (3)	Lítill
Aðaldalshraun (4)	Lítill
Kaldakinn (5)	Lítill
Hvammsheiði (6)	Lítill

Viðkvæmni landslagsheilda

Út frá mati á gildi og næmni hvernar landslagsheildar fæst niðurstaða um viðkvæmni. Tafla 6 sýnir samantekt á niðurstöðum fyrir viðkvæmni landslagsheilda.

Tafla 6. Mat á viðkvæmni landslagsheilda

Landslagsheild	Mat á viðkvæmni
Skjálfandafljót (1)	Miðlungs
Landbúnaðarland (2)	Miðlungs
Fljótshaiði og Aðaldalur (3)	Miðlungs
Aðaldalshraun (4)	Lítill
Kaldakinn (5)	Lítill
Hvammshaiði (6)	Lítill



KVER HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR



Áhrif af endurnýjunar brúar á Skjálfafljóti,
Rangá og Öxará á botn og lífríki í vatni

Guðni Guðbergsson

**Áhrif af endurnýjunar brúar á Skjálfandafljóti, Rangá
og Öxará á botn og lífríki í vatni**

Guðni Guðbergsson

Verkefni unnið fyrir Vegagerðina 2023

Titill: Áhrif af endurnýjunar brúar á Skjálfandafljóti, Rangá og Öxará á botngerð og lífríki í vatni með tilliti til fiskstofna		
Höfundur: Guðni Guðbergsson		
Skýrsla nr: KV 2023-6	Verkefnistjóri: Guðni Guðbergsson	Verknúmer: 8996
	Fjöldi síðna: 15	Útgáfudagur: 29. nóvember 2023
Unnið fyrir: Vegagerðina	Dreifing: Lokað	Yfirfarið af: Ingi Rúnar Jónsson
<p>Ágrip: Í þessar samantekt greinir frá úttekt á botngerð og lífríki í Skjálfandafljóti, Rangá og Öxará. Verkið er unnið fyrir Vegagerðina vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Köldukinn sem felur í sér byggingu einnar eða tveggja nýrra brúa á Skjálfandafljót, eða brúar á eystri kvísl og ræsis í vestri kvísl. Gert er ráð fyrir byggingu brúar yfir Rangá. Lagt er mat á áhrifum framkvæmdarinnar á búsvæði og lífríki einkum með tilliti til fiskstofna. Einnig er fjallað um efnistöku úr eða við farveg Skjálfandafljóts á tveimur stöðum á milli gömlu brúar og væntanlegra brúa og áhrif hennar. Efnistakan er vegna vegtenginga en sem hluti af framkvæmdinni getur hún einnig haft áhrif á botngerð og lífríki Skjálfandafljóts.</p> <p>Vegagerðin áformar breytingar á Bárðardalsvegi vestri en þær breytingar fela í sér þverun á Öxará neðan núverandi brúar. Athugun var gerð á væntanlegu brúar- eða stæði fyrir ræsi og áhrifin metin.</p> <p>Fjallað var um þessar framkvæmdir, möguleg áhrif þeirra á lífríki með tilliti til fiskstofna og veiðinýtingar. Gerðar voru tillögur að tilhögun og verklagi.</p>		
Lykilorð: Skjálfandafljót, Rangá, Öxará, áhrif brúa, áhrif ræsa, áhrif efnistöku.		
Undirskrift verkefnisstjóra: 	Undirskrift forstöðumanns sviðs: 	

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Umhverfi.....	1
Aðferðir.....	4
Niðurstöður.....	5
Botngerð.....	5
Þverun Skjálfandafljóts.....	6
Þverun Rangár.....	9
Umsögn.....	9
Efnistaka.....	9
Framkvæmdir við Öxará.....	13
Heimildir.....	15

Myndaskrá

1. mynd. Skráð laxveiði í Skjálfandafljóti á árunum 1974-2022.
2. mynd. Skráð bleikjuveiði í Skjálfandafljóti á árunum 1987-2022.
3. mynd. Skráð urriðaveiði í Skjálfandafljóti á árunum 1988-2022.
4. mynd Ný veglína vegagerðarinnar á norðausturvegi.
5. mynd. Staðsetning og númer rannsóknastöðva í Skjálfandafljóti og Rangá 2023.
6. mynd. Botngerð á í austurkvísl Sjálfandafljóts við fyrirhugað brúarstæði. Ramminn er 20x 20 cm.
7. mynd. Austurbakki Skjálfandafljóts á fyrirhuguðu brúarstæði (vinstri mynd) og vörn gegn bakkabroti nokkur sem er þar nokkru neðar (hægri mynd).
8. mynd. Svæði í eystri kvísl Skjálfandafljóts við Staðarbakka þar sem gerðar voru seiðamælingar með rafveiði.
9. mynd. Skjálandafljót, eystri kvísl við Staðarbakka séð upp frá fyrirhuguðu brúarstæði.
10. mynd. Sýnishorn af þeim seiðum sem veiddust í Skjálfandafljóti. Tvö efstu seiðin eru bleikjuseiði, svo urriði og neðst laxaseiði.
11. mynd. Botngerð og umhverfi vesturkvíslar Skjálfandafljóts við Staðarbakka.
12. mynd. Rangá séð af núverandi brú. Væntanlegt vegastæði og þverun er þar rétt ofar.
13. mynd. Nýtt vega-, og brúarstæði á Skjálfandafljóti. Mögulegir efnistökuastaðir nærri vatnsbökkum eru merktir B og C og skáteiknaðir á myndina.
14. mynd. Staðsetning á breytingum veglínu á Bárðardalsvegi vestri þar sem gert er ráð fyrir þverun Öxará.
15. mynd. Öxará á því svæði sem ráðgert er að þvera hana með nýrri veglínu. Myndin til vinstri er á svæðinu við veglínu og til hægri er horft niður frá þverunarstað í átt að Hafurskvísl.
16. mynd. Laxaseiði sem veiddust á fyrirhuguðum þverunarstað nýrrar veglínu yfir Öxará.

Töluskrá:

Tafla 1. Staðsetningar rafveiði- og búsvæðamatsstöðva í Skjálfandafljóti. Ef rafveitt var á viðkomandi stað, er gefið upp flatarmál svæðis sem veitt var.

Inngangur

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á Norðausturvegi um Skjálfandafljót í Köldukinn sem fela í sér byggingu nýrrar brúar yfir megin ál Skjálfandafljóts austan Staðarbakka og brúar eða ræsis á kvísl vestan Staðabakka, auk brúar yfir í Rangá. Einnig áformar Vegagerðin efnistöku úr eða við farveg Skjálfandafljóts á tveimur stöðum á milli gömlu brúar og væntanlegs brúarstæðis. Efnistakan er vegna veltenginga og getur haft áhrif á botngerð og lífríki Skjálfandafljóts. Vegagerðin áformar einnig endurnýjun og breytingar á Bárðardalsvegi vestari þverun á Öxará þar sem annaðhvort verður sett ræsi eða byggð brú.


Framkvæmdir við ár og vötn, s.s. brúargerð, geta haft áhrif á lífríki vatns. Oft hefur brúargerð þó takmörkuð áhrif á vatnalífríki til lengri tíma, þó áhrifin geti verið meiri á framkvæmdatíma. Staðsetning brúa, gerð þeirra og brúarhaf og tímasetning framkvæmda getur skipt meginmáli fyrir áhrif framkvæmdanna ekki síst hvað varðar það að brýr séu nægilega langar og þrengi ekki að farvegum. Brýr og veltengingar teljast til mikilvægra innviða og í tilfelli endurnýjunar brúar á Skjálfandafljóti er um að ræða bráða þörf fyrir endurnýjun gamallar brúar sem er hætt að þola það umferðaralag sem um hana fer. Framkvæmdin er því talinn nauðsynleg og að ekki er um annan valkost að ræða.

Umhverfi

Skjálfandafljót er jökulskotin dragá með talsverðu innstreymi lindarvatns (Sigurjón Rist 1990). Jökulvatn kemur úr Bárðarbungu Vatnajökuls og úr Tungnafellsjökli, lindarvatn fellur úr austri - víðs vegar frá Ódáðahrauni og dragvatn, að mestu af vesturhluta vatnasviðsins, af Sprengisandi og úr vesturhlíðum Bárðardals. Skjálfandafljót er um 178 km langt, vatnasviðið er 3.860 km² og meðalrennsli er um 95 m³/sek. Það er fiskgengt að Aldeyjarfossi, um 73 km leið frá sjó. Fjölmargar þverár renna til Skjálfandafljóts. Þær helstu austan megin eru Hrauná, Öxnadalsá, Syðri- og Ytri-Lambá, Krossá, Sandmúladalsá, Sandá, Svartá/Suðurá og Kálfborgará. Helstu þverár vestan megin eru Rauðá, Jökulfall úr Tungum Tungnafellsjökuls, Kiðagilsá, Mjóadalsá, Halldórsstaðaá, Eyjardalsá, Öxará, Djúpa, Rangá, Seljadalsá/Leikskálaá og Nípa (Benóný Jónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir 2015).


Á fisksgenga hluta Skjálfandafljóts fellur það í þröngu djúpu gljúfri niður undir ósa Mjóadalsár. Neðar breiðir Skjálfandafljót úr sér og liggur milli byggða í Bárðardal. Í Bárðardal fellur áin á hraunbotni, allt niður fyrir Barnafoss og Ullarfoss. Fiskgengt er upp fyrir Goðafoss um Hróteyjarkvísl, en á neðri hluta hennar eru torfiskengar flúðir, sem kunna að verða ófiskgengar við ákveðnar aðstæður um lengri eða skemmri tíma sem fer eftir rennsli og gruggi í ánni. Á kaflanum milli Goðafoss og Ullarfoss, sem er 12 km langur, er botngerðin að mestu hraunbotn. Fiskgengt er upp fyrir Barnafoss/Ullarfoss um Fosselskvísl. Rennsli til Fosselskvíslar er stjórnað með tveimur lokum í steinsteyptri stíflu efst í kvíslinni. Lagfæringar hafa verið gerðar við neðri enda kvíslarinnar og er þar allnokkuð lón, sem manngerður varnargarður heldur uppi í því skyni að gera fiskgengt upp í Skjálfandafljót. Neðan Fosselskvíslar er Skipapollur. Á um 9 km kafla neðan Skipapolls og fram undir brú á Norðausturvegi er malarbotn en neðar er farvegurinn með fínni malar- og sandbotni. Frá Skipapollu fellur fljótið tæpa 30 km til óss í Skjálfandaflóa (Benóný Jónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir 2015).

Hrygning og uppeldi laxfiska er að finna bæði í Skjálfandafljóti sem og hliðarám þess. Í Skjálfandafljóti veiðast lax, urriði og bleikja og er veitt þar bæði á stöng og í net. Á árunum frá 1974-2022 er skráð meðallaxveiði þar 447 fiskar (1. mynd) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2023). Einnig gengur lax sem elst upp í Djúpa sem er sú helsta af hliðaránum sem fóstrar lax og ganga laxar um farveg Skjálfandafljóts á leið upp í Djúpa sem og aðrar hliðarár.




1. mynd. Skráð laxveiði í Skjálfandafhljóti á árunum 1974-2022.

Bleikjuveiði hefur verið skráð í Skjálfandafhljóti frá árinu 1987 og er meðalveiðin á því tímabili 286 bleikjur (2. mynd). Bleikjan er að langmestu leyti sjóbleikja (sjógengin bleikja).



2. mynd. Skráð bleikjuveiði í Skjálfandafhljóti á árunum 1987-2022.

Urriðaveiði er einnig í Skjálfandafhljóti (3. mynd) og er skráð meðalveiði frá á árinu 1988 um 70 urriðar, að mestu sjóbirtingur.




3. mynd. Skráð urriðaveiði í Skjálfandafhljóti á árunum 1988-2022.

Samtals eiga 112 jarðir aðild að Veiðifélagi Skjálfandafhljóts, en félagssvæði þess er allt vatnakerfið. Félagið starfar í þremur deildum; A-deild starfar í vatnakerfi Skjálfandafhljóts neðan fossa við Þingey, B-deild starfar í vatnakerfi Skjálfandafhljóts ofan fossa við Þingey, að Svartá undanskilinni þar sem D-deild veiðifélagsins starfar. Deildirnar, hverjar um sig ráðstafa veiði á sínu félagssvæði. Helstu veiðisvæðin í

Skjálfandafljóti eru á veiðisvæði A-deildar, neðan fossa við Þingey (Ullarfoss og Barnafoss) (Benóný Jónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir 2015).

Fiskstofnar Skjálfandafljóts eru að mestu sjógengnir, þ.e. seiði ganga til sjávar þar sem þau taka út vöxt og ganga svo aftur í ána til hrygningar. Mikilvægt er því að gönguleiðir fiska séu greiðar á þeim tíma sem göngur standa sem væntanlega er frá apríl til október en göngutími fer að nokkru leyti eftir tíðarfari. hrygningartími er frá því um miðjan október og fram undir miðjan nóvember. Hrogn fiska eru grafin í möl á árbotni yfir veturinn og klekjast að vori. Seiðin vaxa síðan í ánni þar til þau ná göngustærð og ganga til sjávar. Uppvöxtur laxaseiða er einkum þar sem botn er grýttur, seiði finna sé skjól og straumur er nokkur. Smærri seiði finna skjól á finni botni en færa sig á grófari botni þegar þau stækka. Seiði urriða og bleikju er oftast að finna þar sem straumur er minni og botnefni fingerðara.

Samkvæmt uppgefnum áætlunum Vegagerðarinnar liggur ný veglína að brú á Skjálfandafljóti um 2,4 km neðan núverandi brúar (4. mynd). Neðan gömlu brúar er hólmi í Skjálfandafljóti sem heitir Staðarbakki. Megin vatnsrennsli eru um kvíslina austan við Staðarbakka en mun minna vatn fer um kvíslina vestan megin. Farvegur Skjálfandafljóts ber þess merki að rennsli getur verið mismikið og að það er að jafnaði mest í vorleysingum og að sumarlagi þegar bráðnun er á jöklum en þá er einnig mestur jökullitur á vatninu. Utan tíma jökulbráðnunar er vatn Skjálfandafljóts mun tærara enda umtalsvert lindarvatn sem til þess fellur.



4. mynd. Ný veglína vegagerðarinnar á norðausturvegi.


Aðferðir

Rannsóknir voru gerðar á fimm stöðum þar sem fyrirhugaður vegur mun þvera vatnsföll, þ.e. á tveimur stöðum í Skjálfandafljóti (vestari og eystri kvísl við Staðarbakka), einum í Rangá (5. mynd) og einum í Öxará. Á hverjum stað var botngerð á nna metin, sérstaklega m.t.t. gæða þeirra til hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir lax og silung.

Einnig voru gerðar seiðamælingar á viðkomandi stöðum til að meta hvaða fisktegundir nýta viðkomandi svæði nú. Veitt var með rafmagni ákveðin stærð botnflatar og þéttleiki seiða metinn sem vísitala fyrir fjölda seiða á hverja 100m². Mæld var lengd og þyngd seiða og sýni tekin til aldursgreininga til að meta aldursamsetningu seiðaárganga á viðkomandi svæði. Áhrif væntanlegrar framkvæmdar á lífríki, einkum fiskstofna var metið og gerðar eru tillögur til að draga úr áhrifum framkvæmda.

Tafla 1. Staðsetningar rafveiði- og búsvæðamatsstöðva í Skjálfandafljóti. Ef rafveitt var á viðkomandi stað, er gefið upp flatarmál svæðis sem veitt var.

Nr	Staður	Hnit N	Hnit W	Rafv. m ²	Botngerðamat
1	Brúarstæði – eystri kvísl	65°51,759	17°30,303	175	X
2	Brúarstæði – vestari kvísl	65°51,362	17°30,759	90	X
3	Rangá ofan brúar	-	-	ekki veitt	X
4	Öxará	65°40,956	17°14,215	70	X




5. mynd. Staðsetning og númer rannsóknastöðva í Skjálfandafljóti og Rangá í september 2023. Öxará er ekki merkt á kort en hún er mun ofar á vatnakerfinu (sjá 14. mynd).

Niðurstöður

Botngerð

Botngerð eystri kvíslar Skjálfandafljóts á fyrirhuguðu brúarstæði er að mestu fín mól og sandur og kornastærð minni en 7 cm (6. mynd). Þar er nokkuð hár bakki austan megin og greinilegt að litlu neðar hefur bakkinn verið varin fyrir bakkabroti með grófri grjótklæðningu (7. mynd).



6. mynd. Botngerð á í austurkvísl Skjálfandafljóts við fyrirhugað brúarstæði. Ramminn er 20x 20 cm.



7. mynd. Austurbakki Skjálfandafljóts á fyrirhuguðu brúarstæði (vinstri mynd) og vörn gegn bakkabroti nokkur sem er þar nokkru neðar (hægri mynd).

Þverun Skjálfandafljóts

Í örnefnaskrá segir Torfunes: „Austan við Bæjarstæði er Síkismór, stór og vallendur, er hann svo nefndur af stuttu síki norðaustur frá túninu.“³² Í annari örnefnaskrá frá Torfunesi segir: „Vestur af Síki og Litlahólma, sunnan við tún, er Síkismór.“³³ Ekki sáust nein greinileg merki um mógrafir í túni austan við veg beint niður af útihúsunum á Torfunesi.

Fornleifanúmer: 3158-22

Hnit: A566669.7 N594025.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Norður frá túni með Rangá gengur Tangi, vestan við hann Síki. Sunnarlega í því, við túngarð, Draugsauga.“³⁴ Engin ummerki sáust um túngarð á þessum slóðum við Síki.

Fornleifanúmer: 3158-23

Hnit: A566657.6 N594074.9 ISN93

Hlutverk: Traðir

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Á vesturbakka Síkis er Traðarholt, gegnum það liggur Tröð.“³⁵ Engin ummerki sjást á staðnum í túni.

Fornleifanúmer: 3158-24

Hnit: A566537.7 N594126.1 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Á vesturbakka Síkis er Traðarholt, gegnum það liggur Tröð... Upp af þessu er Bæjarstæði. Þaðan er sagt, að bærinn hafi verið fluttur fyrir draugagang á núverandi bæjarstæði.“³⁶ Í annari örnefnaskrá af Torfunesi segir: „Virðist svo sem bærinn hafið verið fluttur oft en einu sinni, því að norðan við túnið eru gömul tóftarbrot, sem kallast

³² Örnefnaskrá Torfunes, Margeir Jónsson skráði, bls.3.

³³ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

³⁴ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

³⁵ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

³⁶ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

Bæjarstæði, af því að bærinn á að hafa verið þar um alllangt skeið. Tóftirnar eru vallgrónar og rækt er þar í kraganum kringum þær.³⁷

Í kringum 190 m norð-austur af útihúsunum á Torfunesi um 35 m fyrir vestan þjóðveginn eru tóftir af bæjarstæði. Umfang tóftanna er um 16x17 m en nokkuð rót er fyrir vestan þær svo ef til vill hafa þær verið stærri í vestur. Hæð hleðsla eru um 0,3-0,6 m og breidd 1-1,6 m. Það virðast hafa verið þrjú hólf án greinilegs útgangs í tóftinni og svo tvö önnur hólf í norður með útgang í austur og vestur í norður hluta tóftanna. Það er þó víða erfitt að átta sig á umfangi og innri skipan tóftanna þar sem þær voru útflattar og veggir víða klofnar. Samkvæmt heimildarmanni þá var þetta kallað Traðargerði.³⁸



Mynd 9. Tóftir af býli, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3158-25

Hnit: A566535.2 N594200.6 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Nokkru norðar fellur Kofalækur gegnum Kofamó, sunnan við Kofaflögu.“³⁹ Kofalækur er um 70 m norður af tóft 3158-24. Ekki var hægt að sjá nein greinileg ummerki um um mótekju þar í votlendu svæði.

Fornleifanúmer: 3158-26

Hnit: A566473.7 N594241.6 ISN93

Hlutverk: Geitakofi

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Nokkru norðar fellur Kofalækur gegnum Kofamó, sunnan við Kofaflögu. Hjá henni er Kofavað á Rangá... Þá er Kofalág við Kofahól eða Kofahnútu. Þar á var Geitakofi...“⁴⁰ Í annari örnefnaskrá af Torfunesi segir: „Kofalækur er norðan við Bæjarstæði, og nálægt læknum er grasivaxin hæð, sem heitir Kofahnúta, og mun þar fyrir löngu hafa verið geitakofi.“⁴¹ Í kringum 290 m beint norður af núverandi útihúsum á Torfunesi um 108 m fyrir vestan þjóðveginn var hæð með tóftarleifum. Tóftirnar voru orðnar mjög útflattar og veggjaleifar mjög óljósar. Umfang tóftanna var um 15x6 m og virðast skiptast í tvö mannvirki, annars vegar í byggingu um 7x4 m fyrir norðan með útgang til vesturs á norður hlið. Hins vegar í suður í einhvers konar gerði um 7x5,5 m með minna hólfum um

³⁷ Örnefnaskrá Torfunes, Margeir Jónsson, skráði, bls. 2-3.

³⁸ Baldvin Kristinn Baldvinsson, munnleg heimild.

³⁹ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

⁴⁰ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

⁴¹ Örnefnaskrá Torfunes, Margeir Jónsson skráði, bls.3.

2,3x2,1 m í miðjunni. Mannvirkin virðast hafa verið mjög nærri hvor öðru en samt aðskilin en erfitt var að meta nánar innri skipan þar sem tóftirnar voru orðnar mjög ógreinilegar. Hæð hleðsla var um 0,1-0,5 m og breidd hleðsla 0,3-0,7 m.



Mynd 10. Tóftir af geitakofa, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3158-27

Hnit: A566668.8 N594199.9 ISN93

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Nokkru norðar fellur Kofalækur gegnum Kofamó, sunnan við Kofaflögu. Hjá henni er Kofavað á Rangá.”⁴² Í sömu örnefnaskrá segir einnig: „Syðrabæjarvað og Ytrabæjarvað á Rangá niður af bæ.”⁴³ Heimildarmaður taldi að Ytrabæjarvað og Kofavað væri sama vaðið ef svo væri ekki þá væru þau allavega mjög nærri hvor öðru.⁴⁴ Kofavað er þar sem Kofalækur rennur niður í Rangá.

Fornleifanúmer: 3158-28

Hnit: A566633.8 N594488.4 ISN93

Hlutverk: Landmerki

Tegund: Garðlag

Í örnefnaskrá Torfunes segir: „Að norðan Ófeigsstaðaland. Þar sér fyrir Merkigærði vestan Rangár. Þaðan merki um Merkimmel til fjalls.”⁴⁵ Á landamerkjum Torfunesi og Ófeigsstaða virðist vera merkijagarður í girðingarstæði fyrir vestan þjóðveginn. Garðurinn er um 34 m langur og hæð 0,2-0,5 og breidd 0,6-0,7. Fyrir neðan veg virðist líka vera leifar af af garðinum um 37 m langt. Það er nokkuð umfangsmeira frá 1,6 – 2,5 m á breidd og hæð 0,3-0,6 m, síðan tekur við uppmokstur úr skurði og ekki hægt að sjá hvort að garðurinn haldi áfram eða endi þar sem uppmoksturinn byrjar.

⁴² Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls. 2.

⁴³ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls.1.

⁴⁴ Baldvin Kristinn Baldvinsson, munnleg heimild.

⁴⁵ Örnefnaskrá Torfunes, Alfreð Ásmundsson skráði, bls.1.



Mynd 11. Landamerkjagarður milli Torfunes og Ófeigsstaða, mynd tekin í austur.

Ófeigsstaðir:

Fornleifanúmer: 3158-29

Hnit: A567032.3 N594800.2 ISN93

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Ófeigsstaða segir: „Sunnan við hann er Bæjarvað á Rangá. En norðan við Kílavað og þar rétt hjá er Brúarstæði.“⁴⁶ Samkvæmt heimildarmanni þá var Brúarstæði þar sem Norðausturvegur liggur núna um 1080 m vestur af einbreiðu brúnni sem liggur yfir Skjálfandafljót.⁴⁷

Þóroddsstaðir:

Fornleifanúmer: 3158-30

Hnit: A567724.3 N595870.8 ISN93

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóft

Í kringum 1,3 km austur af íbúðarhúsinu á Engihlíð fast suð-vestur við tún er heystæði. Þar er nokkuð áberandi vel gróinn hóll um 25x10 m sem er töluvert hærri en allt í nágrenninu. Í hólnum er hólf um 5,5x 4 m og um 0,15-0,3 m djúpt og virðist það frekar vera niðurgroftur heldur en eiginlegar veggjahleðslur í hólnum.

⁴⁶ Örnefnaskrá Ófeigsstaða, bls. 1.

⁴⁷ Baldvin Kristinn Baldvinsson, munnleg heimild.



Mynd 12. Heystæði, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3158-31

Hnit: A567633.2 N596079.9 ISN93

Hlutverk: Gerði

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Þóroddsstaða segir: „Syðst og austast í Fæti er Eyvindartjörn og Eyvindarflögur. Þar rétt hjá er Grandi og Brynkataættur.“⁴⁸ Í kringum 20 m suður af suð-vestur horni Eyvindartjarnar eru tóftir. Tóftirnar eru hringlaga og eru 10 m að þvermáli. Fast austan við þær virðast vera veggjarbútar. Einhverjar upphækkanir eru líka inn í þeim en óvíst hvort það hafi verið leifar af mannvirkjum eða náttúrulegt. Hæð tóftanna voru um 0,4-0,6 m og breidd um 1-1,5 m. Ekki var hægt að sjá neinn greinilegan útgang á tóftunum.



Mynd 13. Hringlaga tóftir, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3158-32

Hnit: A567888.0 N596574.2 ISN93

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Þóroddsstaða segir: „Staðarbakki heitir eyja í Skjálfandafhljóti...Þar suður-austur Stóratjörn. Vestur af henni Ferjubakki, en austur Hávaði. Þar á Tættur.“⁴⁹ Í kringum 30 m austur af Stórutjörn á Staðarbakka eru tóftir og fast sunnan við þær eru birkitré. Þær virðast

⁴⁸ Örnefnaskrá Þóroddsstaða, bls.4.

⁴⁹ Örnefnaskrá Þóroddsstaða, bls.4.

vera á nokkurs konar hól þar sem hæðin inn í tóftunum er um 1,4 m hærra en umhverfið í kring sem er allt mjög flatt. Umfang tóftanna er um 8x6 m, veggjahleðslur eru 0,5-0,7 m og breidd um 1-1,5 m. Enginn sjáanlegur útgangur var á tóft, líklega hefur þetta verið heystæði. Mikill gróður var í og við tóftir þá sérstaklega í norður og austur hlutanum.



Mynd 14. Tóftir í Staðarbakka, mynd er tekin í suður.

Húsabakki:

Fornleifanúmer: 3158-33

Hnit: A568541.2 N597852.7 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt heimildarmanni er gamla bæjarstæðið á túnakortinu á sama stað og núverandi íbúðarhús á Húsabakka.⁵⁰

Fornleifanúmer: 3158-34

Hnit: A568550.1 N597810.2 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Húsabakka segir: „, Randarhús, rétt suður af bænum, byggt af H.K., tekur rúmlega 50 fjár, dyr á austurvegg við suðurstafn, en nú hefur húsið verið lengt það í tíð I.I., að þær eru á miðjum vegg...“⁵¹ Samkvæmt heimildarmanni þá var Randarhús þar sem syðra íbúðarhúsið á Húsabakka stendur í dag á lóðinni Húsabakki lóð.⁵² Í örnefnasjá Landmælinga Íslands hefur Randarhús verið staðsett skammt norðan við syðra íbúðarhúsið á Húsabakka lóð í bílaplani.⁵³

Fornleifanúmer: 3158-35

Hnit: A568546.2 N597825.3 ISN93

Hlutverk: Hesthús og hlaða

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Húsabakka segir: „, Randarhús, rétt suður af bænum... norðan við húsið er hesthús yfir fjóra hesta, með stalli fyrir vesturvegg og hlöðu vestan við, tekur um 30 bagga.“⁵⁴ Þar er nú bílplan og engin ummerki um eldri mannvirki.

⁵⁰ Bergsteinn Helgi Helgason, munnleg heimild.

⁵¹ Örnefnaskrá Húsabakka, bls. 1.

⁵² Árni Garðar Helgason, munnleg heimild.

⁵³ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁵⁴ Örnefnaskrá Húsabakka, bls. 1.

Fornleifanúmer: 3158-36

Hnit: 568544.7 597837.8 ISN93

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Húsabakka segir: „, Randarhús, rétt suður af bænum... norðan við húsið er hesthús yfir fjóra hesta, með stalli fyrir vesturvegg og hlöðu vestan við, tekur um 30 bagga. Enn er hlaða norðan við, sem tekur um 30 hesta, allt með torfþaki.“⁵⁵ Þar er nú grasflöt og engin ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3158-37

Hnit: A568551.2 N597895.0 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu þá voru útihús um 35 m norður af núverandi íbúðarhúsi en þar er tún og engin ummerki á staðnum um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3158-38

Hnit: A568610.1 N597808.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá var útihús um 50 m austur af suðurhluta syðra íbúðarhússins á Húsabakka, engin ummerki eru þar á grasflöt.

Fornleifanúmer: 3158-39

Hnit: A568609.4 N597826.9 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá var útihús um 57 m austur af bílaplani milli íbúðarhúsanna á Húsabakka, engin ummerki um það á grasflöt.

Fornleifanúmer: 3158-40

Hnit: A568610.6 N597775.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá var útihús um 58 m suð-austur af syðra íbúðarhúsinu á Húsabakka engin ummerki eru um það í grasflöt rétt við þjóðveginn.

Rauðaskriða/Skriðusel:

Fornleifanúmer: 3158-41

Hnit: A568790.9 N597734.2 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalins segir að Skiðusel sé forn hjáleiga sem hafi verið í eyði yfir 40 ár.⁵⁶ Samkvæmt túnakorti þá var bæjarhús á Skriðuseli, búið var að staðsetja húsið á Skriðuseli í örnefnasjá Landmælinga Íslands⁵⁷ og var sú staðsetning staðfest af heimildarmanni.⁵⁸ Á loftmynd frá 1998 sjást byggingar á þessum stað en á loftmynd frá 2021 þá hafa þessar byggingar verið fjarlægðar og eftir stendur nokkurs konar súrheys turn. Ekki sáust nein merki um eldri byggingar en mikill gróður var á svæðinu og gróðurinn í kringum súrheysturninn var töluvert grænni en gróðurinn í nágrenninu.

⁵⁵ Örnefnaskrá Húsabakka, bls. 1.

⁵⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, bls.162.

⁵⁷ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁵⁸ Jón Árni Þórisson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3158-42
Hlutverk: Matjurtargarður
Tegund: Heimild

Hnit: A568789.5 N597717.9 ISN93

Samkvæmt túnakorti þá var kálgarður fast sunnan við bæjarhúsið. Á loftmynd frá 1998 sjást byggingar á þessum stað en á loftmynd frá 2021 þá hafa þessar byggingar verið fjarlægðar og eftir stendur nokkurs konar súrheys turn. Ekki sást nein merki um kálgarðin en mikill gróður var á svæðinu og gróðurinn í kringum súrheysturninn var töluvert grænni en gróðurinn í nágrenninu.

Fornleifanúmer: 3158-43
Hlutverk: Útihús
Tegund: Hleðsla

Hnit: A568777.1 N597707.3 ISN93

Á túnakorti var bygging skammt suð-austur af bæjarstæðinu. Á loftmyndinni frá 1998 sést bygging á þessum slóðum sem síðan var búið að fjarlægja á loftmynd frá 2021. Fast suður við bygginguna sem var á loftmyndinni fundust steinhlaðnar veggjahleðslur. Veggurinn var um 5,3 m á lengd og breidd um 0,5 m. Hæð hleðslanna var um 0,2-0,4 m. Ekki sást neinar aðrar leifar í nágrenninu en svæðið vestur af veggjahleðslunum var mjög slétt og gróðurinn töluvert grænni enn í nágrenninu. Annars var mikið gróður á svæðinu sem torveldaði leit á svæðinu.



Mynd 15. Veggjahleðslur umluktar miklum gróðri, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3158-44
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag

Hnit: A568709.1 N597917.2 ISN93

Í kringum Skriðusel voru leifar af túngarði og voru þær sýnilegar á loftmyndum. Heildarlengd þeirra hleðsla sem voru uppistandandi voru um 487 m. Hleðslur í norður og suður voru mjög heillegar. Stór hluti af austur hleðslunum voru einnig mjög heillegar en stór hluti af vestur hleðslum var ekki sýnilegur á staðnum né á loftmynd. Einnig voru hleðslu leifar fyrir norðan miðjan túngarð í austur-vestur og passar það nokkuð vel við teikninguna á túnakortinu. Garðlagið var frá 0,1-0,9 m á hæð og breidd um 0,7-1,1 m. Það var þó rofið á nokkrum stöðum eins og sést á mælingunum.



Mynd 16. Túngarður í kringum Skriðusel, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3158-45

Hnit: A568736.0 N597914.8 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Á túnakortinu var kálgarður í norð-austur horni túngarðsins sem samkvæmt teikningu var lengri austur-vestur en norður-suður. Á staðnum fundust ekki eiginlegar veggjahleðslur þar á staðnum en upphækkun var þar í horninu þar sem norður-suður hlutinn var töluvert lengri en austur-vestur. Í norður og austur hefur túngarðurinn verið veggjahleðslurnar en í suður og vestur hefur brekkan verið nokkurs konar náttúrleg girðing fyrir þennan garð. Umfang garðsins var um 9x3 m og er sú stærð töluvert nærri stærðinni á kálgarðinum á túnakortinu en hann snýr bara öfugt miðað við teikninguna þar. Hæð upphækkunarinnar í vestur og suður er um 0,6-1,2 m.



Mynd 17. Kálgarður í horni á túngarði, mynd er tekin í norð-austur.

Garður og Hjarðarból:

Fornleifanúmer: 3158-46

Hnit: A568723.3 N598624.6 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Í örnefnaskrá Rauðaskriðu segir: „ Húsabakkakíll ræður gegn Merkiklöpp svo bein stefna yfir svonefnt Hraunnefn austur í Merkjaklöppina, en hún er í brún, og stefnan upp í Núpsröðulinn. En uppi á Núpnum og hálsinum er Garðurinn mikli, er liggur suður heiðina, þar til kemur á merki móti Syðra-fjalli.“⁵⁹ Í örnefnaskrá Garðs segir: „ Merkiklöpp er neðst í Núpsbrekkunni, suðaustan við Nátthagann.“⁶⁰ Klöppin er um 6 m austan við þjóðveginn um 870 m norðan við bæjarstæðið á Skriðuseli. Klöppin er um 6 m á hæð og umfang hennar í kringum 24x8 m. Fyrir ofan Merkiklöpp virðist votta fyrir búti úr garðlagi um 5 m langt og svo annar bútur um 1 m langur, garðlagið er um 0,3-0,3-0,4 m á hæð og um 1,3-1,8 m á breidd síðan hverfur það í miklum trjágrjóðri í austri. Það er einnig hægt að sjá á loftmynd greinileg ummerki um stórt garðlag á núpnum í sömu stefnu um 184 m langt.



Mynd 18. Merkiklöpp, landamerki Garðs og Rauðuskriðu, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3158-47

Hnit: A568686.7 N598635.0 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Fyrir vestan veginn er svo steinhlaðið garðlag sem byrjar í sömu stefnu og garðlag nr. 3158-46 en liggur það svo allt í hlykkjum í austur þar sem notast hefur verið við náttúrulegar afmarkanir við gerð þess í hrauninu s.s. kletta, gjótur og önnur kennileiti í náttúrunni. Hæð steinhlaðna garðsins var um 0,2-0,8 m og breidd um 0,3-0,4 m. Erfitt var að reyna að fylgja garðlaginu þar sem hraunið er erfitt yfirferðar og skógarkjarr er búið að breiða úr sér yfir það. Kortlagt var um 84 m af garðinum að hluta til með vettvangsathugun og hluta til með loftmynd. Samkvæmt heimildarmanni taldi hann að þessi garður hafi tengst garðinum fyrir ofan en hafi stefna hans ekki verið eins afgerandi vegna þess hve landslagið í hrauninu er hrjóstugt og erfitt að byggja garðlag nema að fylgja landslaginu á staðnum.⁶¹

⁵⁹ Örnefnaskrá Rauðuskriðu, bls. 2.

⁶⁰ Örnefnaskrá Garðs, bls. 6.

⁶¹ Sigurður Hálfánarson, munnleg heimild.



Mynd 19. Grjóthlaðinn garður vestur af Merkjaklöpp, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3158-48

Hnit: A568792.2 N599155.0 ISN93

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Garðlag

Í örnefnaskrá Garðs segir: „Nátthagi er afgirt stykki vestan við Núp, nær vestur að Húsabakkakíl.“⁶² Í kringum 1,3 km norður af Húsabakka í hrauninu var steinhlaðinn garður sem byrjaði skammt vestan við þjóðveginn og var hann víða klofinn en steinhleðslur voru um 504 m langar. Garðurinn var um 0,2-1,1 m á hæð og breidd 0,3-0,4 m. Garðurinn fylgdi hrjóstugu landslaginu, voru náttúrleg kennileiti í landslaginu notuð við gerð hans s.s. gjótur, klettur og aðrar náttúrumyndanir, þar af leiðandi sáust engar hleðslur af hluta af garðinum. Var garðurinn kortlagður að hluta með vettvangsathugun og hluta af loftmynd. Eins og garður nr. 3158-47 þá var mjög erfitt að ganga um svæðið vegna þess hve hraunið er hrjóstugt og mikill trjágróður á staðnum. Á loftmynd sjást fleiri grjóthleðslur á svæðinu en enginn þeirra þó innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis vegagerðarinnar. Þar sem trjágróður hefur lagst yfir allt svæðið þá er ekki hægt að útiloka að einhverjar hleðslur séu þó innan þess svæðis.

⁶² Örnefnaskrá Garðs, bls. 6.



Mynd 20. Náthagi, grjóthlaðinn garður í hrauninu, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3158-49

Hnit: A568886.9 N599364.5 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Garðs segir: „Brenniselsvegur er götur frá Núpavöllum niður eða vestur fyrir hraun.“⁶³ Búið er að afmarka veginn í örnefnasjá Landmælinga vestan við þjóðveginn og í vestur.⁶⁴ Ekki var þó hægt að sjá nein greinileg ummerki um veg á svæðinu.

Fornleifanúmer: 3158-50

Hnit: A569155.3 N599394.3 ISN93

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Garðs segir: „Húsamór er sunnan við Núpavelli. En Núpavellir er fornt eyðibýli sunnan við Núpsveg. Þar hafa um langt skeið verið beitarhús frá Garði og staðurinn því í daglegu tali nefndur Beitarhús. Húsaflötur er autan við Núpavelli, milli Nafarhrauns og Núpsvegar.“⁶⁵ Tóftirnar á Núpavelli eru greinilegar um 56 m sunnan við þjóðveginn þegar beygjunni líkur af veginum fyrir norðan Núpinn. Umfang tóftarinnar er um 28x19 m og skiptist hún í fimm hólf. Útgangar virðast vera í tveir í vestur og einn í austur. Hæð veggja er 0,2—1,9 m og breidd 1,4-1,7 m. Veggirnir voru lægstir í vestur en þar voru leifar af gaddavír, grjóthleðslur voru í veggjum með torfi ofan á. Samkvæmt heimildarmanni þá var þetta 180 kinda fjánhús með hlöðu.⁶⁶

⁶³ Örnefnaskrá Garðs, bls. 6.

⁶⁴ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁶⁵ Örnefnaskrá Garðs, bls. 4.

⁶⁶ Sigurður Hálfðánarson, munnleg heimild.



Mynd 21. Tóftir af fjárhúsum, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3158-51

Hnit: A569183.8 N599416.6 ISN93

Hlutverk: Hrútakofi

Tegund: Tóft

Skammt frá tóft nr. 3158-50 um 20 m norð-austur var önnur minni tóft sem samkvæmt heimildarmanni var þetta hrútakofi sem var ennþá uppistandandi á hans yngri árum.⁶⁷ Tóftin er um 5,5x4,5 m og er með útgang til suðurs. Hæð veggja var um 0,4-1,5 lægst í suður og breidd veggja um 0,9-1 m. Mikið var af timbur og gaddavírsleifum í tóftinni.



Mynd 22. Tóftir af hrútakofa, mynd er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3158-52

Hnit: A569637.0 N599539.1 ISN93

Hlutverk: Áveitugarður

Tegund: Tóft

Í kringum 300 m austur af tóft nr. 3158-50 eru tóftir af miklu garðlagi. Samkvæmt heimildarmanni þá er þetta líklega hluti af áveitugarði.⁶⁸ Stærsti hlutinn af garðlaginu er

⁶⁷ Sigurður Hálfánarson, munnleg heimild.

⁶⁸ Sigurður Hálfánarson, munnleg heimild.

norðan við þjóðveginn, og liggur í nokkurs konar hálfhring þar síðan sjást leifar af því fyrir sunnan þjóðveginn og einnig fyrir austan tún á staðnum. Garðlagið er um 960 m að lengd þar sem það er sýnilegt og breidd um 2,8-3 m og hæð 0,3-0,7 m.



Mynd 23. Áveitugarður, mynd er tekin í suð-vestur.

Fornleifanúmer: 3158-53

Hnit: A569715.0 N599484.2 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands þá liggur Hellnaselsgata skammt austan við áveitugarðinn nr. 3158-52 og liggur í norð-vestur.⁶⁹ Ekki sáust nein greinileg ummerki um götuna á staðnum.

Fornleifanúmer: 3158-54

Hnit: A570036.9 N599516.7 ISN93

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Garðs segir: „Stekkur er gamall stekkur sunnan undir Stekkjarborg. Borgin var notuð fyrir lambakró. Stekkjarborg er holur klettur í sunnanverðu Stekkjarhrauni.“⁷⁰ Búið er að afmarka staðsetningu stekksins í örnefnasjá Landmælinga Íslands.⁷¹ Samkvæmt því þá var hann í kringum 13 m austan við þjóðveginn um 1190 m vestur af beygjuni inn á Aðaldalsveg (845). Heimildarmaður hélt því fram að hann þurfti að víkja vegna vegagerðar.⁷² Engar leifar eru á staðnum.

Fornleifanúmer: 3158-55

Hnit: A570108.0 N599500.8 ISN93

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Hleðsla

Í kringum 33 m fyrir sunnan þjóðveg um 1180 m vestan við Aðaldalsveg inn á túni var hraunklettur. Í vestur enda hans var u laga hleðsla um 0,5-0,8 m á hæð og breidd um 0,4-0,6 m. Tveir skútar voru svo í miðju og austur enda klettsins með útganga til suðurs. Samkvæmt heimildarmanni þá hjuggu þeir í klettinn og bjuggu til fjárborg í miðjan klettinn. Suður

⁶⁹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁷⁰ Örnefnaskrá Garðs, bls. 5.

⁷¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁷² Sigurður Hálfánarson, munnleg heimild.

skútinn var hins vegar til þá. Umfang klettsins er um 15x6 m og er hefur þó nokkur fjárgetað rúmast þarna sérstaklega í miðju hólfinu.



Mynd 24. Fjárborg, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3158-56

Hnit: A570135.7 N599665.7 ISN93

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Hleðsla

Í kringum 120 m norðan við þjóðveginn um 1 km vestan við Aðaldalsveg er fjárborg kölluð Hólaborg samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands.⁷³ Borgin er um 6x5 m og samanstendur af hraunklettum sem standa á móti hvor öðrum í norður og suður og steinhleðslum á milli þeirra í austur og vestur. Hæð hleðsla var um 0,1-0,3 m og breidd 0,3-0,4 m hraunveggirnir voru svo um 1,3-1,6 m á hæð.



Mynd 25. Fjárborgin Hólaborg, mynd er tekin í suð-vestur.

⁷³ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

Fornleifanúmer: 3158-57

Hnit: A570205.5 N599671.3 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Náttúruminjar

Í íslenskum fornbréfum segir: „...gautu af vordu holi sionhending vpp j uitnis klett þar er Reistur vpp steinn vestan under klettinvm oc borit under griot ath ei skuli siga j landnordr a þeim hinum meira klett er lagdr einn seinn litill er sionhending þadan austur j engiklett...“⁷⁴ Vitnisklettur hefur verið merktur í örnefnasjá og er hann um um 120 m norðan við Þjóðveg og um 980 m vestan við Aðaldalsveg. Umfang vitniskletts er um 8,7X5 m og hæð hans um 3,5 m þar sem hann var hæstur.



Mynd 26. Vitnisklettur landamerki, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3158-58

Hnit: A570685.5 N599628.1 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands var stígur kallaður Grenisstígur sem lá fyrir norðan Þjóðveginn um 500 m norðan við Aðaldalsveg og lá norður. Ekki sáust ummerki á staðnum um stíginn.

Fornleifanúmer: 3158-59

A570694.2 N599778.0 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 65 m fyrir norðan Þjóðveg um beint fyrir norðan Vatnslaut sem sjá má á örnefnasjá Landmælinga Íslands⁷⁵ er garðlag. Garðurinn er í fyrstu torf garður um 147 m langur og hæð torfhleðsla 0,3-0,5 m á hæð og breidd um 0,6-0,9 m síðan tekur við steinhlaðinn garður um 1549 m á lengd og liggur norð-vestur, rof er í garðinum á tveimur stöðum. Hæð steinhleðsla er um 0,2-0,9 m og breidd 0,4-0,5 m. Samkvæmt heimildarmanni var torf hlutinn af garðinum undirhleðsla fyrir gaddavírsgirðingu sem hann var búinn að rífa niður. Afi heimildarmanns tók þátt í að hlaða garðlagið þegar hann var um 18 ára og hann var fæddur 1909 svo garðlagið er því hlaðið í kringum 1927.⁷⁶

⁷⁴ Íslenskt Fornbréfasafn, bls. 3.

⁷⁵ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁷⁶ Sigurður Hálfánarson, munnleg heimild.



Mynd 27. Grjóthlaðið garðlag, mynd er tekin í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 3158-60

Hnit: A570829.8 N600290.6 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands var vegur kallaður Bjarnavegur sem lá fyrir vestan þjóðveginn um 720 m norðan við beygjuna þar sem Norðausturvegur beygir til norðurs norðan við Garð og Hjarðarból.⁷⁷ Vegurinn sést fyrst um 45 vestan við Norðaustanveg og er mjög sýnilegur, hann liggur svo í norð-vestur um 897 m áður en hann sameinast öðrum vegi þar. Vegurinn er um 2 m breiður og greinileg hjólför í veginum 0,1-0,2 m á dýpt. Samkvæmt heimildarmanni þá er þetta gamall vegarslóði sem lá að Hellnaseli.⁷⁸



Mynd 28. Bjarnavegur, mynd er tekin í suð-vestur.

⁷⁷ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁷⁸ Sigurður Hálfðánarson, munnleg heimild.

Tjörn:

Fornleifanúmer: 3158-61

Hnit: A570964.0 N600276.1 ISN93


Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 30 m fyrir austan Norðausturveg um 560 m norður af gatnamótunum milli Norðausturvegar og Aðaldalsvegar er steinhlaðið garðlag sem liggur norður-suður. Hæð garðlagsins er um 0,2-1 m og breidd 0,2-0,6 m. Garðlagið er um 971 m á lengd og er rofið á allavega þremur stöðum. Í fyrstu liggur það norður en beygir svo norð-austur þangað til það sameinast öðru steinhlöðnu garðlagi.



Mynd 29. Steinhlaðið garðlag, mynd er tekin í norð-austur.



- Veglína og 150 m svæði út frá henni
- - - Fornleifar
- - - Heimildir um fornleifar af túnakorti
- Heimildir um fornleifar

Nafn	HÁLS-TJÖRN	Dags.	29.11.2023 hj
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv.	1:25000 í A3

Skýringar:
 Fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæði Vegagerðarinnar vegna breytingu á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandafjót.

BÚGARÐUR
 RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI
 Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr. e538/e548/ gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2021

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði vegagerðarinnar vegna breytingu á veglínu á Norðausturvegi um Skjálfandafljóti í Kinn nær frá Hálsi til Tjarnar í Þingeyjarsveit. Krafa var frá vegagerðinni að skrá allar þær minjar sem væru í 150 m í hvora átt frá veglínunni. Þar af leiðandi voru fleiri minjar skráðar en annars hefði orðið og margar þeirra eru á stöðum sem ættu aldrei að vera í neinni hættu vegna fyrirhugaðara framkvæmda. Í skráningunni var skráður 61 minjastaður og þar af voru 32 aðeins til sem heimildir þ.e.a.s. ekki sýnilegir lengur á staðnum. Það er þó ágætt að hafa í huga að þegar minjastadir eru skráðir sem heimildir þá er það í flestum tilvikum eftir lýsingum heimildarmanna, skriflegum heimildum eða gömlum uppdráttum og í sumum tilvikum loftmyndum. Því geta staðsetningar í fornleifaskráningunni stundum verið nokkuð frá því þar sem minjastadirnir voru raunverulega staðsettir.

Þegar skoðaðir eru þeir minjastadir sem eru sýnilegir og eru á þeim stöðum þar sem breytingar verða á veglínunni og gætu því lent í eða innan 15 m friðhelgismarka minjanna, þá er á Þóroddsstöðum heystæðið nr. 3158-30, Rauðuskriðu (Skríðuseli) túngarðurinn nr. 3158-44 í kringum 20 m frá miðlínu vegar. Í Garði og Hjarðarbóli liggur svo fyrirhugað vegarstæði í gegnum garðlag nr. 3158-59 og Bjarnarveg nr. 3158-60. Erfitt er að komast hjá því nema að halda sig við núverandi vegstæði. Garðlagið nær þó líklega ekki þeim 100 árum eins og skilgreiningin um fornleifar miðast við en Bjarnarvegur er líklega eitthvað eldri þrátt fyrir að dag sjáist aðeins vegaralóði með dekkjarföllum. Á öðrum stöðum eru minjarnar ekki sýnilegar lengur vegna framkvæmda, eru töluvert frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða eru þegar nærri núverandi vegarstæði.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 8 desember 2023
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal. Svæðisskráning. (2001). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 19.11.2022

Íslensk fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. Annað bindi 1253-1350. (1893). Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.

Heimildarmenn:

Árni Garðar Helgason, 1966, Húsabakki, Þingeyjarsveit.

Baldvin Kristinn Baldvinsson, 1950, Torfunes, Þingeyjarsveit.

Bergsteinn Helgi Helgason, 1962, Húsabakki, Þingeyjarsveit.

Guðríður Baldvinsdóttir, 1971, Lón 2, Kópasker.

Jón Árni Þórisson, 1950, Valhúsabraut 7, 170 Seltjarnarnesi.

Marteinn Gunnarsson, 1963, Háls, Þingeyjarsveit.

Sigurður Hálfðánarson, 1963, Hjarðarból, Þingeyjarsveit.

Túnakort:

Húsabakki í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Teiknari Kristján Jónsson, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919, Akureyri.

Skriðusel í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Baldvin Friðlaugsson. Hveravöllum.. Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919, Akureyri.

Torfunes í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Teiknari Pétur Jónsson, Reykjahlíð. Prentsmiðja Odds Björnssonar, 1919, Akureyri.

Örnefnaskrár:

Garður. Aðaldælahreppi. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Háls. Ljósavatnshreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Alfreð Ásmundsson Hlíð skráði. Samlesið G.S.M – S.J. Örnefnastofnun.

Húsabakki. Ketill Indriðason Fjalli skráði. Frásögn Karls Ingólfssonar um 1935-1940. Örnefnastofnun.

Rauðaskriða. Aðaldælahreppi. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

Torfunes. Ljósavatnshreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Alfreð Ásmundsson Hlíð skráði. Samlesið G.S.M – S.J. Örnefnastofnun.

Torfunes. Ljósavatnshreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Margeir Jónsson skráði. Samlesið G.S.M – S.J. Örnefnastofnun.

Þóroddsstaður. Ljósavatnshreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Alfreð Ásmundsson Hlíð skráði. Samlesið G.S.M – S.J. Örnefnastofnun.



Votlendismælingar og útreikningar								
Upphafsstöð	Endastöð	Vegalengd m	Heildarstærð votlendis m ²	Vistgerð	Forgangsvistgerð	Stærð svæðis sem fer undir veg m ²	Margfeldisstuðull fyrir áhrifasvæði	Stærð svæðis sem verður fyrir áhrifum m ²
Column1	Column2	Column3	Column4	Column5	Column6	Column7	Column8	Column9
1220	1330	110	10.437	Starungsmýrarvist	x	1.658	75	10.437
1510	1600	90	14.455	Starungsmýrarvist	x	1.832	75	14.455
1630	1650	20	7.024	Starungsmýrarvist	x	109	75	7.024
1650	1760	110	4.986	Starungsmýrarvist	x	2.302	75	4.986
1760	1780	20	5.810	Starungsmýravist	x	171	75	5.810
1780	1810	30	1.656	Starungsmýravist	x	709	75	1.656
1810	1940	130	11.367	Starungsmýravist	x	2.769	75	11.367
1980	2040	60	5.728	Starungsmýravist	x	976	75	5.728
2070	2080	10	6.020	Starungsmýravist	x	161	75	6.020
2110	2200	90	15.049	Starungsmýrarvist	x	2.148	75	15.049
2210	2290	80	6.368	Starungsmýrarvist	x	1.643	75	6.368
2290	2320	30	4.741	Starungsmýrarvist	x	482	75	4.741
2350	2370	20	5.320	Starungsmýrarvist	x	475	75	5.320
2420	2470	50	7.935	Starungsmýrarvist	x	712	75	7.935
2480	2550	70	3.254	Starungsmýrarvist	x	1.107	75	3.254
2620	2640	20	783	Tjarnarstararflóavist	nei	35	75	783
2780	2870	90	1.108	Tjarnarstararflóavist	nei	734	75	1.108
5240	5250	10	1.125	Tjarnarstararflóavist	nei	19	75	1.125
5420	5490	70	13.175	Tjarnarstararflóavist	nei	991	75	13.175
5490	5530	40	1.663	Starungsmýrarvist	x	760	75	1.663
5530	5600	70	13.175	Tjarnarstararflóavist	nei	869	75	13.175
5810	5900	90	2.993	Starungsmýrarvist	x	143	75	2.993
5920	5970	50	2.543	Tjarnarstararflóavist	nei	204	75	2.543
6100	6200	100	1.266	Starungsmýrarvist	x	309	75	1.266
6160	6200	40	1.628	Tjarnarstararflóavist	nei	108	75	1.628
Samtals		1.500				21.426		149.609



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 12. janúar 2006

Tilvísun: UST20051000025/mik

TILKYNNING

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt votlendis

Leiðbeiningarnar eru unnar í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis

Umhverfisstofnun hefur í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis og Vegagerðina unnið að leiðbeiningum um mat á röskun votlendis vegna framkvæmda og mat á endurheimt votlendis. Leiðbeiningarnar eru viðmiðunarreglur um annars vegar framangreint mat á röskun og endurheimt og hins vegar almennar viðmiðunarreglur um til hvers skuli líta þegar votlendi er endurheimt vegna tiltekinnar framkvæmda. Það sem er skoðað er m.a. flatarmál endurheimts votlendis, gerð votlendisins, hvar það er endurheimt, inneign endurheimts votlendis og hvaða votlendisgerðir þarf að meta sérstaklega o.s.frv.

Mikilvægt er að í viðmiðunarreglunum kemur fram að möguleikinn á að endurheimta votlendi á ekki að stuðla að röskun náttúrulegs votlendis heldur er einungis mótvægisáðgerð ef ekki er hægt að komast hjá því að votlendi sé raskað.

Vegagerðin hefur samþykkt viðmiðunarreglurnar fyrir sitt leyti og verða þær því notaðar sem verklagsreglur ef framkvæmdir á hennar vegum kalla á endurheimt votlendis.

Umhverfisstofnun er full ljóst að það getur verið mjög erfitt að meta endurheimt votlendis og röskun fyrir fjölda votlendisgerða t.d. votlendis við strendur landsins svo sem leira. Það mun því alltaf þurfa að meta ákveðnar votlendisgerðir sérstaklega ef þær falla ekki innan þess sem kemur fram í leiðbeiningunum.

Viðmiðunarreglurnar munu verða endurbættar ef reynslan sýnir að þörf er á því.

Virðingarfyllt


Trausti Baldursson

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun/endurheimt votlendis vegna vegaf framkvæmda og annarra framkvæmda sem við geta átt

Leiðbeiningarnar eru unnar í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis

Bakgrunnur:

Til grundvallar við gerð eftirfarandi leiðbeininga var notast við niðurstöður rannsókna Hlyns Óskarssonar á Rannsóknastofnun landbúnaðarins (nú LBHÍ), á röskun votlendis út frá vegaf framkvæmdum, sem unnar hafa verið fyrir Vegagerðina. Rannsóknirnar tóku til nokkurra mismunandi votlendissvæða á Norður- og Vesturlandi og niðurstöður sýna að áhrif framkvæmda eru einkum háð votlendisgerð annarsvegar og legu vegstæðis hins vegar. Þá taka leiðbeiningar þessar einnig mið af þekkingu um mismunandi eiginleika og svörun votlendisgerða.

Sumarið 2002 voru misítarlegar útgáfur matsleiðbeininga reyndar á tveimur svæðum (Þverárfjallsleið og Hárekstaðaleið). Ítarlegri útgáfan fólst í því að reikna út stærð raskaðs svæðis fyrir hvert og eitt votlendissvæði fyrir sig. Var þá stærð þess sérstaklega metin og umfang rasks áætlað með hliðsjón af fyrrgreindum rannsóknum. Einfaldari útgáfan byggðist á því að notast við heildarlengd vegar um hvert svæði og margfalda með meðaltalsstuðlum sem byggðir eru á fyrrgreindum rannsóknum. Þar sem báðar útgáfurnar gáfu svipaða niðurstöður var ákveðið að mæla með einfaldari útgáfunni þar sem hún reyndist verulega vinnusparandi. Leiðbeiningarnar eru því settar fram í þessu einfaldara formi til að auðvelda alla notkun á þeim.

Almennt um notkun leiðbeininganna:

Leiðbeiningar hér að neðan eru fyrst og fremst miðaðar við röskun á votlendi vegna vegagerðar. Leiðbeiningarnar má þó nota til viðmiðunar við aðrar framkvæmdir eftir því sem við á.

Oftast er það framkvæmdaraðili sem sér um að láta meta röskun á votlendi. Til dæmis í þeim tilvikum sem endurheimt votlendis hefur verið sett sem skilyrði sem mótvægisáðgerð í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

Til að **meta** endurheimt votlendis má nota þessar leiðbeiningar á sama hátt en í gagnstæða átt ef t.d. um er að ræða að endurheimta votlendi með því að fylla upp í skurði eða loka skurðum í hallamýrum eða flóum. Ef endurheimtin er ekki aðeins bundin við svæði meðfram skurði heldur einnig svæði innan skurða sem lokað er þarf að meta endurheimt hverju sinni miðað við aðstæður. Ef um er að ræða að endurheimta flæðimýrar, sjávarfitjar, eða leirur þarf að meta endurheimt votlendis hverju sinni miðað við aðstæður, sjá lið C.

Leiðbeiningar / reglur um endurheimt votlendis:

Við framkvæmd eftirfarandi reglna skal taka m.a. mið af lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og af alþjóðasamningum sem varða líffræðilega fjölbreytni og verndun votlendis s.s. Ramsarsamningnum.

Umhverfisstofnun telur að við endurheimt votlendis verði að líta til eftirfarandi þátta:

1. að aldrei sé endurheimt minna flatarmál af votlendi en raskað var
2. að leitast sé við að endurheimta svipaða votlendisgerð og tapast sé þess kostur
3. að endurheimt votlendis vegna framkvæmda sé í sama landshluta og framkvæmdin á sér stað, en þó sé litið á hverja framkvæmd fyrir sig, sjá til dæmis svæðaskiptingu Vegagerðarinnar til viðmiðunar
4. að framkvæmdaraðili geti endurheimt meira votlendi en hann hefur verið skildaður til og þannig átt inneign af endurheimtu votlendi, sjá þó lið 2 og 3
5. að „inneign“ framkvæmdaraðila af endurheimtu votlendi verði ekki hvatning til þess að náttúrulegu votlendi sé spillt í næstu framkvæmd
6. að endurheimt votlendis vegna framkvæmda skuli að jafnaði hefjast samtímis framkvæmdum, en þó ekki seinna en innan þriggja ára frá því að þær hófust, skoða skal sérstaklega stærri verkefni m.t.t. inneignar
7. að framkvæmdaraðili haldi skrá yfir votlendi sem raskað var eða endurheimt á hans vegum
8. að endurheimt votlendis sem mótvægisgerð vegna tiltekinnar framkvæmdar sé staðfest af viðkomandi stjórnvaldi
9. að ef ekki næst samkomulag um endurheimt votlendis vegna framkvæmda skal þriggja manna nefnd úrskurða í málinu. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá framkvæmdaraðila einum fulltrúa frá Umhverfisstofnun og einum óháðum aðila með sérþekkingu á sviði „votlendismála“ og bæði framkvæmdaraðili og Umhverfisstofnun samþykkja.

Leiðbeiningar um mat á votlendi sem raskast

- A. Votlendisblettir sem eru 5 ha eða minni teljast allir raskaðir ef vegir eru lagðir um þá. Endurheimt svæði skal því vera ígildi þeirra að flatarmáli. Ef vegaframkvæmd er í jaðri votlendissvæðis skal meta það sérstaklega.

Um stærri votlendi gildir eftirfarandi:

- B. Heildarlengd vegar um viðkomandi votlendi er grunneining matsins (*dæmi: Við aðstæður þar sem 300 metra langur vegkaflí liggur um votlendi er talan 300 notuð sem margfeldistuðull í eftirfarandi reiknireglum*).

B.1 Vegur sker hallamýri (talsverð hreyfing á vatni undan halla, meginrask verður neðan vegar):

- Vegur sker ofan miðju votlendis: raskað svæði er 150 m breitt => heildarlengd vegar er margfölduð með 150 m. (dæmi: 300 m langur vegkaflí liggur efst í hallamýri → $300\text{ m} \times 150\text{ m} = 45.000\text{ m}^2 = 4,5\text{ hektarar}$).
- Vegur sker neðan miðju votlendis: raskað svæði er 75 m breitt => = heildarlengd vegar er margfölduð með 75 m. (dæmi: 300 m langur vegkaflí liggur neðarlega í hallamýri → $300\text{ m} \times 75\text{ m} = 22.500\text{ m}^2 = 2,25\text{ hektarar}$).

B.2 Vegur liggur um flóamýri / dalabotnamýri (svæði þar sem lítil hreyfing er á vatni):

- Raskað svæði er 75 m breitt. Heildarlengd vegar um votlendið er margfölduð með 75 m. (dæmi: 300 m langur vegkaflí liggur um flóamýri → $300\text{ m} \times 75\text{ m} = 22.5000\text{ m}^2 = 2,25\text{ hektarar}$).

C. Vegur liggur um flæðimýri / sjávarfitjar / leirur (svæði þar sem flóða gætir reglulega):

- Stærð raskaðs svæðis er metið hverju sinni eftir aðstæðum. Meginreglan er sú að allt það svæði sem verður fyrir breytingum á vatnafari telst raskað, þ.e. ef, sökum framkvæmda, tekur fyrir reglulega aðkomu vatns á svæðið (t.d. vorflóð, sjávarföll) telst svæðið raskað.

Dæmi til frekari útskýringar:

Við gefna framkvæmd liggur væntanlegur vegur um fjögur votlendissvæði. Vegurinn vindur sig upp hlið þar sem 600 m langur kaflí liggur efst í hallamýri og annar 400 m kaflí liggur ofarlega í hallamýri. Vegurinn liggur síðan yfir heiði þar sem 1200 m langur kaflí liggur um flóamýri. Niður af heiðinni liggur síðan vegurinn um hallamýri þar sem um 700 m langur kaflí sker mýrina neðarlega.

Í þessu dæmi væri raskið samkvæmt reglunum metið sem eftirfarandi:

$$\begin{aligned} 600\text{ m} \times 150\text{ m} &= 9,0\text{ hektarar} \\ 400\text{ m} \times 150\text{ m} &= 6,0\text{ hektarar} \\ 1200\text{ m} \times 75\text{ m} &= 9,0\text{ hektarar} \\ 700\text{ m} \times 75\text{ m} &= 5,3\text{ hektarar} \end{aligned}$$

$$\text{ALLS} = 29,3\text{ hektarar}$$

NORÐAUSTURVEGUR Í ÞINGEYJARSVEIT

1:25.000

Verndargildi landvistgerða

YFIRLITSKORT



Tilvísun: Úttekt á gróðurfari, skriðhættu og jarðminjum vegna fyrirhugaðrar færslu Norðausturvegar í Þingeyjarsveit
Pawel Wasowicz, Skafti Brynjólfsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Aníta Ósk Áskelsdóttir
Unnið fyrir Vegagerðina
NÍ-2300x Garðabær, nóvember 2023

Kortið er unnið á Náttúrufræðistofnun Íslands
Kortvörpun: Lamberts keiluvörpun
Hnattstaða: ISNET 93
Gagnagrunnvinnsla: Hans H. Hansen
Útlit og frágangur: Anette Theresia Meier
Stærð kortblaðs er A3 (297 x 420 mm)

SKÝRINGAR

Verndargildi	
0	
3	
5	
6	
7	
9	
13	
15	
18	
21	
22	
23	
25	
29	
32	
	Afmörkun athugunarsvæðis
	Nýjar veglínur
	Núverandi veglínur
	Stofnvegur
	Annar vegur
	Á, lækur
	Stöðuvatn, tjörn

